99	22. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, og á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum .....	267-270
163	22. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, með síðari breytingum .....	462-467
164	21. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, og lögum nr. 2/1995, um hlutafélög .....	467-468
<b>Verðlagsmál, sjá Samkeppnismál.</b>			
<b>Verslun.</b>			
46	16. maí	Lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga .....	97-102
50	16. maí	Lög um lausafjárkaup .....	107-128
85	23. maí	Lög um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu .	231-232

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Vextir.</b>			
22	14. apríl	Lög um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum .....	32
<b>Vopn.</b>			
17	14. apríl	Lög um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra	26-28
<b>Vörumerki.</b>			
13	14. apríl	Lög um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum .....	18-19
<b>Þjóðlendir.</b>			
65	22. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 58/1998, um þjóðlendir og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta .....	167-169
<b>Þjónustukaup.</b>			
42	16. maí	Lög um þjónustukaup .....	80-87
<b>Ökutæki.</b>			
8	6. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum .....	7-8
37	5. maí	Lög um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum .....	74-76
38	5. maí	Lög um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum .....	77
64	20. maí	Lög um bílaleigur .....	165-167
104	22. maí	Lög um breyting á lögum um álagningu gjalda á vörur .....	275-281
<b>Öryggismál.</b>			
17	14. apríl	Lög um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra	26-28
40	16. maí	Lög um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994	79
68	20. maí	Lög um rannsókn sjóslysa .....	171-174
69	20. maí	Lög um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum .....	174-176
71	20. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum .....	177
73	20. maí	Lög um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum .....	178
75	23. maí	Lög um brunavarnir .....	181-191

# Skrá

## um útgáfudaga A-deildar 2000.

A 1,	nr. 1-3 .....	25. janúar
A 2,	nr. 4-8 .....	7. apríl
A 3,	nr. 9-10 .....	17. apríl
A 4,	nr. 11-23 .....	28. apríl
A 5,	nr. 24-30 .....	19. maí
A 6,	nr. 31-70 .....	26. maí
A 7,	nr. 71-89 .....	2. júní
A 8,	nr. 90-111 .....	6. júní
A 9,	nr. 112-114 .....	27. júní
A 10,	nr. 115-116 .....	30. júní
A 11,	nr. 117 .....	4. júlí
A 12,	nr. 118-120 .....	17. júlí
A 13,	nr. 121-123 .....	25. júlí
A 14,	nr. 124-130 .....	11. september
A 15,	nr. 131-144 .....	30. nóvember
A 16,	nr. 145-178 .....	29. desember
A 17,	nr. 179-182 .....	11. janúar 2001

**Endurprentuð blöð:** 11, 22, 23, 106, 235, 451.

### Leiðréttingar:

Bls. 273, nr. 102, í haus: 22. maí 200 Les: 22. maí 2000

Bls. 443, nr. 148, 5. gr., 4. lína: próf-raunar ... Les: prófraunar ...

Bls. 444, nr. 149, 7. gr., 1. lína: Samsköttun félaga Les: **Samsköttun félaga**

Bls. 462, nr. 163, 2. gr., b-liður, 1. lína: Almennt útboð Les: *Almennt útboð*

Bls. 468, nr. 164, 2. gr., b-liður, 2. lína: Verðréfafyrirtæki er heimilt ... Les: Verðbréfafyrirtæki er heimilt ...

Bls. 468, nr. 164, 2. gr., b-liður, 11. lína: ... heimildar til að skrá verbréf ... Les: ... heimildar til að skrá verðbréf ...





# STJÓRNARTÍÐINDI A 1 – 2000

10. janúar 2000

1

Nr. 1

## AUGLÝSING

### **um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 10. janúar 2000.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

17. janúar 2000

Nr. 2

## AUGLÝSING

### **um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 17. janúar 2000.*

**Davíð Oddsson.**

*Kristján Andri Stefánsson.*

# FORSETABRÉF

**um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 1. febrúar 2000 kl. 13.30.

*Gjört á Bessastöðum, 24. janúar 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Davíð Oddsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 2000

24. febrúar 2000

3

Nr. 4

## LÖG

### um breytingu á starfsheiti landslagshönnuða.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### **Breyting á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. 5. tölul. orðast svo: húsgagna- og innanhússarkitekta.
- b. 7. tölul. orðast svo: landslagsarkitekta (landslagshönnuða) og.

#### **Breyting á lögum nr. 73/1997, skipulags- og byggingarlögum.**

2. gr.

Í stað orðanna „innanhússhönnuðir eða landslagshönnuðir“ í 2. mgr. 48. gr. laganna kemur: innanhússarkitektar eða landslagsarkitektar (landslagshönnuðir).

3. gr.

Í stað orðanna „Innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir“ í 4. mgr. 49. gr. laganna kemur: Innanhússarkitektar og landslagsarkitektar (landslagshönnuðir).

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. febrúar 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Valgerður Sverrisdóttir.*



# AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Vöruliður 8703 í 87. kafla tollskrárinnar orðist svo:

	A	E
	%	%
8703		
<b>Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki aðallega gerð til mannflutninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar:</b>		
– Ökutæki sérstaklega gerð til aksturs í snjó; golf-bifreiðar og áþekk ökutæki:		
– – Á beltum:		
8703.1010 – – – Rafknúin .....	0	
– – – Vélsléðar (beltabifhjól):		
8703.1021 – – – – Nýir .....	0	
8703.1029 – – – – Notaðir .....	0	
– – – Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:		
8703.1031 – – – – Með 2000 cm <sup>3</sup> sprengirými, eða minna .....	0	
8703.1039 – – – – Með meira en 2000 cm <sup>3</sup> sprengirými .....	0	
– – – Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):		
8703.1041 – – – – Með 2000 cm <sup>3</sup> sprengirými, eða minna .....	0	
8703.1049 – – – – Með meira en 2000 cm <sup>3</sup> sprengirými .....	0	
– – Önnur:		
8703.1091 – – – Rafknúin .....	0	
8703.1092 – – – Fjór hjól .....	0	
8703.1099 – – – Annars .....	0	
– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:		
– – Með 1000 cm <sup>3</sup> sprengirými eða minna:		
8703.2110 – – – Fjór hjól .....	0	
– – – Önnur:		
8703.2121 – – – – Ný .....	0	
8703.2129 – – – – Notuð .....	0	
– – Með meira en 1000 cm <sup>3</sup> til og með 1500 cm <sup>3</sup> sprengirými:		
8703.2210 – – – Fjór hjól .....	0	
– – – Önnur:		
8703.2221 – – – – Ný .....	0	
8703.2229 – – – – Notuð .....	0	
– – Með meira en 1500 cm <sup>3</sup> til og með 3000 cm <sup>3</sup> sprengirými:		
– – – Með meira en 1500 cm <sup>3</sup> til og með 2000 cm <sup>3</sup> sprengirými:		
8703.2310 – – – – Fjór hjól .....	0	

	A	E
	%	%
----- Önnur:		
8703.2321 ----- Ný .....	0	
8703.2329 ----- Notuð .....	0	
--- Með meira en 2000 cm <sup>3</sup> til og með 3000 cm <sup>3</sup> sprengirými:		
8703.2330 ----- Fjór hjól .....	0	
----- Önnur:		
8703.2341 ----- Ný .....	0	
8703.2349 ----- Notuð .....	0	
-- Með meira en 3000 cm <sup>3</sup> sprengirými:		
8703.2410 --- Fjór hjól .....	0	
--- Önnur:		
8703.2491 --- Ný .....	0	
8703.2499 --- Notuð .....	0	
- Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýsti- kveikju (dísil eða hálf-dísil):		
-- Með 1500 cm <sup>3</sup> sprengirými eða minna:		
8703.3110 --- Fjór hjól .....	0	
--- Önnur:		
8703.3121 --- Ný .....	0	
8703.3129 --- Notuð .....	0	
-- Með meira en 1500 cm <sup>3</sup> til og með 2500 cm <sup>3</sup> sprengirými:		
--- Með meira en 1500 cm <sup>3</sup> til og með 2000 cm <sup>3</sup> sprengirými:		
8703.3210 ----- Fjór hjól .....	0	
----- Önnur:		
8703.3221 ----- Ný .....	0	
8703.3229 ----- Notuð .....	0	
--- Með meira en 2000 cm <sup>3</sup> til og með 2500 cm <sup>3</sup> sprengirými:		
8703.3250 ----- Fjór hjól .....	0	
----- Önnur:		
8703.3291 ----- Ný .....	0	
8703.3299 ----- Notuð .....	0	
-- Með meira en 2500 cm <sup>3</sup> sprengirými:		
8703.3310 --- Fjór hjól .....	0	
--- Önnur:		
8703.3321 --- Ný .....	0	
8703.3329 --- Notuð .....	0	
- Önnur:		
-- Rafknúin:		
8703.9011 --- Ný .....	0	
8703.9019 --- Notuð .....	0	
-- Önnur en rafknúin:		
8703.9091 --- Ný .....	0	
8703.9099 --- Notuð .....	0	

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 6. apríl 2000.*

F. h. r.  
**Árni Kolbeinsson.**

---

*Bergþór Magnússon.*

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 13. mars 2000.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Kristján Andri Stefánsson.*

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 22. mars 2000.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Kristján Andri Stefánsson.*

## LÖG

um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum,  
eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., skal lagt vörugjald í eftirfarandi gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	30
II	Yfir 2.000	45

2. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „70%“ í 6. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 30%.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- Við 1. tölul. 2. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Bifreiðar fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á þeim, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu, og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins.
3. tölul. 2. mgr. fellur brott.
4. tölul. 2. mgr. orðast svo: Vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.

- Við 2. mgr. bætist nýr töluliður sem orðast svo: Vörugjald af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum skal vera:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Bifreið sem ber lægra vörugjald samkvæmt þessum tölulið skal skráð á bílaleigu sem hefur leyfi samgönguráðuneytisins til að leigja bifreiðar eða á fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við bílaleigu. Einungis er heimilt að nýta bifreið samkvæmt þessum tölulið til útleigu hjá þeirri bílaleigu sem skráð er fyrir bifreiðinni. Bílaleiga skal haga bókhaldi sínu þannig að hún geti á hverjum tíma gert grein fyrir akstri þeirra

bifreiða sem bera lægra vörugjald samkvæmt þessum tölulíð. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um. Sé bifreið notuð til annars er tollstjóra heimilt að innheimta fullt vörugjald skv. 3. gr. laganna, með 50% álagi. Við mat á því hvort bifreið hafi einungis verið notuð til útleigu skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 90% af akstri hennar með framlagningu leigusamninga eða öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um þær bifreiðar sem njóta undanþágu samkvæmt þessum tölulíð. Brot á ákvæðum hans varðar því að hin brotlega bílaleiga missir rétt til lækkunar í þrjú ár frá síðasta broti.

e. 3. mgr. orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði um þau ökutæki sem falla undir 2. mgr., svo sem um notkun ökutækis, búnað þess og hvað teljist vera aðalatvinna skv. 4. tölul. 2. mgr., svo og ákvæði um endurgreiðslu á mismun vörugjalds skv. 3. gr. annars vegar og 2. mgr. hins vegar ef skilyrðunum er ekki fylgt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, að frátöldum d-lið 3. gr. laga þessara sem tekur gildi 15. maí 2000.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Endurgreiða skal mismun greidds vörugjalds af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum, sbr. d-lið 3. gr. laga þessara, og tollafgreiddar eru eftir gildistöku þeirra og þess vörugjalds sem borið hefði að greiða ef bifreið hefði verið tollafgreidd eftir 15. maí 2000. Endurgreiðsla skal háð því að skilyrðum d-liðar 3. gr. laga þessara til lækkunar vörugjalds sé fullnægt.

*Gjört á Hvolsvelli, 6. apríl 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Geir H. Haarde.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 2000

14. apríl 2000

9

Nr. 9

## LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,  
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „286.944“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur: 320.616.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. A-liðar 68. gr. laganna skal:

- a. persónuafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda á launatímabilinu frá og með 1. apríl til 31. desember árið 2000 vera  $\frac{1}{12}$  hlutar af 294.120 kr.; við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2001 vegna tekna og eigna árið 2000 skal persónuafsláttur vera 292.326 kr.;
- b. persónuafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2001 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2002 vegna tekna og eigna árið 2001 vera 302.940 kr.;
- c. persónuafsláttur við staðgreiðslu opinberra gjalda árið 2002 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2003 vegna tekna og eigna árið 2002 vera 312.024 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2001 vegna tekna og eigna árið 2000 og staðgreiðslu á því ári.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Geir H. Haarde.*

# AUGLÝSING

## um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 14. apríl 2000.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 2000

14. apríl 2000

11

Nr. 11

## LÖG

### um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

##### 1. gr.

7. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

##### 2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, enda varði málefnið hóp eftirlitsskyldra aðila.

Ákvæði þessara laga eiga, eftir því sem við á, við um eftirlit Fjármálaeftirlitsins, athuganir þess og upplýsingaöflun samkvæmt ákvæðum sérlaga. Um starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum sérlaga.

##### 3. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal athuga rekstur eftirlitsskyldra aðila svo oft sem þurfa þykir. Þeim er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemina sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegan.

Vegna starfsemi sinnar getur Fjármálaeftirlitið gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt og svo oft sem það telur þörf á.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að skipa sérfræðing til að gera athugun á tilteknum þáttum í starfsemi eða rekstri eftirlitsskylds aðila eða til að hafa að öðru leyti sértækt eftirlit með eftirlitsskyldum aðila. Sérfræðingurinn skal skipaður til tiltekins tíma, ekki lengri en fjögurra vikna í senn. Á hann rétt á að hafa starfsstöð hjá hinum eftirlitsskylda aðila og skal honum veittur aðgangur að öllu bókhaldi, fundargerðum, skjölum og öðrum gögnum og upplýsingum sem eftirlitsskyldi aðilinn hefur í sinni vörslu og óskað er eftir. Sérfræðingurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn eftirlitsskylds aðila sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi. Um þagnarskyldu hans fer skv. IV. kafla þessara laga. Eftirlitsskyldur aðili sem um ræðir skal bera kostnað af starfi sérfræðingsins, að hluta eða öllu leyti, eftir mati Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gera sérstakar athuganir á starfsstað og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála, enda séu ríkar ástæður til að ætla að eftirlitsskyldur aðili hafi brotið gegn lögum eða reglum sem um viðkomandi starfsemi

Gutenberg

**Endurprentað blað.**



gilda eða ástæða er til að ætla að athuganir eða aðgerðir Fjármálaeftirlitsins nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri. Skal ákvæðum laga um meðferð opinberra mála beitt við framkvæmd slíkra aðgerða.

#### 4. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Komi í ljós að eftirlitsskyldur aðili fylgir ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hans skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

Fjármálaeftirlitið skal gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur eftirlitsskylds aðila að öðru leyti óheilbrigðan og brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti, enda þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við, og er jafnframt heimilt að krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

Þegar svo stendur á sem greinir í 1. eða 2. mgr. getur Fjármálaeftirlitið boðað til fundar í stjórn eða framkvæmdastjórn hins eftirlitsskylda aðila til þess að fjalla um athugasemdir þess og kröfur og leiðir til úrbóta. Fulltrúa Fjármálaeftirlitsins er heimilt að stýra fundi og hefur hann málfrelsi og tillögurétt.

#### 5. gr.

Í stað 11. gr. laganna koma tvær nýjar greinar og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því. Greinarnar orðast svo ásamt fyrrsögnum:

a. (11. gr.)

#### *Févíti og dagsektir.*

Fjármálaeftirlitið getur lagt dagsektir á eftirlitsskyldan aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests. Greiðast þær þangað til farið hefur verið að kröfum Fjármálaeftirlitsins. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag og er heimilt að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri hins eftirlitsskylda aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika hins eftirlitsskylda aðila. Ákvarðanir um dagsektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur lagt févíti á eftirlitsskyldan aðila sem brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu. Til ákvarðana samkvæmt þessari grein teljast kröfur um úrbætur skv. 10. gr. Févíti getur numið frá 10.000 kr. til 2 millj. kr. Við ákvörðun um fjárhæð févítis skal tekið tillit til alvarleika brots og fjárhagslegs styrkleika hins eftirlitsskylda aðila. Ákvarðanir um févíti skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Ákvörðunum um févíti eða dagsektir má skjóta til kærunefndar samkvæmt lögum þessum innan sjö daga frá því að viðkomandi aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Sé ákvörðun skotið til kærunefndar er ekki heimilt að innheimta févíti eða dagsektir fyrr en úrskurður hefur verið felldur.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að eftirlitsskyldur aðili verði síðar við kröfum Fjármálaeftirlitsins nema stjórn Fjármálaeftirlitsins ákveði það sérstaklega.

Févíti og dagsektir samkvæmt þessari grein eru aðfararhæf. Sama gildir um úrskurði kærunefndar.

Innheimt févíti og innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Heimilt er að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu févítis og dagsekta í reglugerð.

b. (12. gr.)

*Tilkynningarskylda.*

Ef brot eru alvarleg og hinn eftirlitsskyldi aðili hefur að mati Fjármálaeftirlitsins með refsiverðum hætti gerst brotlegur við lög ber Fjármálaeftirlitinu að greina ríkislögreglustjóra frá þeim.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir Fjármálaeftirlitsins skv. 4. mgr. 9. gr., 11. gr. og 1. mgr. þessarar greinar skulu þegar í stað tilkynntar viðskiptaráðherra, þeim ráðherra sem annars fer með viðkomandi málaflokk og stjórn hins eftirlitsskylda aðila eða viðkomandi aðila ef stjórn er ekki til að dreifa.

6. gr.

12. gr. laganna, er verður 13. gr., orðast svo:

Stjórn, forstjóri og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um starfsemi Fjármálaeftirlitsins, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um lögmenn, endurskoðendur, tryggingastærðfræðinga og sérfræðinga sem starfa fyrir eða á vegum Fjármálaeftirlitsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi og er óheimilt að nýta í atvinnuskyni upplýsingar sem bundnar eru þagnarskyldu.

Upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt lögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila eru háðar sambærilegri þagnarskyldu þegar þær hafa verið afhentar Fjármálaeftirlitinu.

Upplýsingar skv. 1. mgr. má veita í samandregnu formi þannig að einstakir eftirlitsskyldir aðilar séu ekki auðkenndir.

Þegar eftirlitsskyldur aðili er gjaldþrota eða þvinguð slit fara fram er heimilt við rekstur einkamála að upplýsa um atriði sem þagnarskylda gildir annars um skv. 1. mgr. Þagnarskyldan gildir þó um upplýsingar sem varða þriðja aðila sem á hlut að björgunaraðgerðum vegna eftirlitsskylds aðila.

Opinber umfjöllun af hálfu þess aðila sem þagnarskyldunni er ætlað að vernda um trúnaðarupplýsingar veitir starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins eða sérfræðingum sem starfa eða starfað hafa á vegum þess ekki heimild til að láta af hendi trúnaðarupplýsingar.

7. gr.

13. gr. laganna, er verður 14. gr., orðast svo:

Fjármálaeftirlitið má veita eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja EES-samningsins upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu skv. 13. gr. sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila og slík upplýsingagjöf sé gagnleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Slíkar upplýsingar má einungis veita með því skilyrði að um þær gildi þagnarskylda í hlutaðeigandi ríki. Þagnarskylda skv. 1. mgr. 13. gr. gildir um hliðstæðar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið fær frá eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja.

Semja má við eftirlitsstjórnvöld ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins um skipti á upplýsingum, en þó því aðeins að gætt sé þagnarskyldu í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Ákvæði 1. mgr. gilda um skipti á upplýsingum við stjórnvöld hér á landi eða erlendis sem fjalla um gjaldþrot og slit eftirlitsskyldra aðila, eftirlit með þeim sem framkvæma endurskoðun hjá þeim eða tryggingastærðfræðilegar úttektir. Sama gildir um þá sem eftirlit hafa með þessum aðilum. Í því skyni að stuðla að stöðugleika og öryggi á fjármálasviði skulu upplýs-

ingaskipti einnig heimil milli eftirlitsstjórnvalda og stjórnvalda og aðila sem starfa að því að rannsaka brot á félagarétti.

Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki EES-samningsins er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

#### 8. gr.

15. gr. laganna, er verður 16. gr., orðast svo:

Fjármálaeftirlitið skal gefa viðskiptaráðherra skýrslu um starfsemi sína fyrir 15. september ár hvert. Í framhaldi af því gerir viðskiptaráðherra Alþingi grein fyrir starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

#### 9. gr.

17. gr. laganna, er verður 18. gr., orðast svo:

Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins má skjóta til sérstakrar kærunefndar.

Kærunefndin er skipuð af viðskiptaráðherra til þriggja ára í senn. Nefndarmenn skulu vera þrír. Hæstiréttur tilnefnir nefndarmenn og formann nefndarinnar. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir á sama hátt.

Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðuneytis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála.

Kostnaður við störf kærunefndar greiðist úr ríkissjóði. Þóknun til nefndarmanna er ákveðin af viðskiptaráðherra.

Úrskurður kærunefndar skal liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra berst henni. Úrskurðum nefndarinnar verður ekki skotið til viðskiptaráðherra.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um störf og starfshætti nefndarinnar. Í slíkri reglugerð má jafnframt kveða nánar á um valdsvið kærunefndar, hvaða málafnum megi skjóta til hennar og kærufresti.

## II. KAFLI

### **Breyting á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.**

#### 10. gr.

93. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða, svo og starfsemi innlendra viðskiptabanka og sparisjóða erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með dótturfyrirtækjum, hlutdeildarfyrirtækjum og sjóðum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í 44. gr. að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsskyldrar starfsemi. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í viðskiptabanka eða sparisjóði í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 10. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánnum tengslum við viðskiptabanka eða sparisjóð, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

### III. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum.**

11. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Um stofnun lánastofnunar og meðferð eignarhlutar fer að öðru leyti eftir ákvæðum II. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

12. gr.

Í stað orðsins „Seðlabankinn“ í 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: Fjármálaeftirlitið.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins og heimildir fer að öðru leyti en greinir í lögum þessum skv. XIV. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði og ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

### IV. KAFLI

#### **Breyting á lögum nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, með síðari breytingum.**

14. gr.

53. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu hér á landi, svo og starfsemi innlendra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Skal Fjármálaeftirlitið hafa aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem að þess mati eru nauðsynleg vegna eftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 12.–14. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánnum tengslum við fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar

í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Hafi Fjármálaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum IV. kafla laga þessara skal því heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila, þar á meðal opinberar stofnanir, um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg til rannsóknar málsins.

Um eftirlit með fyrirtækjum í verðbréfabjónustu gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimilt er að beita ákvæðum þeirra laga um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

## V. KAFLI

### **Breyting á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, með síðari breytingum.**

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

- a. 4. málsl. fellur brott.
- b. Við greinina bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í hlutafélagi sem starfar samkvæmt lögum þessum í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 6. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut.

Hafi Fjármálaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum 19. eða 26. gr. laga þessara skal því heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila, þar á meðal opinberar stofnanir, um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg til athugunar á málinu.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Um eftirlit samkvæmt þessum lögum gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimilt er að beita ákvæðum þeirra laga um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessum lögum.

## VI. KAFLI

### **Breyting á lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi, með síðari breytingum.**

16. gr.

Við 43. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 6. mgr., svohljóðandi:

Stjórn váttryggingafélags skal setja verklagsreglur um verðbréfa viðskipti félagsins, stjórnar þess og starfsmanna. Verklagsreglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

17. gr.

Við 55. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í váttryggingafélagi í því

skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. 39. gr. og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut skv. 39. og 40. gr.

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum eða öðrum aðilum sem teljast í nánum tengslum við váttryggingafélag, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með váttryggingafélaginu.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru þjódða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

## VII. KAFLI

### **Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.**

#### 18. gr.

Við 2. mgr. 29. gr. laganna bætist nýr tölulíður er verður 5. tölul., svohljóðandi: að setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Verklagsreglurnar skulu staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

#### 19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

- a. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá dótturfyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum lífeyrissjóða, enda telji Fjármálaeftirlitið upplýsingarnar nauðsynlegar í eftirliti sínu með viðkomandi lífeyrissjóði.

#### 20. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins gilda, eftir því sem við getur átt, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Heimilt er að beita ákvæðum þeirra laga um dagsektir, stjórnvaldssektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessum lögum.

## VIII. KAFLI

### **Gildistaka.**

#### 21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Valgerður Sverrisdóttir.*

## LÖG

### um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbraeðslu á Grundartanga, nr. 62/1997.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Við 6. tölul. 1. mgr. bætist nýr málslíður er verður 2. másl. og orðast svo: Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 826.444 þús. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframleiðslu um 30 þús. lestir, miðað við byggingarvísitölu 1. desember 1999 (236,6 stig).
- b. Við 6. tölul. 1. mgr. bætist nýr lokamáslíður sem orðast svo: Fasteignaskattur skv. 2. másl. skal lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir að framleiðslugetan er komin í 90 þús. lesta álframleiðslu á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Valgerður Sverrisdóttir.*

Nr. 13

14. apríl 2000

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 35. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., sem orðast svo:

Eigandi vörumerkis, sem hefur ekki lögheimili hér á landi, telst hafa varnarþing í Reykjavík í málum sem rekin eru samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

4. mgr. 42. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Í stað orðanna „gjöld fyrir umsóknir, endurnýjanir, afgreiðslur, endurrit o.fl.“ í 65. gr. laganna kemur: gjöld fyrir umsóknir, endurnýjanir, afgreiðslur, endurrit, áfrýjanir o.fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Valgerður Sverrisdóttir.*

## LÖG

### um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist: svo og aðild að fjarskiptafyrirtækjum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Valgerður Sverrisdóttir.*

## LÖG

### um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

#### **Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940.**

1. gr.

Á eftir orðunum „28. maí 1970“ í 1. mgr. 8. gr. a laganna, sbr. lög nr. 72/1993, kemur: eða alþjóðlegum samningum innan Schengen-samstarfsins.



## II. KAFLI

**Breyting á lögum um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69 12. desember 1963.**

## 2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, er orðast svo:

Hafi dómþoli komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja til landsins er heimilt eftir beiðni frá til þess bæru stjórnvaldi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð að úrskurða dómþola í gæsluvarðhald til að tryggja nærveru hans þar til fullnægjandi gögn með beiðni um fullnustu refsingar hafa borist eða ákvörðun um hvort fallist verði á beiðni er tekin. Í stað gæsluvarðhalds má beita úrræðum 110. gr. laga um meðferð opinberra mála ef slík úrræði teljast fullnægjandi til að tryggja nærveru dómþola.

## III. KAFLI

**Breyting á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13 17. apríl 1984.**

## 3. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með samningi við önnur ríki má ákveða að tiltekin brot skuli ekki talin stjórn málaafbrot.

## 4. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú berst beiðni um framsal frá ríki sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu og skulu þá lög þess ríkis gilda um rof fyrningarfrests.

## 5. gr.

Á eftir 14. gr. laganna kemur ný grein, 14. gr. a, er orðast svo:

Nú samþykkir sá sem óskast framseldur til ríkis sem tekur þátt í Schengen-samstarfinu framsal og getur hann þá jafnframt lýst því yfir að heimilt sé að höfða mál gegn honum eða láta hann taka út refsingu í ríkinu, sem biður um framsal, fyrir annan refsiverðan verknað en þann sem greinir í framsalsbeiðni. Slík yfirlýsing er bindandi nema viðkomandi falli frá samþykki fyrir framsali. Samþykki og yfirlýsing skulu bókuð og samþykkt skriflega hjá lögreglu, ákærvaldi eða í dómi.

## 6. gr.

3. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að verða við beiðni ef verknaðurinn sem hún er tilkomin vegna eða sambærilegur verknaður er ekki refsiverður samkvæmt íslenskum lögum eða ef hann samkvæmt ákvæðum í 5.–7. gr. getur ekki verið grundvöllur framsals. Síðara skilyrði 1. másl. gildir ekki gagnvart ríkjum sem taka þátt í Schengen-samstarfinu. Varðandi beiðnir frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð gildir fyrra skilyrði 1. másl. eingöngu vegna stjórn málaafbrot.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56 19. maí 1993.**

## 7. gr.

Á eftir 1. mgr. 22. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Víkja má frá skilyrðum b-liðar 1. mgr. ef dómþoli hefur komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja til landsins. Sama gildir ef senda á dómþola úr landi eða vísa honum brott úr ríkinu sem biður um fullnustu.

## 8. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi dómþoli komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja til landsins frá ríki sem biður um fullnustu er heimilt að beiðni þess ríkis að úrskurða dómþola í gæsluvarðhald til að tryggja nærveru hans þar til fullnægjandi gögn með beiðninni hafa borist eða ákvörðun um hvort fallist verði á beiðni er tekin. Í stað gæsluvarðhalds má beita úrræðum 110. gr. laga um meðferð opinberra mála ef slík úrræði teljast fullnægjandi til að tryggja nærveru dómþola.

## 9. gr.

Við 2. mgr. 38. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Samþykki dómþola er þó ekki skilyrði þegar dómþoli hefur komið sér undan fullnustu refsingar að hluta til eða í heild með því að flýja frá landinu. Sama gildir ef senda á dómþola úr landi eða vísa honum brott að fullnustu lokinni.

## V. KAFLI

**Breyting á lögreglulögum, nr. 90 13. júní 1996.**

## 10. gr.

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðast svo: að halda málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot með öllum nauðsynlegum upplýsingum sem mál varða, dagbók lögreglu með upplýsingum um erindi til lögreglu og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna við afbrotum. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þessar skrár.

## VI. KAFLI

**Breyting á lögum um vegabréf, nr. 136 22. desember 1998.**

## 11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Orðið „og“ í f-lið fellur brott.
- b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: hvar og hvenær íslenskir ríkisborgarar skuli bera og sýna vegabréf.

## VII. KAFLI

**Gildistaka.**

## 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Sólveig Pétursdóttir.*

# LÖG

## um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Lög þessi gilda um íslenska hluta Schengen-upplýsingakerfisins og persónuvernd við skráningu og meðferð upplýsinga í því kerfi.

Með íslenska hluta Schengen-upplýsingakerfisins er átt við rafrænt gagnasafn sem starfrækt er hér á landi og tengt sameiginlegu upplýsingakerfi á Schengen-svæðinu.

### 2. gr.

Ríkislögreglustjóri rekur og ber ábyrgð á upplýsingakerfinu. Hann annast skráningu í það og sendingu annarra gagna samkvæmt lögumum.

Við skráningu í kerfið skal þess gætt að upplýsingar séu réttar og áreiðanlegar og að fullnægt sé skilyrðum laganna fyrir skráningu.

### 3. gr.

Ríkislögreglustjóri og sá sem á hans vegum annast tölvupjónustu skulu með skipulögðum og kerfisbundnum hætti tryggja öryggi upplýsingakerfisins þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að því eða geti haft áhrif á skráningu í það. Með sama hætti skal tryggt að kerfið starfi greiðlega og sé aðgengilegt þeim sem við það starfa.

### 4. gr.

Skráning í Schengen-upplýsingakerfið skal miða að því að tryggja almannaoöryggi og allsherjarreglu, þar með talið öryggi ríkisins. Í upplýsingakerfið skal aðeins skrá upplýsingar sem getur í 5. gr., enda sé skráning þeirra nauðsynleg með hliðsjón af tilgangi skráningar skv. 6.–8. gr. og nægjanlega brýnt tilefni til skráningar.

Við skráningu á eftirlýstum einstaklingum með beiðni um handtöku og framsal skv. a-lið 1. mgr. 6. gr. skal þess gætt að lög þess ríkis sem beiðni er beint til heimili slíkar aðgerðir.

### 5. gr.

Í upplýsingakerfið má skrá eftirfarandi upplýsingar um einstaklinga:

- a. kenninafn, eiginnafn með vísun til hugsanlegrar sérskráningar falskra nafna,
- b. sérstök varanleg líkamleg einkenni,
- c. fyrsta bókstaf annars eiginnafns,
- d. fæðingarstað, fæðingardag og -ár,
- e. kynferði,
- f. ríkisfang,
- g. hvort viðkomandi er vopnaður,
- h. hvort viðkomandi er ofbeldishneigður,
- i. ástæðu fyrir skráningu,
- j. aðgerðir sem farið er fram á.

Í upplýsingakerfið má skrá upplýsingar um eftirtalda hluti:

- a. vélknúin ökutæki með slagrymi yfir 50 rúmsentimetrum sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
- b. eftirvagna eða hjólhýsi með eigin þunga yfir 750 kg sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,

- c. fyrsta bókstaf annars eiginnafns,
- d. fæðingarstað, fæðingardag og -ár,
- e. kynferði,
- f. ríkisfang,
- g. hvort viðkomandi er vopnaður,
- h. hvort viðkomandi er ofbeldishneigður,
- i. ástæðu fyrir skráningu,
- j. aðgerðir sem farið er fram á.

Í upplýsingakerfið má skrá upplýsingar um eftirtalda hluti:

- a. vélknúin ökutæki með slagrymi yfir 50 rúmsentimetrum sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
- b. eftirvagna eða hjólhýsi með eigin þunga yfir 750 kg sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
- c. skotvopn sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
- d. óútfyllt skilríki sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
- e. útgefin persónuskilríki (vegabréf, nafnskírteini, ökuskírteini) sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið,
- f. peningaseðla með skráðum númerum.

#### 6. gr.

Heimilt er að skrá upplýsingar um einstaklinga í upplýsingakerfið í eftirfarandi tilvikum:

- a. vegna beiðni um að eftirlýstur maður verði handtekinn og framseldur,
- b. þegar meina á útlendingi landgöngu vegna þess að:
  1. hann hefur verið dæmdur hér á landi eða erlendis í fangelsi í a.m.k. eitt ár eða ætla má af öðrum ástæðum að hann muni fremja refsiverðan verknáð á Schengen-svæðinu eða
  2. ætla má af fyrri hegðun hans eða öðrum ástæðum að tilgangur hans með komu hingað til lands eða á Schengen-svæðið sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingastarfsemi eða
  3. honum hefur verið vísað héðan úr landi og í gildi er bann gegn endurkomu hans til landsins,
- c. vegna leitar að horfnum manni eða þegar taka á mann í gæslu tímabundið vegna eigin öryggis eða annarra,
- d. vegna eftirgrenslanar um búsetu eða dvalarstað vitnis, sakbornings sem hefur verið ákærður og koma þarf fyrir dóm eða manns sem birta á dóm í opinberu máli eða boða til afplánunar fangelsisrefsingar.

Þegar upplýsingar skv. a-lið 1. mgr. hafa verið skráðar skulu eftirfarandi upplýsingar sendar því ríki sem beiðni er beint til svo fljótt sem verða má:

- a. hvaða yfirvald leggur fram beiðni um handtöku,
- b. hvort fyrir liggur handtökuskipun,
- c. hvers konar brot um er að ræða og vísun til viðeigandi refsíákvæða,
- d. málsatvik, þar með talið hvar og hvenær brot var framið og þáttur hins eftirlýsta í því,
- e. eftir því sem mögulegt er, hverjar eru afleiðingar brots.

#### 7. gr.

Heimilt er að skrá upplýsingar um einstaklinga og ökutæki í upplýsingakerfið til að fram fari eftirlit með leynd, leit, líkamsleit eða líkamsrannsókn í eftirfarandi tilvikum:

- a. vegna rannsóknar og meðferðar opinbers máls og til að tryggja almannaoöryggi þegar:

1. rökstuddur grunur leikur á að maður fremji eða muni fremja fjölda mjög alvarlegra brota,
  2. heildarmat á viðkomandi manni, þar með talið á þeim brotum sem hann hefur framið, bendir til að hann muni fremja mjög alvarleg afbrot,
- b. þegar ótvíræð gögn benda til að upplýsingar um dvalarstað, ferðaleið, ákvörðunarstað, fylgdarmenn eða farþega, hluti meðferðis eða við hvaða aðstæður maður eða ökutæki finnst séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að alvarleg hætta stafi af viðkomandi manni eða alvarlegar ógnanir fyrir öryggi ríkisins.

#### 8. gr.

Heimilt er að skrá í upplýsingakerfið upplýsingar um hluti sem leitað er í þeim tilgangi að leggja á þá hald eða nota sem sönnunargagn í opinberu máli.

#### 9. gr.

Upplýsingar sem skráðar eru í upplýsingakerfið verða ekki nýttar á annan veg en leiðir af tilgangi skráningar skv. 6.–8. gr.

Með samþykki ríkis sem skráð hefur upplýsingar verður vikið frá 1. mgr. og þær nýttar í öðrum tilgangi skv. 6.–8. gr. þegar þannig stendur á:

- a. til að koma í veg fyrir alvarlega og bráða ógnun við almannaoöryggi og allsherjarreglu,
- b. mikilvægir öryggishagsmunir ríkisins mæla með því,
- c. til að koma í veg fyrir alvarleg afbrot.

#### 10. gr.

Eftirtalin stjórnvöld skulu vera beinlínutengd við upplýsingakerfið til að sinna þessum verkefnum:

- a. lögreglan við landamæraeftirlit og aðra löggæslu,
- b. Útlendingaeftirlitið við afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritun, landgöngu- eða dvalarleyfi og til að sinna öðrum skyldum samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum að því marki sem nauðsynlegt er til að bregðast við upplýsingum sem skráðar eru á grundvelli b-liðar 1. mgr. 6. gr.

Til að starfa við upplýsingakerfið verður viðkomandi starfsmaður að fá sérstaka heimild ríkislögreglustjóra, enda fullnægi hann settum hæfis- og öryggiskröfum. Viðkomandi starfsmaður skal einungis hafa þann aðgang að kerfinu sem honum er nauðsynlegur til að gegna starfi sínu.

#### 11. gr.

Eftirtalin stjórnvöld skulu eftir beiðni hafa aðgang að upplýsingum úr upplýsingakerfinu að því marki sem þeim er nauðsynlegt til að sinna þessum verkefnum:

- a. tollgæslan við eftirlit á landamærum og þegar hún annast eða aðstoðar við löggæslu,
- b. Landhelgisgæslan þegar hún annast eða aðstoðar við löggæslu,
- c. dómsmálaráðuneytið við beitingu heimilda sem æðra stjórnvald.

#### 12. gr.

Hverjum sem í starfi sínu fær vitneskju um atriði sem skráð eru í upplýsingakerfið er skylt að gæta þess að skráðar upplýsingar berist ekki til óviðkomandi. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## 13. gr.

Hver sem skráður er í upplýsingakerfið á rétt á að fá vitneskju um skráðar upplýsingar um sig í kerfinu.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 1. mgr. er ekki fyrir hendi ef nauðsynlegt er að halda upplýsingunum leyndum til að ná því markmiði sem stefnt er að með skráningu eða vegna hagsmuna annarra. Þegar eftirlit með leynd skv. 7. gr. stendur yfir á hinn skráði ekki rétt á að fá vitneskju um skráðar upplýsingar.

Nú er óskað eftir vitneskju um upplýsingar sem skráðar eru af öðru ríki og skal þá gefa því kost á að gera athugasemdir áður en fallist er á þá beiðni.

## 14. gr.

Þegar skráðar hafa verið í upplýsingakerfið rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar eða ef skráðar hafa verið upplýsingar án tilskilinnar heimildar skal ríkislögreglustjóri eftir beiðni eða að eigin frumkvæði sjá til þess að þær verði leiðréttaðar, þær afmáðar eða við þær aukið. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ríkislögreglustjóra eftir því sem honum er frekast unnt að hindra að það hafi áhrif á hagsmunum hins skráða.

Nú hafa upplýsingar sem um ræðir í 1. mgr. verið skráðar í upplýsingakerfið af öðru ríki og skal þá ríkislögreglustjóri án ástæðulauss dráttar tilkynna því um annmarka á skráningu með ósk um viðeigandi breytingar.

## 15. gr.

Þegar ríkislögreglustjóra berst beiðni skv. 13. eða 14. gr. skal hann án ástæðulauss dráttar taka afstöðu til hennar. Ákvörðun ríkislögreglustjóra skal vera rökstudd að því marki sem það er unnt án þess að greint verði frá nokkru sem leynt á að fara.

## 16. gr.

Nú verður maður fyrir tjóni og það verður rakið til skráningar eða notkunar á upplýsingum úr upplýsingakerfinu sem andstæð er reglum um kerfið og á hann þá rétt á skaðabótum úr ríkissjóði. Bæta skal bæði fjártjón og miska.

Greiða á bætur þótt upplýsingar hafi verið skráðar í öðru ríki ef þær hafa verið notaðar hér á landi. Bætur skal greiða án tillits til sakar, en þær má þó fella niður eða lækka ef tjónþoli hefur sjálfur stuðlað að því að upplýsingar væru skráðar eða notaðar.

Bótakrafa fyrnist á tveimur árum frá því að tjónþoli fékk vitneskju um skráningu í upplýsingakerfið.

## 17. gr.

Upplýsingar um einstaklinga og hluti sem skráðar eru í upplýsingakerfið skulu ekki standa lengur en þörf krefur með hliðsjón af tilgangi skráningar.

Endurmeta skal nauðsyn skráningar í upplýsingakerfið sem hér segir:

- a. upplýsingar um einstaklinga skv. 6. gr. innan þriggja ára frá skráningu,
- b. upplýsingar um einstaklinga og ökutæki skv. 7. gr. innan eins árs frá skráningu.

Þegar tekin er ákvörðun um að skráning upplýsinga skuli standa í upplýsingakerfinu gildir 2. mgr. um endurmat skráningar á ný.

Upplýsingar sem skráðar eru skv. 8. gr. skulu ekki standa lengur frá skráningu í upplýsingakerfið en hér greinir:

- a. upplýsingar um útgefin persónuskilríki og peningaseðla með skráðum númerum eigi lengur en fimm ár,

- b. upplýsingar um ökutæki, eftirvagna eða hjólhýsi eigi lengur en þrjú ár,
- c. aðrar upplýsingar eigi lengur en tíu ár.

## 18. gr.

Tölvunefnd skal hafa eftirlit með því að skráning og meðferð persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu sé í samræmi við lög þessi og reglur sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Tölvunefnd skal einnig hafa eftirlit með því að öryggi upplýsingakerfisins sé tryggt þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að því eða geti haft áhrif á skráningu í það.

Tölvunefnd hefur aðgang að skráðum upplýsingum og öðrum nauðsynlegum gögnum til að sinna eftirliti með upplýsingakerfinu skv. 1. mgr.

Nú gerir tölvunefnd athugasemdir við starfrækslu upplýsingakerfisins og skal hún þá koma þeim og tillögum um úrbætur á framfæri við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytið.

## 19. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna, þar með talið um:

- a. öryggisþætti upplýsingakerfisins og innra eftirlit með því, sbr. 3. gr.,
- b. hæfis- og öryggiskröfur sem starfsmenn lögreglu eða Útlendingaeftirlits verða að fullnægja til að starfa við upplýsingakerfið, sbr. 2. mgr. 10. gr.,
- c. eftirlit tölvunefndar með upplýsingakerfinu, sbr. 18. gr.

## 20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Sólveig Pétursdóttir.*

## LÖG

### um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

*Efnavopn.*

Í lögum þessum merkir efnavopn:

- a. eiturefni og forstigsefni þeirra, nema þau séu ætluð til nota sem ekki eru bönnuð samkvæmt samningi um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra frá 13. janúar 1993, enda samræmist gerð og magn efnanna slíkum notum;
- b. skotfæri og tæki sem sérstaklega eru gerð til að valda bana eða öðrum skaða með eituráhrifum eiturefna skv. a-lið er leysast mundu úr læðingi við beitingu slíkra skotfæra eða tækja;

- c. hvern þann búnað sem sérstaklega er gerður til að nota í beinum tengslum við beitingu skotfæra eða tækja skv. b-lið.

2. gr.

*Bann við meðferð efnavopna.*

Enginn má þróa, framleiða, afla, safna, nota eða hafa í vörslu sinni efnavopn né afhenda slík vopn þannig að það stríði gegn samningnum um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

3. gr.

*Innlent eftirlit.*

Hollustuvernd ríkisins fer með eftirlit með framkvæmd laganna og samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

Hollustuvernd getur krafist allra upplýsinga og annarra gagna sem nauðsynleg þykja við athugun einstakra mála.

Hollustuvernd getur að undangengnum dómsúrskurði gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum. Við framkvæmd athugunar skal lögregla veita Hollustuvernd nauðsynlega aðstoð.

Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum. Getur hann samið við hæfa aðila að mati Hollustuverndar um framkvæmd eftirlitsins, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

*Alþjóðlegt eftirlit.*

Eftirlitsmönnum sem starfa á grundvelli samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra er heimilt að framkvæma hérlandis skoðanir sem kveðið er á um í samningnum í þeim tilgangi að fylgjast með því hvort Ísland framfylgir skyldum sínum samkvæmt samningnum. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins og Hollustuverndar ríkisins skulu vera viðstaddir slíkar skoðanir.

Eftirlitsmenn sem starfa á grundvelli samningsins um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra skulu njóta friðhelgi og forréttinda hér á landi eins og kveðið er á um í samningnum.

5. gr.

*Reglugerðarheimild.*

Ráðherra sem í hlut á getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

6. gr.

*Refsiákvæði.*

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að fjórum árum. Nú er brotið ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að sex árum.

Tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennta hegningarlaga.



7. gr.  
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Sólveig Pétursdóttir.*

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðherra“ í 2. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr 53/1997, kemur: ráðherra.

2. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: Ráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: stjórnarráðið.

4. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: Stjórnarráðið.

5. gr.

Í stað orðsins „Félagsmálaráðherra“ í 23. gr. laganna kemur: Ráðherra.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Davíð Oddsson.*

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 4. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Greiða skal 0,5% stimpilgjald af fjárhæð hlutabréfa sem gefin hafa verið út í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf. Um gjaldið fer að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum. Ekki skal greiða stimpilgjalds-álag vegna þeirra hlutabréfa sem þegar hafa verið gefin út í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf., enda verði gjaldið greitt innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Sturla Böðvarsson.*

14. apríl 2000

Nr. 20

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með síðari breytingu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. tölul. 7. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 14/1999, fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Davíð Oddsson.*

# LÖG

## um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

38. gr. laganna hljóðar svo:

Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum og ekki liggur fyrir samkomulag milli aðila um skiptin skal framkvæma úttektir á jörðunum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda.

Úttektir skulu framkvæmdar af úttektarmönnum skv. 39. gr.

#### 2. gr.

39. gr. laganna hljóðar svo:

Landbúnaðarráðherra skipar tvo úttektarmenn fyrir landið í heild til fjögurra ára í senn til að framkvæma úttektir á jörðum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda við ábúðarlök. Skipa skal annan úttektarmanninn án tilnefningar og hinn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

#### 3. gr.

40. gr. laganna hljóðar svo:

Úttektarmenn skulu byrja úttekt og framkvæma vettvangsskoðun eigi síðar en fjórum vikum eftir að beiðni um úttekt berst nema óviðráðanlegar ástæður standi í vegi fyrir því.

Úttektarmenn skulu gera landeiganda og fráfarandi og viðtakandi ábúanda viðvart með nægum fyrirvara um hvenær úttektir fara fram og gefa þeim kost á að vera viðstaddir og gæta réttar síns.

Úttektarmenn skulu framkvæma ítarlega skoðun á vettvangi og rita lýsingu á ástandi jarða, ræktunar og mannvirkja landeiganda og fráfarandi ábúanda. Í ástandslýsingu skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um stærð ræktunar og mannvirkja landeiganda og fráfarandi ábúanda, skemmdir á mannvirkjum sem kunna að hafa orðið af völdum ábúanda, hvernig húsum hefur verið viðhaldið og annað eftir því sem þurfa þykir. Einnig skulu úttektarmenn rita upplýsingar um allar jarðnytjar og hvernig jörð hafi verið setin.

#### 4. gr.

41. gr. laganna hljóðar svo:

Úttektarmenn skulu framkvæma mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda sem háðar eru kaupskyldu landeiganda skv. 16. gr. Við matið skulu úttektarmenn leggja til grundvallar raunvirði eigna og endurbóta fráfarandi ábúanda að teknu tilliti til ástands og viðhalds þeirra.

Við mat á eignum skulu úttektarmenn leggja til grundvallar efnisleg verðmæti eigna. Mat skal vera nývirði eigna að frádregnum eðlilegum afskriftum reiknað til staðgreiðslu. Nývirði er kostnaður sem því mundi fylgja á matsdegi að smíða nýja eign sem komið gæti að öllu leyti í stað hinnar metnu. Afskriftir eru verðrýrnun eigna sem rekja má til aldurs, hrörnunar, slits, úreldingar og minnkaðs notagildis.

Við mat á endurbótum skal leggja til grundvallar ástand og viðhald eigna að teknu tilliti til aldurs þeirra og eðlilegs slits af notkun.

Úttektarmenn skulu leggja mat á afleiðingar þess að viðhaldi eigna hafi ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti eða að gallar eða slit hafi orðið vegna óeðlilegrar notkunar eigna.

Aðrir þættir skulu ekki hafa áhrif á mat á endurbótum á eignum fráfarandi ábúanda.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd mats að öðru leyti og kostnað við það að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

5. gr.

42. gr. laganna hljóðar svo:

Úttektarmenn skulu skila skriflegum, rökstuddum niðurstöðum og staðfesta úttektir með undirritun sinni.

Úttektarmenn skulu skila niðurstöðum sínum eigi síðar en fjórum vikum eftir að vettvangsskoðun lauk.

6. gr.

43. gr. laganna hljóðar svo:

Kostnaður við úttektir greiðist að jöfnu af landeiganda og fráfarandi ábúanda.

7. gr.

44. gr. laganna hljóðar svo:

Landeigandi og fráfarandi ábúandi geta krafist yfirmats á eignum fráfarandi ábúanda samkvæmt lögum þessum innan tveggja vikna frá dagsetningu úttektar skv. 42. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í yfirmatsnefnd fyrir landið í heild til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Um störf yfirmatsnefndar gilda ákvæði 40.–41. gr.

Yfirmatsnefnd skal að lokinni vettvangsskoðun komast að niðurstöðu á fundum. Ef ágreiningur verður ræður afl atkvæða úrslitum.

Yfirmatsnefnd skal skila skriflegum, rökstuddum niðurstöðum og skulu allir nefndarmenn staðfesta matsgerðir með undirritun sinni. Yfirmatsnefnd skal skila niðurstöðum sínum eigi síðar en fjórum vikum eftir að vettvangsskoðun lauk.

Yfirmatsnefnd úrskurðar um hvernig kostnaður við yfirmat greiðist.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Guðni Ágústsson.*

# LÖG

## um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

2. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Fjármálaeftirlitið getur beitt viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir viðurlögum á þann hátt sem fyrir er mælt í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi ef ekki er farið eftir reglum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Valgerður Sverrisdóttir.*

Nr. 23

19. apríl 2000

# AUGLÝSING

## um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 19. apríl 2000.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

## LÖG

### um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Kosningarréttur og kjörgengi.

##### 1. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og lögheimili á hér á landi.

Íslenskur ríkisborgari, sem náð hefur 18 ára aldri og átt hefur lögheimili hér á landi, á og kosningarrétt:

- a. í átta ár frá því að hann flutti lögheimili af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag,
- b. eftir þann tíma sem greinir í a-lið enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum í 2. gr.

##### 2. gr.

Umsókn um kosningarrétt skv. b-lið 2. mgr. 1. gr. skal send Hagstofu Íslands á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram kemur nafn umsækjanda, kennitala hans, hvenær hann flutti af landi brott, síðasta lögheimili á landinu og heimilisfang erlendis. Umsókn skal jafnframt bera með sér yfirlýsingu umsækjanda um að hann sé enn íslenskur ríkisborgari. Hagstofan lætur eyðublað þessi í té og skulu þau liggja þar frammi, í skrifstofum sendiráða og fastanefnda, í sendiráðisskrifstofum og í skrifstofum kjöræðismanna. Ekki skal taka til greina umsókn sem berst Hagstofunni meira en einu ári áður en réttur skv. a-lið 2. mgr. 1. gr. fellur niður. Ef umsókn er fullnægjandi tilkynnir Hagstofan umsækjanda það og hlutaðeigandi sveitarstjórn. Ákvörðun um að einhver skuli þannig tekinn á kjörskrá gildir í fjögur ár frá 1. desember næstum eftir að umsókn var lögð fram.

Ákvæði þessi gilda á sama hátt um endurnýjun kosningarréttarins.

##### 3. gr.

Enginn getur neytt kosningarréttar nema nafn hans sé á kjörskrá þegar kosning fer fram.

##### 4. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá sem kosningarrétt á skv. 1. gr. og hefur óflekkað mannorð. Hæstaréttardómarar og umboðsmaður Alþingis eru þó ekki kjörgengir.

##### 5. gr.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.

## II. KAFLI Kjördæmi.

### 6. gr.

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum er lög þessi setja. Landinu er skipt í kjördæmi sem hér segir:

#### 1. *Norðvesturkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur, Skorradalshreppur, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Borgarbyggð, Kolbeinsstaðahreppur, Eyja- og Miklaholts- hreppur, Snæfellsbær, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð, Saur- bæjarhreppur, Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Broddaneshreppur, Bæjarhreppur, Húnaþing vestra, Áshreppur, Sveins- staðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduósibær, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur, Skagahreppur, Sveitarfélagið Skaga- fjörður og Akrahreppur.

#### 2. *Norðausturkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Siglufjarðarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Dalvíkurbyggð, Hríseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svabard- strandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsvíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Raufarhafnarhreppur, Svalbarðs- hreppur, Þórshafnarhreppur, Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Norður-Hérað, Fljótsdalshreppur, Fellahreppur, Austur-Hérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.

#### 3. *Suðurkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýr- dalshreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Holta- og Landsveit, Ásahreppur, Djúpárhreppur, Vestmannaeyjabær, Gaulverjabæjarhreppur, Sveitar- félagið Árborg, Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur, Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur, Grímsnes- og Grafnings- hreppur, Þingvallahreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grindavíkurkaupstaður, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Reykjanesbær og Vatnsleysustrandarhreppur.

#### 4. *Suðvesturkjördæmi.*

Til þess teljast eftirtalin sveitarfélög: Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Bessastaða- hreppur, Kópavogsbær, Seltjarnneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

#### 5.–6. *Reykjavíkurkjördæmi suður og norður.*

Reykjavík skal skipta frá vestri til austurs í tvö kjördæmi, suðurkjördæmi og norður- kjördæmi, eftir því sem fyrir er mælt í 7. gr.

Verði heiti eða mörkum sveitarfélags breytt eða sameinist tvö eða fleiri þeirra skal litið svo á að sveitarfélagið, sem til verður í staðinn, heyri til þess kjördæmis sem það eldra eða þau eldri heyrðu til. Varði slík breyting mörk kjördæma skulu þau þó haldast óbreytt.

## 7. gr.

Þegar boðað hefur verið til almennra alþingiskosninga skal landskjörstjórn ákveða mörk kjördæma í Reykjavík miðað við íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag, sbr. 1. mgr. 23. gr. Skulu mörkin við það miðuð að kjósendur í hvoru kjördæmi um sig að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, séu nokkurn veginn jafnmargir. Gæta skal þess, eftir því sem kostur er, að hvort kjördæmi sé sem samfelldust heild.

Landskjörstjórn auglýsir mörk kjördæmanna í Stjórnartíðindum jafnskjótt og þau liggja fyrir, og eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjördag.

## 8. gr.

Þingsæti eru 63 og skiptast þannig milli kjördæma:

Norðvesturkjördæmi .....	10 þingsæti
Norðausturkjördæmi .....	10 þingsæti
Suðurkjördæmi .....	10 þingsæti
Suðvesturkjördæmi .....	11 þingsæti
Reykjavíkurkjördæmi suður .....	11 þingsæti
Reykjavíkurkjördæmi norður .....	11 þingsæti

Í Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi skulu vera níu kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti í hverju kjördæmi. Í Suðvesturkjördæmi, Reykjavíkurkjördæmi norður og Reykjavíkurkjördæmi suður skulu vera níu kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti í hverju kjördæmi.

Þrátt fyrir það sem segir í 1. og 2. mgr. getur landskjörstjórn breytt fjölda kjördæmissæta í hverju kjördæmi í samræmi við 9. gr.

## 9. gr.

Eftir hverjar alþingiskosningar skal landskjörstjórn reikna út hvort kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum skv. 2. mgr. 8. gr., séu helmingi færri í einu kjördæmi en kjósendur að baki hverju þingsæti í einhverju öðru kjördæmi, miðað við kjörskrá í nýafstöðnum kosningum, sbr. 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar. Ef svo er skal landskjörstjórn breyta fjölda kjördæmissæta í kjördæmum þannig að dregið verði úr þessum mun. Sú breyting má þó aldrei verða meiri en þörf krefur hverju sinni til þess að fullnægja fyrirmælum þessa stjórnarskrárákvæðis.

Landskjörstjórn auglýsir breytinguna í Stjórnartíðindum jafnskjótt og hún hefur verið gerð.

Heimild landskjörstjórnar til að breyta þingmannatölu í kjördæmum samkvæmt þessari grein nær þó aðeins til þeirra kjördæmissæta sem eru umfram stjórnarskrárbundið lágmark, sbr. 3. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

## III. KAFLI

**Kjördeildir.**

## 10. gr.

Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir og er hvert sveitarfélag ein kjördeild nema sveitarstjórn hafi ákveðið að skipta því í fleiri kjördeildir.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstað eða tölusetja til aðgreiningar.



#### IV. KAFLI Kjörstjórnir.

##### 11. gr.

Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrenns konar:

- a. Landskjörstjórn.
- b. Yfirkjörstjórnir.
- c. Undirkjörstjórnir og aðrar kjörstjórnir sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 15. gr.

##### 12. gr.

Alþingi kýs eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm manna landskjörstjórn og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

##### 13. gr.

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara og eru þeir kosnir af Alþingi á sama hátt og landskjörstjórn. Kýs hún sér sjálf oddvita.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst meðan kosning fer fram, og skal aðsetur hennar liggja eins vel við samgöngum og kostur er.

##### 14. gr.

Nú forfallast landskjörstjórnar- eða yfirkjörstjórnarmaður og varamaður er ekki tiltækur, og skipar ráðherra menn í þeirra stað eftir tillögu þeirra samtaka sem kusu þá á Alþingi.

##### 15. gr.

Í hverri kjördeild skal vera undirkjörstjórn, skipuð þremur mönnum, sem sveitarstjórn kýs og jafnmarga til vara.

Í sveitarfélagi þar sem kjördeildir eru fleiri en ein getur sveitarstjórn kosið sérstaka þriggja manna kjörstjórn til að hafa umsjón með starfi undirkjörstjórna. Þar sem kjördeildir eru fleiri en ein á sama kjörstað skal sveitarstjórn kjósa þriggja manna kjörstjórn, hverfis- eða yfirkjörstjórn, til að hafa með höndum stjórn undirkjörstjórna á kjörstaðnum. Ef slíkir kjörstaðir eru fleiri en einn skal sveitarstjórn á sama hátt kjósa sérstaka yfirkjörstjórn sveitarfélagsins. Með samþykki yfirkjörstjórna Reykjavíkurborgar getur borgarstjórn ákveðið að þær kjörstjórnir fari með verkefni yfirkjörstjórna í hvoru kjördæmi í Reykjavíkurborg. Kjörstjórnir þessar skulu jafnan vera reiðubúnar til að koma fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða í sambandi við kosninguna ef með þarf.

Kjörstjórnir skulu kosnar á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn. Þar sem kosnar eru kjörstjórnir skv. 2. mgr. er sveitarstjórn heimilt að fresta kosningu undir- og hverfiskjörstjórna þannig að þær verði kosnar til eins árs fyrir hverjar almennar alþingiskosningar. Sveitarstjórn er einnig heimilt að fresta kosningu eins eða fleiri varamanna. Kjörstjórnir kjósa sér oddvita og skipta að öðru leyti með sér verkum.

##### 16. gr.

Sá sem sæti á í kjörstjórn skal víkja sæti ef hann er í kjöri til Alþingis.

Einnig skal kjörstjórnarmaður víkja sæti ef til úrskurðar er mál er varðar maka hans eða þann sem er skyldur honum eða mægður í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur honum með sama hætti við ættleiðingu.

## 17. gr.

Varamenn taka sæti í kjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir eða skipaðir. Ef kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð kveður hún sjálf til þann eða þá sem þarf til þess að talan sé fyllt.

## 18. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í kjörstjórn.

Dómsmálaráðherra ákveður þóknun fyrir störf í landskjörstjórn og yfirkjörstjórn en sveitarstjórn ákveður þóknun fyrir störf í undirkjörstjórn og kjörstjórn skv. 2. mgr. 15. gr.

## 19. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar. Í sveitarfélagi þar sem kosin er yfirkjörstjórn, sbr. 15. gr., er heimilt að ákveða að undirkjörstjórnir noti sérstök eyðublöð í stað gerðabókar.

Landskjörstjórn bókar ákvarðanir sínar um mörk kjördæma skv. 7. gr., um breytingu á þingmannatölu kjördæma skv. 9. gr., um stjórnmalasamtök og framboð, um viðtöku kjör-gagna, um atkvæðasamtölur stjórnmalasamtaka, um úthlutun þingsæta o.s.frv. Yfirkjörstjórnir bóka um viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra til landskjörstjórnar og viðtöku á ný, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum og máli skiptir um kosningarathöfnina.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar. Yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórnar.

Dómsmálaráðuneytið lætur kjörstjórnnum í té embættisinnsgli.

## V. KAFLI

**Kjördagur.**

## 20. gr.

Almennar reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram eigi síðar en við lok kjörtímabils. Upphaf og lok kjörtímabils miðast við sama vikudag í mánuði, talið frá mánaðamótum, þó að einstöku kosningar hafi ekki farið fram á þeim degi.

Dómsmálaráðuneytið skal auglýsa hvenær almennar reglulegar alþingiskosningar skulu fara fram.

Kjörtímabilið er fjögur ár.

## 21. gr.

Nú er Alþingi rofið og ákveður forseti Íslands þá kjördag.

## VI. KAFLI

**Kjörskrár.**

## 22. gr.

Þegar boðað hefur verið til almennra alþingiskosninga skulu sveitarstjórnir gera kjörskrár á grundvelli kjörskrárstofna sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur þeim í té.

## 23. gr.

Á kjörskrá skal taka:

- a. Þá sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 1. gr. og skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag.

b. Þá sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr., og síðast áttu skráð lögheimili hér á landi í sveitarfélaginu.

Þeim sem taka ber á kjörskrá í Reykjavík skv. b-lið 1. mgr. skal skipt á milli suður- og norðurkjördæmis í samræmi við 7. gr. Í suðurkjördæmi komi þeir sem fæddir eru fyrri hluta hvers mánaðar en í norðurkjördæmi þeir sem fæddir eru síðari hluta hvers mánaðar. Landskjörstjórn ákveður hvar mörkin skuli vera í mánuði, sbr. 1. mgr. 7. gr. Sama regla skal gilda um þá sem skv. a-lið 1. mgr. eru skráðir óstaðsettir í hús í Reykjavík.

#### 24. gr.

Kjörskrá skal rita á eyðublöð er Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur í té og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum sem hún lætur skrá á þau.

Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.

#### 25. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal eigi síðar en tólf dögum fyrir kjördag birta í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og dagblöðum auglýsingu um framlagningu kjörskráa. Í auglýsingunni skal tekið fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær hlutaðeigandi sveitarstjórn.

#### 26. gr.

Kjörskrá skal leggja fram almenningi til sýnis á skrifstofu sveitarstjórnar eða öðrum hentugum stað eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.

Sveitarstjórn skal auglýsa hvar kjörskrá liggur frammi á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar.

Eftir að kjörskrá hefur verið lögð fram skal hún liggja frammi á almennum skrifstofutíma til kjördags. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

#### 27. gr.

Sveitarstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir er henni berast við kjörskrá og gera viðeigandi leiðréttingar á henni ef við á. Slíka leiðréttingu má gera fram á kjördag.

Komi fram athugasemd um að nafn skuli tekið af kjörskrá skal það þegar tilkynnt hlutaðeigandi. Komi fram athugasemd um að taka skuli á kjörskrá einhvern sem ætla má að sé á kjörskrá í öðru sveitarfélagi skal það þegar tilkynnt hlutaðeigandi sveitarstjórn. Skal þeim veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum. Ef ágreiningur er um mál skal úrskurður ritaður með fáum orðum í gerðabók sveitarstjórnar.

Óheimilt er að breyta kjörskrá vegna nýs lögheimilis nema flutningur hafi átt sér stað í síðasta lagi fimm vikum fyrir kjördag og tilkynning um nýtt lögheimili hafi borist Hagstofu Íslands (þjóðskrá) til skráningar fyrir sama tíma eða ef umsókn þess sem fellur undir b-lið 2. mgr. 1. gr. um að vera tekinn á kjörskrá hefur ekki borist Hagstofunni fyrir 1. desember næstan fyrir kjördag.

Sveitarstjórn skal enn fremur fram á kjördag leiðrétta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát eða um að einhver hafi öðlast, eftir atvikum misst, íslenskt ríkisfang.

#### 28. gr.

Sveitarstjórn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi um leiðréttingar á kjörskrá skv. 27. gr., svo og sveitarstjórn er mál getur varðað.

Sveitarstjórn skal jafnframt tilkynna hlutaðeigandi kjörstjórn um leiðréttingar á kjörskrá, svo og oddvita yfirkjörstjórnar.

## 29. gr.

Nú hefur kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð eða um það hefur ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður, jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það sem skort hefur á að færi lögum samkvæmt.

## VII. KAFLI

**Framboð.**

## 30. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri sem í hlut á eigi síðar en kl. 12 á hádegi 15 dögum fyrir kjördag.

Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir eru í kjöri.

## 31. gr.

Á framboðslista skulu vera nöfn tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu, hvorki fleiri né færri.

## 32. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Tilgreina skal nafn meðmælenda, kennitölu hans og heimili. Fjöldi meðmælenda skal vera margfeldi af þingsætutölu kjördæmisins og talnanna 30 að lágmarki og 40 að hámarki.

Með stjórnmalasamtökum er í lögum þessum átt við samtök sem bjóða eða boðið hafa fram við alþingiskosningar. Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda hans um það fyrir hvaða stjórnmalasamtök listinn er boðinn fram. Allir listar, sem bornir eru fram fyrir sömu stjórnmalasamtök, eiga saman þegar jöfnunarsætum er úthlutað skv. 108. gr. Ef fyrrgreinda yfirlýsingu vantar telst listi vera sérstakt framboð.

Ef sá sem ákveður framboðslista eða staðfestir hann endanlega samkvæmt reglum stjórnmalasamtaka ber fram mótmæli gegn því að listi sé í framboði fyrir þau samtök skal úrskurða að slíkur framboðslisti teljist ekki vera í framboði fyrir þau.

## 33. gr.

Við sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum. Sami kjósandi má ekki mæla með fleiri en einum lista við sömu alþingiskosningar.

## 34. gr.

Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin sem eru fram yfir tilskilda tölu.

Nú berst yfirkjörstjórn listi er nafn manns stendur á án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórn nema það nafn burt af listanum eða listunum.

Nú berast yfirkjörstjórn meðmælendalistar þar sem sami kjósandi mælir með fleiri en einu framboði, og verður kjósandinn þá ekki talinn meðmælendi neins þeirra.

## 35. gr.

Frambjóðandi getur afturkallað samþykki sitt til framboðs fram til þess að frestur til að skila framboðum rennur út.

Kjósandi, sem mælt hefur með framboðslista, getur ekki afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína eftir að framboð hefur verið afhent yfirkjörstjórn.

#### 36. gr.

Ekki er nauðsynlegt að kjörgengi frambjóðenda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra sem kosnir eru jafnframt því sem það úrskurðar um hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

#### 37. gr.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram en kosning fer fram en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið.

### VIII. KAFLI

#### Listabókstafir stjórnmalasamtaka.

#### 38. gr.

Dómsmálaráðuneytið skal halda skrá um listabókstafi stjórnmalasamtaka sem buðu fram lista við síðustu almennar alþingiskosningar. Skal skráin birt með auglýsingu eigi síðar en átta vikum fyrir hverjar almennar alþingiskosningar. Nú eru fyrirskipaðar kosningar með svo stuttum fyrirvara að þetta verður ekki gert, og skal þá birta auglýsingu þessa innan þriggja sólarhringa eftir að kosningar eru fyrirskipaðar.

Hyggist stjórnmalasamtök sem hafa ekki skráðan listabókstaf bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur rennur út. Tilkynningin skal undirrituð af a.m.k. 300 kjósendum. Hún skal dagsett og skal greina nafn kjósenda, kennitölu hans og heimili. Heiti nýrra stjórnmalasamtaka má ekki vera þannig að ætla megi að villst verði á því og heiti samtaka sem eru á skrá skv. 1. mgr. Dómsmálaráðuneytið skal þegar tilkynna stjórnmalasamtökum, sem eru á skrá, um ný stjórnmalasamtök sem tilkynnt eru og um ósk þeirra um listabókstaf. Ákveður ráðuneytið bókstaf nýrra samtaka að fengnum óskum þeirra og með hliðsjón af listabókstöfum annarra stjórnmalasamtaka í undangengnum kosningum. Nú óska samtök, sem skráð eru, að breyta heiti sínu og skulu þau þá tilkynna það dómsmálaráðuneytinu innan sama frests.

Breytingar á auglýsingu ráðuneytisins og viðauka við hana skal þegar birta með auglýsingu og tilkynna landskjörstjórn og yfirkjörstjórnunum.

### IX. KAFLI

#### Umboðsmenn.

#### 39. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra sem þeir eru fyrir við skoðun og úrskurð listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á einstökum kjörstöðum og við talningu atkvæða. Skyllt er umboðsmönnum að hlíta þeim fundarreglum sem kjörstjórn setur.

40. gr.

Sérhver stjórnmalasamtök, sem boðið hafa fram, eiga rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda er landskjörstjórn úrskurðar skv. 44. gr. hverjum samtökum skuli telja þá framboðslista sem fram hafa komið, svo og við öll störf landskjörstjórnar að úthlutun þingsæta.

Nú rís ágreiningur um hvort framboðslisti telst til þeirra stjórnmalasamtaka sem meðmælendur hans óska og skal þá landskjörstjórn gefa meðmælendum kost á að tilnefna sérstaka umboðsmenn til að gæta hagsmuna sinna þegar úr þeim ágreiningi er skorið.

## X. KAFLI

### Úrskurður um framboð og auglýsing.

41. gr.

Þegar frestur sá er liðinn sem ákveðinn er um framboð heldur yfirkjörstjórn fund næsta dag og skal umboðsmönnum framboðslista veittur kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá og má veita frest í því skyni eftir því sem tími og atvik leyfa. Ef gallar sem yfirkjörstjórn hefur bent á eru ekki leiðréttir innan tilsetts frests kveður hún upp úrskurð um hvort listi skuli fyrir það teljast ógildur. Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um úrskurð ræður afl atkvæða úrslitum.

42. gr.

Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur og skal eftirrit af úrskurði þá þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af lista þeim sem rækur er ger.

Úrskurði yfirkjörstjórnar má umboðsmaður skjóta til landskjörstjórnar innan sólarhrings frá því að hann var kveðinn upp.

43. gr.

Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista merkir hún lista stjórnmalasamtaka með hliðsjón af auglýsingu dómsmálaráðuneytisins um listabókstafi þeirra, sbr. 38. gr.

Nú hafa stjórnmalasamtök fleiri lista en einn í sama kjördæmi og skal þá merkja þá A, AA ..., B, BB ... o.s.frv. eftir því sem við á.

44. gr.

Jafnskjótt og yfirkjörstjórn hefur lokið merkingu framboðslista skal hún senda þá til landskjörstjórnar ásamt öllum gögnum sem þeim fylgdu, sbr. 32. gr. Landskjörstjórn tekur þá þegar til meðferðar og úrskurðar, ef þörf krefur, hverjum stjórnmalasamtökum skuli telja þá framboðslista sem í kjöri verða við kosningarnar. Þá skal landskjörstjórn og gæta þess að listar sem saman eiga, sbr. 32. gr., séu merktir sama bókstaf í öllum kjördæmum. Umboðsmönnum stjórnmalasamtaka skal gefinn kostur á að vera viðstaddir þegar landskjörstjórn kemur saman í þessu skyni, sbr. 40. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borist gögn frá öllum yfirkjörstjórnnum og hún hefur afgreitt listana á þennan hátt skal hún þegar í stað gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttir röð, stöðu þeirra eða starfsheiti og heimili. Jafnframt skal landskjörstjórn birta í Ríkisútvarpinu (hljóðvarpi og sjónvarpi) auglýsingu og skal þar tilgreina bókstaf hvers lista og fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er borinn fram. Auglýsingar þessar skal birta eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag.

Landskjörstjórn endursendir síðan yfirkjörstjórnnum listana ásamt greinargerð um afgreiðslu sína. Jafnframt sendir landskjörstjórn dómsmálaráðuneytinu listana eins og þeir eru birtir.

#### 45. gr.

Ef frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 37. gr. skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það landskjörstjórn og dómsmálaráðuneytinu. Landskjörstjórn skal birta listann þannig breyttan í Lögbirtingablaði og blöðum, sbr. 2. mgr. 44. gr. Jafnframt skal landskjörstjórn birta í Ríkisútlvarpinu (hljóðvarpi) auglýsingu um breytinguna.

### XI. KAFLI

#### **Kjörgögn.**

#### 46. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörgögn við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Það lætur einnig í té leiðbeiningar um tilhögun atkvæðagreiðslunnar. Kjörgögn þessi skulu jafnan vera fyrir hendi hjá þeim er annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Sýslumenn annast afgreiðslu kjörgagna til hreppstjóra og til skipstjóra á skipum í siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum, sbr. 60. gr., og utanríkisráðuneytið annast afgreiðslu kjörgagna til kjörstjóra erlendis.

Kjörstjórar skulu varðveita kjörgögnin á öruggum stað.

#### 47. gr.

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eru: kjörseðill, kjörseðilsumslag, fylgibréf og sendiumslag, svo og stimplar með listabókstöfum.

Á kjörseðli og kjörseðilsumslagi skal prentað að um sé að ræða kjörseðil og kjörseðilsumslag. Fylgibréf og sendiumslag skulu þannig gerð að á þau megi auðveldlega rita þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í lögnum.

Dómsmálaráðuneytið kveður nánar á um gerð kjörgagna þessara.

#### 48. gr.

Skipstjórar, sem eru kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, skulu gæta þess að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundar-atkvæðagreiðslu.

Enn fremur er skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

#### 49. gr.

Skipstjóri, sem veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal undirrita og afhenda hlutaðeigandi sýslumanni drengskaparyfirlýsingu um að kosning í skipi hans muni fara fram samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

Sérstakur kjörstjóri skv. 2. mgr. 59. gr., sem veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal og undirrita og afhenda utanríkisráðuneytinu eða hlutaðeigandi sendierindreka sams konar yfirlýsingu.

#### 50. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur gera kjörseðla sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi þegar tilkynning hefur borist frá landskjörstjórn skv. 3. mgr. 44. gr.

Kjörseðlar skulu vera úr haldgóðum pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum, a.m.k. 125 g/m<sup>2</sup> að þyngd. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

51. gr.

Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning ekki niður þó að einungis einn listi sé í kjöri.

52. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi, skal fullgera þannig: Prenta skal framboðslistana hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra, og skal ætla hverjum lista um 6 sm breidd en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu frambjóðenda. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í rétttri röð ásamt stöðu eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum og skal að minnsta kosti 1/2 sm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmalasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn en ofan við nöfnin á listanum: **Listi** ... (nafn stjórnmalasamtakanna).

53. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá sem sendir verða undirkjörstjórnnum og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana áður en hún sendir þá frá sér.

54. gr.

Kjörseðlar skulu að jafnaði fullgerðir eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag og skal dómsmálaráðuneytið þegar senda þá yfirkjörstjórn.

Yfirkjörstjórn skal síðan senda á öruggan hátt undirkjörstjórn hverri jafnmarga seðla og kjösendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir. Þar sem kosnar eru sérstakar kjörstjórnir skv. 2. mgr. 15. gr. er heimilt að afhenda þeim kjörseðla óflokkaða fyrir kjördeildir og annast þær þá afhendingu kjörseðlanna til undirkjörstjórna.

Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum er yfirkjörstjórn innsiglar með embættis-innsigli sínu svo vandlega að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

Seðlum, sem eigi eru afgreiddir til undirkjörstjórna, gerir yfirkjörstjórn grein fyrir þegar atkvæði eru talin.

55. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórn sendir undirkjörstjórnnum kjörseðla skal hún láta hverri sendingu fylgja blindraspjöld, sbr. 2. mgr. 81. gr., svo og tilkynningu um framboðslista, kosningaleiðbeiningar og sérprentun laga þessara, sbr. 77. gr.

Sendingu þessari skulu og fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin sex umslög og skal á neðra framhorn vera prentað á tvö þeirra **Ónýtir seðlar**, á tvö **Agreiningsseðlar** og á tvö **Afgangsseðlar**.

Umslög þessi skulu vera svo stór að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt umslag með áprentaðri utanáskrift sinni og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn lögtilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefur hana ekki fyrir, eða viðeigandi eyðublöð, sbr. 1. mgr. 19. gr.



## XII. KAFLI

**Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.**

## 56. gr.

Kjósandi, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar eftir þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

## 57. gr.

Kosningu utan kjörfundar skal hefja svo fljótt sem kostur er eftir að kjördagur hefur verið auglýstur, þó eigi fyrr en átta vikum fyrir kjördag. Eftir þann tíma og til kjördags á kjósandi rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar. Atkvæðið telst greitt þann dag sem fylgibréfið er dagsett.

## 58. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar skal fara fram hjá:

- a. sýslumönnum, í aðalskrifstofu sýslumanns eða útibúi; sýslumaður getur ákveðið að atkvæðagreiðsla á aðsetri embættis fari fram á sérstökum kjörstað utan aðalskrifstofu, svo og að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum í umdæmi hans; sýslumaður ákveður hverjir starfsmenn hans skulu vera kjörstjórar og ræður aðra trúnaðarmenn til þeirra starfa,
- b. hreppstjórum, í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra.

Kjósanda, sem er til meðferðar á sjúkrahúsi eða vistmaður þar, á dvalarheimili aldraðra og stofnun fyrir fatlaða, er heimilt að greiða atkvæði á stofnuninni. Með sama hætti fer um fangelsi og vistmenn þar.

Kjósanda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, er heimilt að greiða atkvæði í heimahúsi nema hann eigi kost á að greiða atkvæði á stofnun skv. 2. mgr. Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjósandans og hafa borist hlutadeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag. Kjörstjóri getur í sinn stað tilnefnt tvo trúnaðarmenn til að sjá um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hjá kjósanda.

Kjörstjóri auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram og á þann hátt á hverjum stað sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Skal haga framkvæmd og afgreiðslutíma þannig að kosning geti gengið sem greiðast fyrir sig. Atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. skal fara fram á þeim tíma sem kjörstjóri ákveður, á sjúkrahúsi sem næst kjördegi, að höfðu samráði við stjórn stofnunar.

Dómsmálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 2. og 3. mgr. Slík atkvæðagreiðsla má þó ekki fara fram fyrr en þremur vikum fyrir kjördag. Tilkynna skal umboðsmönnum lista, sbr. 39. gr., um hvenær atkvæðagreiðsla skv. 2. mgr. fer fram.

## 59. gr.

Erlendis skal atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fara fram í skrifstofu sendiráðs eða fastanefndar hjá alþjóðastofnun, í sendiráðisskrifstofu eða í skrifstofu kjöræðismanns samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins. Utanríkisráðuneytið getur og ákveðið að atkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum erlendis.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu erlendis eru forstöðumenn sendiráða og fastanefnda, sendiráðismenn, aðrir sendierindrekar eftir ákvörðun viðkomandi forstöðumanns, svo og aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiráðisskrifstofa eftir ákvörðun utanríkisráðuneytisins, kjöræðismenn samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins, svo og sérstakir kjörstjórar tilnefndir af utanríkisráðuneytinu.

Utanríkisráðuneytið auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram erlendis.

## 60. gr.

Kjósandi, sem er í áhöfn eða farþegi um borð í íslensku skipi í siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum, má kjósa um borð í skipinu.

Skipstjóri eða sá sem hann tilnefnir skal vera kjörstjóri.

## 61. gr.

Ef kjörstjóri er í framboði skal hann víkja sæti og annar þar til bær gegna störfum hans. Ekki má atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fara fram á heimili framboðanda.

## 62. gr.

Kosning utan kjörfundar er því aðeins gild að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörgögn.

Kosningin fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista sem hann vill kjósa og má hann geta þess hvernig hann vill hafa röðina á listanum.

## 63. gr.

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 44. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt samkvæmt sérstökum samningi að taka að sér að veita pósthjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. maí 2000.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Valgerður Svverrisdóttir.*

Nr. 49

## LÖG

16. maí 2000

## um breyting á lögregluglögum, nr. 90 13. júní 1996.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „20 til 35 ára“ í a-lið 2. mgr. kemur: en þó má víkja frá aldurshámarkinu við sérstakar aðstæður.
- b. Á eftir orðunum „eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri“ í c-lið 2. mgr. kemur: eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms.
- c. 4. mgr. orðast svo:

Nám í lögregluskólanum stendur í a.m.k. tólf mánuði og skiptist í þrjár annir. Fyrsta önn er ólaunuð. Þeim nemum sem standast próf á önninni skal ríkislögreglustjóri sjá fyrir launaðri starfsþjálfun í lögreglu ríkisins í a.m.k. fjóra mánuði. Að lokinni starfsþjálfunarönn tekur við launuð þriðja önn í lögregluskólanum sem lýkur með prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. maí 2000.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Sólveig Pétursdóttir.***Endurprentað blað.**

# LÖG

## um lausafjárkaup.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Gildissvið.

#### 1. gr.

*Almennt gildissvið laganna.*

Lög þessi gilda um kaup að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg mælt fyrir í lögum. Lögin gilda ekki um fasteignakaup.

Lög þessi gilda einnig um skipti eftir því sem við getur átt.

#### 2. gr.

*Pöntunarkaup. Þjónustusamningar.*

Lög þessi gilda um pöntun hlutar sem búa skal til þegar sá sem pantar lætur ekki í té verulegan hluta efnis til framleiðslunnar. Lögin gilda hvorki um samninga um að reisa byggingar né önnur mannvirki á fasteign.

Lögin gilda ekki um samninga þegar sá sem afhendir hlut skal jafnframt láta í té vinnu eða aðra þjónustu sem felur í sér mestan hluta af skyldum hans.

#### 3. gr.

*Samningar og viðskiptavenjur.*

Ákvæði laga þessara eiga ekki við þegar annað leiðir af samningi, fastri venju milli aðila, viðskiptavenju eða annarri venju sem telja verður bindandi í millum aðila.

#### 4. gr.

*Neytendakaup.*

Í neytendakaupum er ekki unnt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru kaupanda óhagstæðari en leiða mundi af lögum þessum.

Með neytendakaupum er átt við kaup þar sem seljandinn hefur atvinnu sína af sölu og söluhlutur er aðallega ætlaður til persónulegra nota fyrir kaupandann, fjölskyldu hans, heimilisfólk eða þá sem hann umgengst, nema seljandinn hafi við samningsgerð hvorki vítað né mátt víta að hluturinn var keyptur í því skyni. Kaup á kröfum og réttindum teljast ekki til neytendakaupa.

Það telst sala í atvinnustarfsemi þegar seljandinn eða umboðsmaður hans koma fram sem atvinnumenn í viðkomandi starfsemi.

#### 5. gr.

*Alþjóðleg kaup.*

Lög þessi gilda um alþjóðleg kaup með þeim sérreglum sem í lögnum felast, sbr. einkum ákvæði XV. kafla.

Sérreglur um alþjóðleg kaup gilda ekki í kaupum þegar seljandinn hefur atvinnustöð sína í Danmörku, Finnlandi, á Íslandi, í Noregi eða Svíþjóð og kaupandinn hefur atvinnustöð sína í einhverju þessara landa (norræn kaup).

Sérreglurnar eiga ekki heldur við um:

- a. neytendakaup og sambærileg kaup milli neytenda,
- b. kaup á uppboði,



- c. sölu í framhaldi af fullnustugerð eða samkvæmt lagaboði,
- d. kaup á verðbréfum, peningum, kröfum eða réttindum,
- e. kaup á farartækjum, loftförum eða loftpúðaskipum.

## II. KAFLI

### Afhendingin.

#### 6. gr.

##### *Reiðukaup.*

Söluhlutur skal hafa til reiðu til viðtöku á þeim stað þar sem seljandi hafði atvinnustöð sína (eða heimili, sbr. 83. gr.) þegar kaup voru gerð. Ef aðilar vissu þá að söluhlutur eða þær vörubirgðir eða framleiðslustaður sem hlut átti að taka frá var á öðrum stað skal hafa hlutinn til reiðu þar.

Söluhlutur telst afhentur þegar kaupandi hefur veitt honum viðtöku.

#### 7. gr.

##### *Staðarkaup og sendingarkaup.*

Ef söluhlutur skal færa kaupanda á sama stað eða innan þess svæðis þar sem seljandi er vanur að sjá um að flytja slíka hluti (staðarkaup) telst hlutur afhentur þegar honum er veitt viðtaka þar.

Ef senda skal söluhlutur til kaupanda í öðrum tilvikum (sendingarkaup) og annað leiðir ekki af flutningsskilmálum eða öðrum samningi telst hlutur afhentur þegar hann hefur verið fenginn þeim flytjanda í hendur sem tekið hefur að sér flutning frá sendingarstað. Ef seljandinn sér sjálfur um flutninginn telst afhending þá fyrst hafa átt sér stað þegar kaupandi hefur veitt hlutum viðtöku.

Ef hlutur er seldur „frítt“, „afhentur“ eða „afhentur frítt“ og gefinn er til kynna ákveðinn staður telst hluturinn ekki afhentur fyrir en hann er kominn þangað.

Í neytendakaupum telst hlutur afhentur þegar kaupandi hefur veitt honum viðtöku. Eigi kaupandi að sækja hlut á ákvörðunarstað telst afhending einnig hafa farið fram þegar sá tími er kominn að kaupanda var skylt að sækja hlutinn þangað.

#### 8. gr.

##### *Viðbótarskyldur við sendingarkaup.*

Ef seljandi á að sjá um að senda hlut er honum skylt að gera þá samninga sem nauðsynlegir eru til þess að hann verði fluttur á ákvörðunarstað með viðeigandi hætti og samkvæmt venjulegum skilmálum um slíka flutninga.

Ef söluhlutur er ekki tryggður í flutningi skal seljandi tilkynna kaupanda það. Ef seljandi á ekki að kaupa tryggingar vegna flutnings hlutarins verður hann, ef kaupandinn æskir þess, að gefa þær upplýsingar sem kaupandanum eru nauðsynlegar til þess að hann geti keypt sér slíka tryggingu.

Ef seljandi afhendir flutningsmanni hlut án þess að greinilega komi fram með auðkenningu, í flutningsskjali eða á annan skýran hátt, að hluturinn eigi að fara til kaupanda verður seljandi að tilkynna kaupanda greinilega hvar hann eigi að veita hlutum viðtöku.

#### 9. gr.

##### *Afhendingartími.*

Ef hlut á ekki að afhenda samkvæmt kröfu eða án tafar og afhendingartímann leiðir ekki heldur með öðrum hætti af samningi skal afhenda hlutinn innan sanngjarns tíma frá því að kaup voru gerð.

Ef samið hefur verið um svigrúm varðandi afhendingartíma á seljandinn rétt á að velja hann, nema atvik sýni að kaupandi eigi að velja hann.

Ef seljanda í reiðukaupum er rétt að velja afhendingartíma skal hann tilkynna kaupanda með nægum fyrirvara hvenær sækja megi hlutinn.

## 10. gr.

*Heimild seljanda til að halda eigin greiðslu.*

Ef seljandi hefur ekki veitt lán eða greiðslufrest er hann ekki skyldur til að afhenda hlutinn, framselja skjöl eða á annan hátt að yfirfæra ráðstöfunarrétt yfir hlutnum, nema því aðeins að kaupverðið sé samtímis greitt.

Ef seljandi á að senda hlut til annars staðar getur hann ekki látið það hjá líða, en hann getur komið í veg fyrir að kaupandinn fái umráðin þar til kaupverðið er greitt.

## 11. gr.

*Kostnaður.*

Seljandi greiðir kostnað vegna söluhlutar þar til hann hefur verið afhentur. Ákvæði þetta gildir ekki um kostnað sem stafar af því að afhendingu seinkar vegna atvika sem varða kaupanda.

Ef söluhlutur í neytendakaupum skal senda til kaupanda má, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., semja um það að kaupandi greiði til viðbótar kaupverðinu kostnað vegna sendingarinnar.

## III. KAFLI

**Áhættan af söluhlut.**

## 12. gr.

*Um það hvað í áhættu felst.*

Þegar áhættan af söluhlut hefur flust yfir til kaupanda fellur skylda hans til þess að greiða kaupverðið ekki niður þótt hluturinn eftir það farist, skemmist eða rýrni ef um er að ræða atvik sem ekki verða rakin til seljanda.

## 13. gr.

*Áhættuflutningur.*

Áhættan flyst yfir til kaupanda þegar söluhlutur hefur verið afhentur í samræmi við ákvæði samnings eða í samræmi við ákvæði 6. eða 7. gr.

Ef hlutur er ekki vitjað eða honum veitt viðtaka á réttum tíma og það má rekja til kaupanda eða atvika sem hann varða flyst áhættan yfir á kaupandann þegar hlutur er honum til ráðstöfunar og vanefnd verður af hans hálfu við það að veita hlutnum ekki viðtöku. Í neytendakaupum ber kaupandi þó ekki áhættuna af tilviljunarkenndum atburði sem verður meðan hluturinn er hjá seljanda, enda sé ekki unnt að rekja atburðinn til eiginleika hlutarins sjálfs.

Ef kaupandi á að vitja söluhlutar annars staðar en hjá seljanda flyst áhættan yfir til kaupanda þegar afhendingartíminn er kominn og kaupanda er kunnugt um að hluturinn er honum heimill til ráðstöfunar á afhendingarstaðnum.

## 14. gr.

*Auðkenning söluhlutar.*

Áhættan flyst ekki yfir til kaupanda fyrr en söluhlutur hefur verið auðkenndur honum með merkingu á flutningsskjöllum eða það hefur á annan hátt verið gert ljóst að hlutur er ætlaður honum.

## 15. gr.

*Söluhlutur í flutningi.*

Ef kaup eru gerð um söluhlut sem er í flutningi flyst áhættan yfir til kaupanda við lok samningsgerðar, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi tekið á sig áhættuna þegar frá þeirri stundu er hlutur var afhentur flutningsmanni þeim sem gaf út flutningsskjalið. Seljandi ber þó ávallt áhættuna af tjóni sem hann vissi eða mátti vita um við kaupin en upplýsti kaupanda ekki um.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki í neytendakaupum.

## 16. gr.

*Skil hlutar sem keyptur er með skilarétti.*

Ef söluhlutur hefur verið keyptur eða afhentur til reynslu eða á annan hátt með rétti til að skila honum aftur ber kaupandi áhættuna samkvæmt ákvæðum þessa kafla þar til seljandinn hefur aftur veitt hlutnum viðtöku. Þetta gildir þó ekki þegar kaupandinn hefur rétt til að skila söluhlut samkvæmt ákvæðum í lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga.

## IV. KAFLI

**Eiginleikar söluhlutar, gallar o.fl.**

## 17. gr.

*Eiginleikar söluhlutar.*

Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
- c. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;
- d. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann.

Í neytendakaupum skal söluhlutur einnig vera í samræmi við þær kröfur opinbers réttar sem gerðar eru í lögum eða opinberum ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga á þeim tíma sem kaup eru gerð. Þetta gildir þó ekki ef aðstæður sýna að kaupandi byggði ekki á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafði ekki sanngjarna ástæðu til þess.

Hafi seljandi í neytendakaupum tekið að sér samsetningu hins selda hlutar telst hann gallaður ef orsök gallans er rakin til rangrar samsetningar seljanda. Sama á við ef neytandi skal annast samsetningu hlutarins og orsök gallans er rakin til rangra eða ófullnægjandi leiðbeininga af hálfu seljanda.

Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1.–4. mgr.

## 18. gr.

*Upplýsingar um eiginleika eða notkun.*

Reglur um galla gilda einnig þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla má að hafi haft áhrif á kaupin.

Regla 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra mark-

aðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila. Í öðrum kaupum en neytendakaupum gildir þetta þó ekki ef seljandi hvorki vissi né mátti vita að upplýsingarnar voru gefnar.

Reglur 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar upplýsingarnar eru leiðréttar á skýran og skilmerkilegan hátt og með nægum fyrirvara.

19. gr.

*Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“.*

*Sala á uppboði.*

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

20. gr.

*Vond trú kaupanda, rannsókn fyrir kaup o.fl.*

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Reglur 2. mgr. gilda einnig hafi kaupandi fyrir kaup rannsakað sýnishorn af hlutum eða látið það hjá líða án gildrar ástæðu og gallinn varðar eiginleika sem sjá mátti á sýnishorninu.

21. gr.

*Tímamark galla.*

Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flyst yfir til kaupanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar.

Seljandi ber einnig ábyrgð á galla sem kemur fram síðar ef ástæðu gallans má rekja til vanefnda af hans hálfu. Sama á við þegar seljandi hefur með ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum hætti ábyrgst að hluturinn hafi tiltekna eiginleika eða að hlut megi nota með venjulegum eða sérstökum hætti tiltekinn tíma eftir afhendingu.

V. KAFLI

**Úrræði kaupanda vegna vanefnda seljanda.**

**Greiðsludráttur.**

22. gr.

*Almenn ákvæði.*

Ef hlutur er ekki afhentur eða hann er afhentur of seint og ekki er kaupanda um að kenna eða atvikum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 23.–29. gr. krafist efnda, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir kaupverðinu skv. 42. gr. Réttur kaupanda til

skaðabóta fellur ekki niður þótt hann setji fram aðrar kröfur eða ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

Ef seljandi fullnægir að öðru leyti ekki nógu snemma skyldum sínum samkvæmt samningnum gilda ákvæðin um greiðsludrátt, eftir því sem við getur átt, þó ekki ákvæði 2. og 3. mgr. 25. gr. Um annað má semja, einnig í neytendakaupum, enda sé það kaupanda í hag.

### 23. gr.

#### *Réttur til efnda.*

Kaupandi getur haldið fast við kaup og krafist efnda. Þetta gildir ekki ef um er að ræða hindrun sem seljandi ræður ekki við og heldur ekki ef efndir hefðu í för með sér slíkt óhagræði eða kostnað fyrir seljanda að það væri í verulegu ósamræmi við hagsmuni kaupanda af efndum.

Ef úr vandkvæðum greiðist innan hæfilegs tíma getur kaupandi krafist efnda. Það er þó skilyrði að efndir verði ekki, miðað við þann tíma sem liðinn er, mun örðugri eða leiði til annars eðlis en þess sem seljandi gat vænst eða að öðru leyti sé ósanngjarnt að krefjst efnda.

Kaupandi glatar rétti sínum til efnda ef hann dregur óhæfilega lengi að krefjast þeirra.

### 24. gr.

#### *Fyrirspurnir.*

Nú beinir seljandi fyrirspurn til kaupanda um það hvort hann vilji veita hlut viðtöku þrátt fyrir seinkun eða hann tilkynnir kaupanda að hann muni afhenda hið selda innan tiltekins tíma, en kaupandi svarar ekki án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk tilkynninguna. Getur kaupandi þá ekki rift kaupunum ef efndir verða innan þess tíma sem nefndur var.

### 25. gr.

#### *Riftun.*

Kaupandi getur rift kaupum þegar greiðsludráttur hefur í för með sér verulegar vanefndir.

Einnig er unnt að rifta kaupum ef seljandi afhendir ekki söluhlut og efndir dragast fram yfir sanngjarnan viðbótarfrest sem kaupandi hefur sett.

Meðan viðbótarfrestur er að líða getur kaupandi ekki rift kaupum, nema því aðeins að seljandinn hafi lýst því yfir að ekki verði af efndum á þeim tíma eða ljóst er að hann muni ekki efna.

### 26. gr.

#### *Riftun pöntunarkaup.*

Ef kaup varða hlut sem er útbúinn sérstaklega fyrir kaupanda samkvæmt fyrirmælum hans eða óskum, og geti seljandi af þeim sökum ekki ráðstafað hlutnum á annan hátt án verulegs tjóns, getur kaupandi því aðeins rift kaupunum að greiðsludráttur leiði til þess að tilgangur hans með kaupunum raskist verulega. Ákvæði þetta gildir ekki um alþjóðleg kaup.

### 27. gr.

#### *Skaðabætur.*

Kaupandi getur krafist skaðabóta vegna þess tjóns sem hann bíður vegna greiðsludráttar af hálfu seljanda. Þetta gildir þó ekki ef seljandi sýnir fram á að greiðsludráttur hafi orðið vegna hindrunar sem hann fékk ekki ráðið við eða ekki er með sanngirmi unnt að ætlast til að hann hefði haft hindrunina í huga við samningsgerð eða getað komist hjá eða sigrast á afleiðingum hennar.

Ef greiðsludrátt má rekja til þriðja manns sem seljandi hefur falið að efna kaupin að nokkru leyti eða öllu er seljandi því aðeins laus undan ábyrgð að þriðji maður væri það einnig samkvæmt reglu 1. mgr. Sama gildir ef greiðsludrátt má rekja til afhendingaraðila sem seljandi hefur notað eða til einhvers annars á fyrra sölustigi.

Lausn undan ábyrgð er til staðar meðan hindrun er fyrir hendi. Falli hún brott er unnt að koma fram ábyrgð, enda sé seljanda þá skylt að efna kaupin, en hann láti það hjá líða.

Reglur í 1.–3. mgr. eiga ekki við um óbeint tjón skv. 2. mgr. 67. gr. Í alþjóðlegum kaupum ná reglurnar þó einnig til óbeins tjóns, nema annað leiði af 3. mgr. 70. gr.

Kaupandi getur ávallt krafist skaðabóta ef greiðsludrátt eða tjón má rekja til mistaka eða vanrækslu af hálfu seljanda.

#### 28. gr.

##### *Upplýsingaskylda um hindrun.*

Ef hindrun kemur í veg fyrir að seljandi geti efnt kaupin á réttum tíma skal hann tilkynna kaupanda um hindrunina og áhrif hennar á möguleika sína til að efna kaupin. Fáí kaupandi ekki slíka tilkynningu án ástæðulauss dráttar frá því að seljandi fékk eða gat fengið vitneskju um hindrunina getur kaupandi krafist þess að það tjón sé bætt sem unnt hefði verið að komast hjá ef hann hefði fengið tilkynninguna með nægum fyrirvara.

#### 29. gr.

##### *Riftunarfrestur.*

Ef hlutur er afhentur of seint getur kaupandi ekki rift kaupum, nema hann tilkynni það seljanda innan sanngjarns tíma frá því að hann fékk vitneskju um afhendinguna.

### **Gallar.**

#### 30. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.–40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr. Réttur kaupanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann geri aðrar kröfur eða þótt ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.

Reglurnar um galla gilda einnig um aðra ágalla á efndum seljanda, eftir því sem við á. Unnt er að semja um annað, og gildir það einnig í neytendakaupum, enda sé það kaupanda í hag.

#### 31. gr.

##### *Rannsókn kaupanda eftir afhendingu.*

Eftir afhendingu skal kaupandi, jafnskjótt og sanngjarnt tækifæri gefst, rannsaka söluhlut á þann hátt sem góð venja stendur til.

Ef flytja á hlut frá afhendingarstað getur kaupandi beðið með rannsókn þar til hluturinn er kominn á ákvörðunarstað.

Breyti kaupandi ákvörðunarstað meðan hlutur er í flutningi eða sendi hlut áfram án þess að hafa haft sanngjarnt tækifæri til að rannsaka hann, og hafi seljandi við kaupin vitað eða mátt vita um möguleikann á slíkri breytingu eða framsendingu, má láta rannsókn bíða þar til hluturinn er kominn á hinn nýja ákvörðunarstað.

Grein þessi gildir ekki í neytendakaupum.

## 32. gr.

*Tilkynning.*

Kaupandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju gallinn er fölginn. Í neytendakaupum er jafnframt heimilt að tilkynna þeim aðila um galla sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr honum.

Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

Við sölu á byggingarefni, sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti, er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að efninu var veitt viðtaka.

## 33. gr.

*Undantekningar frá reglum um tilkynningar.*

Þrátt fyrir ákvæði 31. og 32. gr. getur kaupandi borið fyrir sig galla ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.

## 34. gr.

*Krafa um úrbætur og nýja afhendingu.*

Kaupandi getur krafist þess að seljandi bæti úr galla á eigin reikning ef það verður gert án þess að valda seljanda ósamngjörnum kostnaði eða óhagræði. Seljandi getur þess í stað afhent nýjan hlut í samræmi við ákvæði 36. gr.

Kaupandi getur krafist nýrrar afhendingar ef galli er verulegur. Þetta á ekki við ef fyrir hendi er hindrun eða sams konar ósamræmi og um ræðir í 23. gr. Þá er ekki heldur unnt að krefjast nýrrar afhendingar ef hlutur var til staðar við kaup og hefur slíka eiginleika miðað við væntingar aðila að ekki er með sanngirni unnt að krefjast þess að hann verði bættur með öðrum hlut.

Ef seljandi fullnægir ekki þeirri skyldu sinni að bæta úr galla eða afhenda nýjan hlut getur kaupandi krafist skaðabóta fyrir eðlileg útgjöld við að fá bætt úr galla.

## 35. gr.

*Tilkynning um kröfu um úrbætur og nýja afhendingu.*

Kaupandi glatar rétti sínum til þess að krefjast úrbóta eða nýrrar afhendingar ef hann tilkynnir ekki seljanda um þá kröfu sína samtímis tilkynningu skv. 32. gr. eða innan sanngjarns frests frá þeim tíma. Kaupandi heldur þó rétti sínum ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans stríðir á annan hátt gegn heiðarleika og góðri trú.

Í neytendakaupum má tilkynna þeim aðila um galla sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr honum.

## 36. gr.

*Réttur seljanda til úrbóta og nýrrar afhendingar.*

Þótt kaupandi krefjist þess ekki er seljanda heimilt að bæta á eigin kostnað úr galla eða afhenda annan hlut ef það er unnt án verulegs óhagræðis fyrir kaupanda og án þeirrar áhættu að kaupandi fái ekki bætt útgjöld sín hjá seljanda.

Nú spyr seljandi kaupanda hvort hann samþykki úrbætur eða nýja afhendingu eða seljandi skýrir kaupanda frá því að hann vilji bæta úr eða afhenda annan hlut innan tiltekins tíma. Ef kaupandi svarar ekki án ástæðulauss dráttar getur seljandi gert nauðsynlegar ráðstafanir innan þess tíma sem nefndur var.

Seljandi getur ekki borið fyrir sig að hann hafi ekki fengið tækifæri til úrbóta eða nýrrar afhendingar þegar kaupandinn hefur séð um að bæta úr gallanum og það yrði talið ósann-  
gjarnt, miðað við aðstæður, að krefjast þess af kaupanda að hann biði eftir úrbótum seljanda eða nýrri afhendingu.

## 37. gr.

*Afsláttur eða riftun þegar ekki verður  
af úrbótum eða nýrri afhendingu.*

Ef úrbætur eða ný afhending koma ekki til álita eða ekki verður af þeim innan hæfilegs tíma frá því að kaupandi kvartaði yfir galla getur hann krafist afsláttar af kaupverði eða rift kaupunum samkvæmt ákvæðum 38. eða 39. gr. Þetta gildir ekki ef kaupandi hafnar úrbótum sem hann er skyldur til að þiggja.

Kaupandi getur ekki krafist afsláttar þegar um er að ræða kaup á notuðum hlutum á uppboði.

## 38. gr.

*Afsláttur af kaupverði.*

Ef hlutur er gallaður getur kaupandi krafist afsláttar af kaupverði. Skal afslátturinn reikn-  
aður þannig að hlutfallið milli hins lækkaða verðs og samningsverðsins svari til hlutfallsins milli verðgildis hlutarins í gölluðu og umsömdu ástandi á afhendingartíma.

## 39. gr.

*Riftun.*

Kaupandi getur rift kaupum ef meta má galla til verulegra vanefnda.

Kaupandi getur ekki rift kaupum, nema hann tilkynni seljanda um riftun án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk eða hefði átt að fá vitneskju um gallann eða eftir að frestur sá er útrunninn sem leitt getur af kröfu eða tilkynningu samkvæmt ákvæðum 34. eða 36. gr. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans stríðir að öðru leyti gegn heiðarleika og góðri trú.

## 40. gr.

*Skaðabætur.*

Kaupandi getur krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut, nema seljandinn sanni að þá megi rekja til hindrana þeirra sem nefndar eru í 27. gr. Reglur 27. og 28. gr. eiga hér við.

Reglur 1. mgr. eiga ekki við um sams konar óbeint tjón og nefnt er í 2. mgr. 67. gr. Í alþjóðlegum kaupum eiga reglurnar þó einnig við um óbeint tjón, nema annað leiði af ákvæðum 3. mgr. 70. gr.

Kaupandi getur ávallt krafist skaðabóta ef

- a. gallann eða tjónið má rekja til mistaka eða vanrækslu seljanda eða
- b. hlutur var ekki þegar við samningsgerð í samræmi við það sem heitið var af seljanda.

**Vanheimild o.fl.**

## 41. gr.

*Vanheimild. Aðrar kröfur þriðja manns.*

Ef þriðji maður á eignarrétt, veðrétt eða annan rétt yfir söluhlut (vanheimild) gilda reglurnar um galla eftir því sem við á, nema leiða megi af samningi að kaupandi hafi átt að taka við hlutnum með þeim takmörkunum sem leiðir af rétti þriðja manns. Reglan um tveggja ára tilkynningarfrést skv. 2. mgr. 32. gr. gildir þó ekki.



Kaupandi getur í öllum tilvikum krafist skaðabóta fyrir tjón af völdum vanheimildar sem var til staðar við kaupin, enda hafi hann hvorki vitað né mátt vita um vanheimildina.

Ef þriðji maður gerir tilkall til réttar yfir söluhlut og kröfu hans er andmælt gilda ákvæði 1. og 2. mgr. eftir því sem við á, nema augljóst sé að krafa þriðja manns eigi ekki við nein rök að styðjast.

Reglur 1. mgr. gilda eftir því sem við á þegar krafa þriðja manns byggist á hugverka- eða auðkennarétti hans, sbr. ákvæði 96. gr. Um annað má semja, einnig í neytendakaupum, enda sé það kaupanda í hag.

### **Önnur ákvæði.**

42. gr.

#### *Réttur kaupanda til að halda eftir kaupverði.*

Ef kaupandi á kröfu á hendur seljanda vegna vanefnda hins síðarnefnda getur kaupandinn haldið eftir þeim hluta kaupverðsins sem nægir til þess að tryggja kröfu hans.

43. gr.

#### *Vanefndir að því er varðar hluta hins selda.*

Ef vanefndir seljanda varða einvörðungu hluta hins selda eiga reglur þessa kafla við að því er þann hluta varðar. Kaupandi getur rift kaupunum með öllu ef vanefndir eru verulegar á samningnum í heild sinni.

Ef ráða má af atvikum að seljandi hafi lokið afhendingu af sinni hálfu, þótt umsamið magn hafi ekki allt verið afhent, eiga reglurnar um galla við.

44. gr.

#### *Afhending í áföngum.*

Ef seljandi á að afhenda hið selda í áföngum og vanefndir verða á tiltekinni afhendingu getur kaupandi rift kaupum að því er hana varðar samkvæmt reglunum um riftun.

Ef vanefndir veita kaupanda réttmæta ástæðu til að ætla að vanefndir verði á afhendingum síðar þannig að riftunarréttur skapist getur kaupandi á þeim grundvelli einnig rift að því er síðari afhendingar varðar ef það gerist áður en sanngjarn frestur er liðinn.

Ef kaupandi riftir kaupum að því er eina afhendingu varðar getur hann samtímis rift kaupunum varðandi fyrri eða síðari afhendingar ef slíkt samhengi er milli þeirra að þær nýtist ekki í þeim tilgangi sem gert var ráð fyrir við samningsgerðina.

## **VI. KAFLI**

### **Skyldur kaupanda.**

#### **Kaupverð.**

45. gr.

Ef kaup eru gerð án þess að kaupverðið leiði af samningi skal kaupandi greiða fyrir söluhlut það gangverð sem er á sams konar hlutum, seldum við svipaðar aðstæður, við samningsgerðina, enda sé verðið ekki ósanngjarnt. Ef ekki er um neitt slíkt gangverð að ræða skal kaupandi greiða það verð sem sanngjarnt er miðað við eðli hlutar, gæði hans og atvik að öðru leyti.

Í neytendakaupum getur seljandi ekki til viðbótar kaupverðinu krafist þóknunar fyrir að gefa út og senda reikning. Þetta gildir ekki þegar augljóst er að kaupverðið er staðgreiðsluverð en seljandi hefur eigi að síður veitt greiðslufrest.

## 46. gr.

Ef kaupverðið á að ráðast af fjölda, máli eða þyngd skal við þetta miðað á þeim tíma þegar áhættan af söluhlutum flyst frá seljanda til kaupanda.

Þegar kaupverðið er ákveðið eftir þyngd skal fyrst draga frá þyngd umbúða.

## 47. gr.

Ef kaupandi hefur fengið reikning eða orðsendingu er hann bundinn við það verð sem þar kemur fram ef hann segir ekki til um það innan sanngjarns tíma að hann samþykki verðið ekki. Þetta á ekki við þegar lægra verð leiðir af samningi eða uppsett verð er ósanngjarnt.

**Greiðsla kaupverðsins.**

## 48. gr.

Kaupverðið skal greiða á atvinnustöð seljanda. Ef greiðsla á að fara fram gegn afhendingu söluhlutar eða skjals skal greiðslan innt af hendi á afhendingarstaðnum.

Auk greiðslu í reiðufé er kaupanda heimilt að inna greiðslu af hendi með öðrum viðurkenndum greiðsluaðferðum. Í skyldu til þess að greiða kaupverðið felst einnig skylda til þess, í samræmi við ákvæði samningsins, að samþykkja víxil, leggja fram bankatryggingu, bankaábyrgð eða aðra tryggingu og gera aðrar þær ráðstafanir sem greiðsla kaupverðsins er komin undir.

Seljandinn ber ábyrgð á auknum kostnaði við greiðslu sem stafar af því að hann hefur flutt atvinnustöð sína eftir að kaupin voru gerð.

## 49. gr.

Leiði greiðslutíma ekki af kaupsamningnum skal kaupandinn greiða kaupverðið þegar seljandinn krefst þess, en þó ekki fyrr en hluturinn er afhentur kaupanda eða stendur honum til ráðstöfunar í samræmi við samninginn og lög þessi.

Áður en kaupandinn greiðir kaupverðið á hann þó rétt á að rannsaka hlutinn á venjulegan hátt ef það er ekki ósamrýmanlegt umsaminni aðferð við afhendingu og greiðslu kaupverðsins.

Nú er farmbréf notað við flutning söluhlutar til ákvörðunarstaðarins eða flutningurinn fer að öðru leyti fram með þeim skilmálum að seljandinn getur ekki ráðið yfir hlutum eftir greiðslu. Má þá krefjast greiðslu gegn afhendingu flutningsskjals, farmbréfs eða annarrar sönnunar fyrir því að hluturinn verði fluttur með slíkum skilmálum. Þetta gildir þótt hluturinn sé ekki kominn fram eða kaupandinn hafi ekki haft tækifæri til að rannsaka hann.

**Atbeini kaupanda að efdum kaupa.**

## 50. gr.

Kaupanda er skylt

- að stuðla fyrir sitt leyti að því, eftir því sem sanngjarnt er að ætlast til af honum, að seljandi geti efnt skyldur sínar og
- taka við hlutum með því að sækja hann eða veita honum viðtöku.

## VII. KAFLI

**Úrræði seljanda vegna vanefnda af hálfu kaupanda.**

## 51. gr.

*Almenn ákvæði.*

Ef kaupandi greiðir ekki kaupverðið eða fullnægir ekki öðrum skyldum sínum samkvæmt samningnum eða lögum þessum, og það verður hvorki rakið til seljanda né atvika sem

hann varða, getur seljandinn krafist efnda, riftunar og skaðabóta í samræmi við ákvæði þessa kafla. Hann getur einnig haldið eftir greiðslum skv. 10. gr. og krafist vaxta skv. 71. gr.

Sinni kaupandi ekki þeirri skyldu sinni að veita söluhlut viðtöku, og það verður hvorki rakið til seljanda né atvika sem hann varða, gilda ákvæði 55. gr., 2. mgr. 57. gr. og 58. gr.

Réttur seljanda til skaðabóta og vaxta fellur ekki brott þótt hann neyti annarra úrræða eða við það að slík úrræði verði ekki höfð uppi.

#### 52. gr.

*Réttur til efnda með því að krefjast greiðslu.*

*Afpöntun.*

Seljandi getur haldið fast við kaupin og krafði kaupanda um greiðslu kaupverðsins. Þetta gildir þó ekki á meðan ekki er unnt að greiða vegna stöðvunar samgangna eða greiðslumiðlunar eða vegna annarra atvika sem kaupandi getur hvorki stjórnað né yfirunnið.

Nú afpantar kaupandi hlut sem skal sérstaklega útbúinn fyrir hann. Getur seljandi þá ekki haldið fast við kaupin með því að halda gerð hlutarins áfram eða gert aðrar ráðstafanir til afhendingar ásamt því að krefjast greiðslu, nema því aðeins að stöðvun hafi í för með sér verulegt óhagræði fyrir hann eða hættu á því að hann fái ekki bætt það tjón sem afpöntun hefur í för með sér. Ef seljandi getur ekki haldið fast við kaupin skal ákveða skaðabætur fyrir það tjón, sem afpöntunin veldur, samkvæmt reglum X. kafla.

Ef hlutur hefur ekki verið afhentur glatar seljandi rétti sínum til þess að krefjast efnda ef hann bíður óhæfilega lengi með að setja slíka kröfu fram.

#### 53. gr.

*Krafa um að kaupandi stuðli að efndum.*

Um rétt seljanda til að krefjast efnda á þeirri skyldu kaupanda að hann stuðli að efndum gilda ákvæði 23. gr. eftir því sem við á.

#### 54. gr.

*Riftun þegar kaupandi greiðir ekki.*

Seljandi getur rift kaupum vegna dráttar á greiðslu kaupverðsins þegar um verulegar vanefndir af hálfu kaupanda er að ræða.

Einnig er unnt að rifta kaupum þegar kaupandi greiðir ekki kaupverðið innan sanngjarns viðbótarfrests sem seljandi hefur sett til efndanna.

Seljandi getur ekki rift kaupum meðan viðbótarfrestur er að líða, nema því aðeins að kaupandi hafi lýst því yfir að hann muni ekki efna kaupin á þeim tíma.

Ef kaupandi hefur þegar veitt söluhlut viðtöku getur seljandi því aðeins rift kaupunum að hann hafi gert um það fyrirvara eða kaupandi hafnar hlutnum. Í alþjóðlegum kaupum er þó unnt að rifta kaupum án slíks fyrirvara ef riftun hefur ekki áhrif á þann rétt sem þriðji maður, þ.m.t. bú kaupanda, hefur yfir hlutnum.

#### 55. gr.

*Riftun þegar kaupandi stuðlar ekki að kaupum.*

Seljandi getur rift kaupum ef kaupandi stuðlar ekki að þeim og vanefndir hans eru verulegar. Seljandi getur með sömu skilyrðum rift kaupunum þegar kaupandi veitir hlut ekki viðtöku skv. b-lið 50. gr. og seljandi hefur sérstaka hagsmuni af því að losna við hlutinn.

Einnig er unnt að rifta kaupunum þegar kaupandinn innan sanngjarns viðbótarfrests, sem seljandinn hefur sett honum til efnda,

- a. stuðlar ekki að kaupum eða
- b. veitir ekki söluhlut viðtöku þegar seljandi hefur sérstaka hagsmuni af því að losna við hlutinn.

Meðan viðbótarfrestur er að líða getur seljandi ekki rift kaupum, nema því aðeins að kaupandi hafi lýst því yfir að hann muni ekki efna kaupin á þeim tíma.

## 56. gr.

*Afhending í áföngum.*

Ef seljandi á að afhenda í áföngum og kaupandi að greiða eða stuðla að efndum varðandi hverja afhendingu og vanefndir verða af kaupanda hálfu á tiltekinni afhendingu getur seljandi rift að því er hana varðar samkvæmt reglum 54. og 55. gr.

Ef vanefndir veita seljanda réttmæta ástæðu til að ætla að slíkar vanefndir verði á síðari afhendingum að riftunarréttur skapist getur seljandi á þeim grundvelli einnig rift kaupum að því er þær afhendingar varðar ef það gerist áður en sanngjarn frestur er liðinn.

## 57. gr.

*Skaðabætur.*

Seljandi getur krafist skaðabóta fyrir tjón af völdum greiðsludráttar kaupanda. Þetta á þó ekki við meðan kaupandi sýnir fram á að greiðsludráttur stafi af stöðvun almennra samgangna eða greiðslumiðlunar eða annarri hindrun sem kaupandi hefur ekki stjórn á og ekki er með sanngirmi hægt að ætlast til að hann hafi getað haft í huga við samningsgerðina, komist hjá afleiðingunum af eða yfirrunnið. Reglur 2. og 3. mgr. 27. gr. gilda eftir því sem við á.

Seljandi getur krafist skaðabóta samkvæmt reglum 27. gr. fyrir það tjón sem hann bíður og stafar af því

- a. að kaupandi stuðlar ekki að efndum á kaupunum eða
- b. kaupandi veitir hlut ekki nógu snemma viðtöku skv. b-lið 50. gr. og seljandi hefur af því sérstaka hagsmuni að losna við hlutinn.

## 58. gr.

*Upplýsingaskylda um hindrun.*

Ef hindrun tálmar því að kaupandi geti efnt kaupin á réttum tíma skal hann tilkynna seljanda um hindrunina og áhrif hennar á möguleika sína til efnda. Fáir seljandi ekki slíka tilkynningu innan sanngjarns tíma frá því að kaupandinn vissi eða mátti vita um hindrunina getur seljandi krafist bóta fyrir það tjón sem hann hefði getað komist hjá ef hann hefði fengið tilkynninguna í tíma.

## 59. gr.

*Riftunarrestur seljanda.*

Ef kaupverðið hefur verið greitt getur seljandi ekki rift kaupunum, nema hann hafi tilkynnt kaupanda um það

- a. við drátt á efndum af hálfu kaupanda áður en seljandi fékk að vita um efndir kaupanda eða
- b. við aðrar vanefndir án ástæðulauss dráttar frá því að hann vissi eða mátti vita um vanefndir eða eftir að hæfilegur viðbótarfrestur skv. 2. mgr. 55. gr. er liðinn.

## 60. gr.

*Ákvörðun um einkenni hlutar.*

Nú á kaupandi að ákveða lögun hlutar, mál eða aðra eiginleika hans og gerir það ekki á umsömdum tíma eða án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk um það hvatningu frá seljanda. Getur seljandi þá sjálfur ákveðið þessi einkenni í samræmi við það sem hann má ætla að séu hagsmunir kaupanda. Þetta kemur ekki í veg fyrir að seljandi geti haldið fram öðrum kröfum sem hann á.

Seljandi skal upplýsa kaupanda um þau einkenni sem hann ákveður skv. 1. mgr. og veita kaupanda hæfilegan frest til að gera á þeim breytingar. Geri kaupandi það ekki án ástæðulauss dráttar, eftir að hafa fengið tilkynningu frá seljanda, verður ákvörðun seljanda um einkennin bindandi.

#### VIII. KAFLI

##### Sameiginlegar reglur um fyrirsjáanlegar vanefndir, greiðsluþrot o.fl.

###### 61. gr.

###### *Stöðvun greiðslu vegna fyrirsjáanlegra vanefnda o.fl.*

Ef í ljós kemur eftir kaup vegna framferðis samningsaðila eða vegna alvarlegs brests á greiðslugetu hans eða möguleikum til efnda að hann muni ekki efna verulegan hluta af skyldum sínum getur gagnaðili stöðvað efndir af sinni hálfu og haldið eftir sinni greiðslu.

Ef seljandi hefur þegar sent hlutinn og í ljós koma þau atriði varðandi kaupanda sem um getur í 1. mgr. getur seljandi varnað því að söluhlutur verði afhentur kaupanda eða búi hans. Þetta á við þótt kaupandi eða bú hans hafi veitt flutningsskjölum viðtöku.

Sá aðili, sem stöðvar efndir eða varnar því að hlutur sé afhentur, skal strax tilkynna gagnaðila sínum það. Farist það fyrir getur gagnaðili krafist skaðabóta fyrir það tjón sem unnt hefði verið að komast hjá ef tilkynning hefði verið send.

Samningsaðili, sem hefur stöðvað efndir eða varnað því að hlutur yrði afhentur, verður að halda efndum áfram ef gagnaðili setur fullnægjandi tryggingar fyrir efndum af sinni hálfu.

###### 62. gr.

###### *Riftun vegna fyrirsjáanlegra vanefnda.*

Ef ljóst er fyrir efndatíma að koma muni til vanefnda sem veita aðila rétt til riftunar getur hann rift kaupunum áður en efndatíminn er kominn. Varna má riftun ef gagnaðili setur strax fullnægjandi tryggingar af sinni hálfu fyrir því að staðið muni verða við kaupin.

Ef tími vinnst til skal sá aðili, sem rifta vill kaupum, vara gagnaðila sinn við þannig að honum gefist færi á að verða sér úti um tryggingar til að varna riftuninni.

###### 63. gr.

###### *Gjaldþrot.*

Um rétt til að ganga inn í kaup, halda eftir greiðslu eða rifta kaupum vegna gjaldþrots samningsaðila fer eftir lögum um gjaldþrotaskipti.

#### IX. KAFLI

##### Sameiginlegar reglur um riftun eða nýja afhendingu.

###### 64. gr.

###### *Réttaráhrif.*

Þegar kaupum er rift falla skyldur aðila til að efna þau niður.

Hafi kaup verið efnd að fullu eða að hluta af hálfu samningsaðila má krefjast skila á því sem móttekið hefur verið. Aðili getur þó haldið því sem hann hefur móttekið þar til gagnaðili skilar því sem hann hefur tekið við. Sama á við þegar aðili á rétt til skaðabóta eða vaxta og fullnægjandi trygging er ekki sett.

Ef seljandinn á að afhenda á ný getur kaupandi haldið hjá sér því sem hann hefur móttekið þar til afhending hefur átt sér stað að nýju.

Riftun hefur engin áhrif á samningsákvæði um atvinnuleyndarmál, um lausn ágreinings-efna eða um réttindi og skyldur aðila sem leiðir af riftuninni.

## 65. gr.

*Afrakstur og vextir þegar greiðslum er skilað.*

Þegar kaupum er rift skal kaupandi færa seljanda þann afrakstur til tekna sem hann hefur haft af hlutnum og greiða hæfilegt endurgjald fyrir veruleg not sem hann hefur að öðru leyti haft af honum.

Ef seljandi á að endurgreiða kaupverðið ber honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði 71. gr. frá þeim degi er hann tók við greiðslunni.

## 66. gr.

*Missir réttar til riftunar og afhendingar á ný.*

Kaupanda er því aðeins heimilt að rifta kaupum eða krefjast afhendingar á ný að hann geti skilað hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni og hluturinn var í þegar kaupandi veitti honum viðtöku. Kaupandi glatar þó ekki rétti sínum til þess að krefjast riftunar eða nýrrar afhendingar þegar

- ástæður þess að ekki er unnt að skila hlutnum að öllu verulegu leyti í sama ástandi og magni má rekja til eiginleika hans eða annarra aðstæðna sem ekki varða kaupandann;
- hluturinn hefur rýnað, skemmst eða eyðilagst og það má rekja til verknaðar sem gera varð til að ganga úr skugga um hvort hann væri gallaður; eða
- hluturinn hefur verið seldur í heild eða að hluta í venjulegum viðskiptum eða hann hefur verið notaður eða honum breytt af kaupanda við fyrirhuguð not áður en kaupanda varð ljós eða mátti verða ljós galli sá sem leiðir til riftunar eða kröfu um afhendingu á ný.

Kaupandi glatar ekki heldur réttinum til riftunar eða nýrrar afhendingar ef hann við skilin bætir þá verðmætisrýrnun sem orðin er á hlutnum. Ákvæði þetta gildir ekki í alþjóðlegum kaupum.

## X. KAFLI

**Umfang skaðabóta. Vextir.**

## 67. gr.

*Almennar reglur.*

Skaðabætur vegna vanefnda af hálfu annars samningsaðila skulu svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna. Þetta gildir þó einungis um það tjón sem aðili gat með sanngirni séð fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndar.

Með óbeinu tjóni er átt við:

- tjón sem rekja má til samdráttar eða stöðvunar í framleiðslu eða viðskiptum (rekstrarstöðvun);
- tjón sem rekja má til þess að hlutur kemur ekki að þeim notum sem að var stefnt;
- tjón sem rekja má til tapaðs hagnaðar, þegar samningur við þriðja mann fellur brott eða verður ekki réttilega efndur, en aðeins að því marki sem kaupandi lætur án sanngjarnrar ástæðu hjá líða að gera samning við annan aðila eða gera aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni sínu;
- tjón sem rekja má til skemmda á öðru en söluhlutnum sjálfum, svo og hlutum sem hann er notaður til framleiðslu á eða standa í nánú og beinu sambandi við fyrirhuguð not hans.

Reglur 2. mgr. eiga ekki við um kostnað vegna:

- venjulegra ráðstafana sem bæta eiga úr þegar söluhlut seinkar eða hann er gallaður eða
- ráðstafana sem takmarka annað tjón en það sem 2. mgr. nær til.

Í neytendakaupum má um það semja að ekki skuli greiða skaðabætur fyrir óbeint tjón sem fellur undir 2. mgr.

68. gr.

*Verðmunur við staðgönguráðstafanir.*

Ef kaupum er rift og kaupandi kaupir af öðrum (staðgöngukaup) eða seljandi selur öðrum (staðgöngusala) með forsvaranlegum hætti og innan sanngjarns tíma frá riftun skal, þegar verðmunur er reiknaður út, leggja til grundvallar kaupverðið og verðið við staðgönguráðstöfunina.

69. gr.

*Verðmunur þegar ekki er um staðgönguráðstafanir að ræða.*

Ef kaupum er rift án þess að gerðar séu staðgönguráðstafanir þær sem um ræðir í 68. gr. og unnt er að staðreyna gangverð söluhlutar skal, þegar verðmunur er reiknaður út, leggja til grundvallar kaupverðið og gangverðið á riftunartímanum. Ef kaupum er rift eftir að söluhlut hefur verið veitt viðtaka skal í þess stað miða við gangverðið þegar afhendingin átti sér stað.

Gangverð er það verð sem er á sambærilegum hlutum á afhendingarstað. Þegar ekki er um gangverð að ræða á afhendingarstað skal miða við verðið á öðrum stað sem með sanngirni má jafna til afhendingarstaðarins, þó þannig að taka skal tillit til munar á flutningskostnaði.

70. gr.

*Skylda til að takmarka tjón.  
Mildun ábyrgðar. Alþjóðleg kaup.*

Samningsaðila, sem ber fyrir sig vanefndir af hálfu gagnaðila, er með sanngjörnum ráðstöfunum skylt að takmarka tjón sitt. Vanræki hann það ber hann sjálfur þann hluta tjónsins sem af því leiðir.

Skaðabætur má lækka ef þær teljast ósanngjarnar fyrir hinn bótaskylda þegar litið er til fjárhæðar tjónsins í samanburði við það fjártjón sem venjulega verður í sambærilegum tilvikum og atvika að öðru leyti.

Í alþjóðlegum kaupum ná skaðabætur eingöngu til þess tjóns sem samningsaðili gat með sanngirni búist við að leiða mundi af vanefndum hans í ljósi þeirra atvika sem hann þekkti eða mátti þekkja þegar samningur var gerður. Skaðabætur í slíkum kaupum verða ekki lækkadar samkvæmt ákvæðum 2. mgr.

71. gr.

*Vextir.*

Ef kaupverðið eða önnur vangoldin fjárhæð er ekki greidd á réttum tíma ber skuldara að greiða vexti af fjárhæðinni í samræmi við ákvæði vaxtalaga, þ.m.t. hvað varðar vaxtafót, upphafstíma vaxta og útreikning vaxta.

## XI. KAFLI

### Umönnun söluhlutar.

72. gr.

*Skylda seljanda til umönnunar.*

Nú sækir kaupandi ekki söluhlut eða veitir honum ekki viðtöku á réttum tíma eða önnur atvik, sem kaupanda varða, leiða til þess að hann fær hlutinn ekki afhentan. Skal seljandi þá á kostnað kaupanda annast um hlutinn með þeim hætti sem sanngjarnt er miðað við aðstæður, enda hafi hann hlutinn í vörslum sínum eða geti með öðrum hætti annast hann.

## 73. gr.

*Skylda kaupanda til umönnunar.*

Hafni kaupandi söluhlut sem hann hefur veitt viðtöku skal hann á kostnað seljanda annast um hlutinn á þann hátt sem sanngjarn er miðað við aðstæður.

Hafni kaupandi söluhlut sem hefur verið sendur til hans honum til ráðstöfunar á ákvörðunarstað skal hann annast um hlutinn á kostnað seljanda, enda sé honum það kleift án þess að greiða kaupverðið eða baka sér með því ósanngjörn útgjöld eða óhagræði. Þetta á þó ekki við ef seljandi sjálfur eða einhver á hans vegum getur annast hlutinn á ákvörðunarstað.

## 74. gr.

*Umönnun af hálfu þriðja manns.*

Samningsaðili, sem annast skal um söluhlut, getur falið það þriðja manni á kostnað gagnaðila, enda sé ekki óhæfilegur kostnaður því samfara. Samningsaðili er laus undan ábyrgð sinni hafi vörslumaður verið valinn með forsvaranlegum hætti og veitt hlutum viðtöku.

## 75. gr.

*Skaðabætur og trygging fyrir kostnaði.*

Samningsaðili, sem annast um söluhlut á kostnað gagnaðila, á rétt til endurgreiðslu hæfilegs kostnaðar sem af því hlýst. Hann getur haldið hlutum hjá sér þar til kostnaðurinn hefur verið greiddur eða nægileg trygging sett.

## 76. gr.

*Sala.*

Samningsaðila, sem skylt er að annast um söluhlut, er heimilt að selja hlutinn ef hann getur ekki annast um hann án þess að baka sér verulegan kostnað. Sama gildir ef gagnaðili dregur óhæfilega lengi að taka við hlutum eða greiða kaupverðið og geymslukostnað.

Ef hætt er við að hlutur rýrni fljótt eða eyðileggist eða kostnaður við geymslu hans verði óhæfilega mikill ber að selja hlutinn ef þess er nokkur kostur.

Standa skal að sölu með forsvaranlegum hætti. Ef kostur er skal gera gagnaðila viðvart um það með hæfilegum fyrirvara að hluturinn muni verða seldur.

## 77. gr.

*Önnur ráðstöfun en sala.*

Ef aðili hefur heimild til sölu samkvæmt ákvæðum 76. gr., en hluturinn selst ekki eða ljóst er að söluandvirðið nægir ekki fyrir sölukostnaði, er aðila heimilt að ráðstafa hlutum með öðrum forsvaranlegum hætti. Vara skal gagnaðila við sé þess kostur.

## 78. gr.

*Reikningsgerð og reikningsfærsla.*

Samningsaðili, sem annast hefur um söluhlut, skal reikningsfæra gagnaðila fyrir því sem fékkst fyrir hlutinn við sölu eða með öðrum hætti og gera honum reikning fyrir kostnaði sínum. Það sem umfram er fellur til gagnaðila.



## XII. KAFLI

**Arður og annar afrakstur.**

79. gr.

*Afrakstur af söluhlut.*

Afrakstur af söluhlut, sem verður til fyrir umsaminn afhendingartíma, fellur til seljanda, enda hafi ekki verið ástæða til að ætla að afraksturinn félli til síðar. Afrakstur, sem síðar verður til, fellur til kaupanda, enda hafi ekki verið ástæða til að ætla að hann félli til fyrr. Heimilt er að semja á annan veg, einnig í neytendakaupum, enda sé það kaupanda í hag.

80. gr.

*Hlutir.*

Kaup á hlutum ná til þess arðs sem ekki var gjaldfallinn fyrir kaupin. Sama gildir um réttinn til áskriftar að nýjum hlutum, enda hafi ekki verið unnt að nýta réttinn fyrir kaupin.

81. gr.

*Krafa sem ber vexti.*

Kaup á kröfu sem ber vexti ná til áfallinna vaxta sem ekki eru gjaldfallnir á umsömdum afhendingartíma. Greiða skal jafnvirði vaxtanna sem viðbót við kaupverðið, enda hafi krafan ekki verið seld sem óvís krafa.

## XIII. KAFLI

**Nokkur almenn ákvæði.**

82. gr.

*Áhættan af sendingu tilkynninga.*

Nú sendir samningsaðili tilkynningu í samræmi við ákvæði laga þessara og á þann hátt sem forsvaranlegt er miðað við aðstæður. Komi annað ekki fram getur sendandinn byggt á því að tilkynningin hafi verið send nógu snemma þótt henni seinki, mistök verði við sendinguna eða hún nái ekki til gagnaðila.

83. gr.

*Atvinnustöð.*

Ef samningsaðili hefur fleiri en eina atvinnustöð og atvinnustöð hans skiptir máli skal miðað við þá atvinnustöð sem kaupunum tengdist þegar litið er til þeirra atvika sem aðilar miðuðu við þegar kaup voru gerð.

Ef samningsaðili hefur ekki atvinnustöð sem tengist kaupunum skal miða við heimili hans.

## XIV. KAFLI

**Krafa á hendur fyrri söluaðila.**

84. gr.

*Skilyrði kröfu á hendur fyrri söluaðila.*

Í öðrum kaupum en neytendakaupum getur kaupandi, ef annað leiðir ekki af samningi, gert kröfu vegna galla á söluhlut á hendur fyrri söluaðila ef seljandi getur gert sams konar kröfu vegna gallans.

Í neytendakaupum getur kaupandi í öllum tilvikum borið gallakröfu sína á hendur seljanda fram gegn fyrri söluaðila, sem hefur atvinnu sína af söluhlut, ef sams konar krafa vegna gallans verður höfð uppi af seljanda eða öðrum sem öðlast hefur hlutinn frá fyrri söluaðila. Sama regla gildir í kaupum milli neytenda.

Samningi við fyrri sölu, sem takmarkar rétt seljanda eða annars framsalshafa, verður ekki beitt gegn kröfu kaupanda í neytendakaupum skv. 2. mgr. í viðtækara mæli en unnt hefði verið að semja um í skiptum neytandans og seljandans.

85. gr.

*Tilkynning.*

Kaupandi skal setja kröfu sína á hendur fyrri söluaðila fram án ástæðulauss dráttar frá því að honum varð kunnugt um eða mátti vera kunnugt um gallann. Í síðasta lagi skal hann setja kröfu sína fram áður en liðnir eru þeir tilkynningarfrestrir sem gilda í samskiptum seljanda og fyrri söluaðila.

Um kröfu á hendur fyrri söluaðila skv. 2. mgr. 84. gr. gilda reglur 32. gr. um tilkynningar. Ef notaður hlutur hefur einnig áður verið seldur neytanda reiknast frestur skv. 2. mgr. 32. gr. gagnvart sérhverjum söluaðila frá þeim degi er næsti neytandi á undan veitti hlutnum viðtöku.

Kaupandi skal svo fljótt sem tilefni gefst tilkynna fyrri söluaðila hvers hann krefst.

86. gr.

*Ábyrgð á upplýsingum skv. 18. gr.*

Þegar sá er hlut hefur búið til eða annar fyrri söluaðili hefur gefið upplýsingar þær sem nefndar eru í 2. mgr. 18. gr. ber hann ábyrgð á því tjóni sem kaupandinn verður fyrir vegna upplýsinganna, eftir atvikum óskipt með seljanda. Reglur 40. gr. eiga við með sama hætti.

## XV. KAFLI

### Sérreglur um alþjóðleg kaup.

87. gr.

*Alþjóðleg kaup.*

Með alþjóðlegum kaupum er í lögum þessum átt við kaup milli aðila sem hafa atvinnu- stöð sína í mismunandi ríkjum, enda komi þetta fram í samningi, leiði af fyrri viðskiptum aðila eða megi ráða af upplýsingum sem þeir hafa veitt áður eða á þeim tíma er kaup voru gerð.

88. gr.

*Túlkun laganna. Óleyst álitæfni. Beinar efndir.*

Í alþjóðlegum kaupum skal við túlkun á ákvæðum laganna taka tillit til þess að nauðsynlegt er að samræma beitingu þeirra reglna sem byggðar eru á samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1980 um alþjóðleg lausafjárkaup, svo og alþjóðlegs eðlis þeirra. Einnig skal taka tillit til nauðsynjar á heiðarleika og góðrar trúar í alþjóðlegum viðskiptum.

Úr álitæfnum vegna atvika, sem samningur Sameinuðu þjóðanna fjallar um en hann leysir ekki úr með afgerandi hætti, skal leysa í samræmi við meginreglur samningsins og að öðru leyti í samræmi við þau landslög sem beita ber samkvæmt reglum alþjóðlegs einkamála-réttar.

Um kröfu um beinar efndir, sem ákvarða skal hér á landi eða á grundvelli íslenskra réttarreglna, gilda ávallt ákvæði laga þessara, sbr. 28. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna.

89. gr.

*Túlkun á yfirlýsingum aðila.*

Yfirlýsingu aðila og aðrar athafnir skal túlka í samræmi við vilja hans þegar gagnaðili vissi eða mátti vita hver ætlunin var. Ella ber að leggja þann skilning til grundvallar sem skynsamur maður í sömu aðstöðu mátti með sanngirni hafa við sambærilegar aðstæður.

Pegar ákveða skal ætlun eða skilning skv. 1. mgr. skal taka tillit til allra atvika málsins sem þýðingu hafa, svo sem viðræðna, fyrri framkvæmdar milli aðila, verslunarvenju og síðari athafna aðila.

## 90. gr.

*Verslunarvenja.*

Ef annað leiðir ekki af samningi eru aðilar bundnir af verslunarvenjum sem þeir þekktu eða máttu þekkja og eru vel þekktar í alþjóðlegum viðskiptum og er yfirleitt fylgt af aðilum í sambærilegum viðskiptasamböndum. Telst verslunarvenjan þá hluti af samningi aðila.

## 91. gr.

*Munnlegur eða skriflegur samningur.*

Kaup þarf hvorki að gera né staðfesta skriflega, og um þau gilda engar aðrar formkröfur. Sönnur má leiða að kaupum með sérhverju tiltæku sönnunargagni, þ.m.t. vitnum.

Samningi má breyta eða ljúka ef aðilar eru um það sammála sín í milli.

Skriflegum samningi, sem ákveður að breytingu eða lok samnings skuli gera skriflega, verður ekki breytt eða honum lokið með öðrum hætti. Aðili getur þó með athöfnum sínum fyrirgert rétti sínum til að byggja á slíkum ákvæðum ef gagnaðili hefur gert ráðstafanir í trausti þeirra athafna.

## 92. gr.

*Erlend löggjöf sem krefst skriflegs samnings.*

Ákvæði 91. gr. eiga ekki við í alþjóðlegum kaupum ef annar samningsaðilinn hefur atvinnustöð sína í samningsríki þar sem ekki eru í löggjöf viðurkenndir aðrir samningar en þeir sem eru gerðir skriflega, enda hafi ríkið gefið yfirlýsingu í samræmi við 96. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um alþjóðleg lausafjárkaup frá 1980.

## 93. gr.

*Símskeyti og telexskeyti.*

Ákvæði 91. og 92. gr. laga þessara standa því ekki í vegi að nota megi símskeyti, telexskeyti, símbréf og aðrar rafrænar sendingar manna á milli, enda sé unnt að sannreyna falsleysi yfirlýsingar og staðfesta það.

## 94. gr.

*Verulegar vanefndir.*

Vanefndir samningsaðila teljast verulegar ef þær leiða til slíks tjóns fyrir gagnaðila að hann telst af þeirra völdum mun verr settur en hann mátti með réttu vænta samkvæmt samningnum, nema því aðeins að sá aðili, sem vanefnir, hafi ekki getað séð það fyrir og ekki heldur skynsamur maður í sömu stöðu og við sömu aðstæður gat með sanngirni séð fyrir.

## 95. gr.

*Afhending og leiðrétting skjala.*

Ef seljanda er skylt að afhenda skjal er varðar hlutinn skal hann afhenda það á þeim tíma og stað og í því ástandi sem um var samið. Hafi seljandi afhent skjalið fyrir umsaminn tíma getur hann, áður en afhendingartími er kominn, leiðrétt galla á skjalinu ef það veldur gagnaðila ekki óréttmætu óhagræði eða kostnaði. Kaupandi glatar þrátt fyrir það ekki rétti sínum til skaðabóta.

## 96. gr.

*Höfundaréttur þriðja manns, iðnaðarréttindi o.fl.*

Seljandi skal afhenda söluhlut án takmarkana sem rekja má til höfundaréttar þriðja manns, réttinda þriðja manns á sviði iðnaðar eða annarra hugverkaréttinda sem seljandinn vissi eða mátti vita um á samningstímanum ef réttinn eða kröfuna má rekja:

- a. til laga í því ríki þar sem hlutinn skal endurselja eða nota ef það var skilningur aðila við samningsgerðina að hlutinn skyldi selja eða nota í því ríki eða
- b. í öðrum tilvikum til laga í því ríki þar sem kaupandi hefur atvinnustöð sína við samningsgerðina.

Skyldur seljanda skv. 1. mgr. eiga ekki við þegar:

- a. kaupandi vissi eða mátti vita við samningsgerðina um réttinn eða kröfuna eða
- b. rétturinn eða krafan er afleiðing þess að seljandinn hefur fylgt tæknilegum teikningum, lýsingum, fyrirsögnum, hönnun eða öðrum leiðbeiningum sem kaupandi hefur lagt til.

## 97. gr.

*Undantekningar frá reglum um tilkynningar.*

Seljandi getur ekki borið fyrir sig að kaupandi hafi vanrækt rannsókn skv. 31. gr. eða vanrækt að senda tilkynningar skv. 32. gr. ef seljandi vissi eða mátti vita um þau atvik er varða gallann án þess að upplýsa kaupandann um þau.

Þegar um vanheimild eða aðra kröfu þriðja manns skv. 41. eða 96. gr. er að ræða getur seljandi ekki borið fyrir sig að kaupandi hafi sýnt slíka vanrækslu sem um ræðir í 1. mgr. ef seljandi vissi um réttinn eða kröfuna og inntak þeirra. Regla 2. mgr. 32. gr. um tveggja ára tilkynningarfrést gildir ekki um slíkar kröfur.

Þótt kaupandi hafi ekki sent tilkynningar þær sem um ræðir í 1. mgr. 32. gr. getur hann krafist afsláttar eða skaðabóta fyrir annað tjón en missi hagnaðar hafi hann haft sanngjarna ástæðu til að láta hjá líða að senda slíkar tilkynningar.

## 98. gr.

*Afhending of snemma eða í of miklu magni.*

Ef söluhlutur er afhentur of snemma getur kaupandi samþykkt afhendinguna eða hafnað henni, enda gæti hann umönnunarskyldu sinnar.

Ef afhent er meira magn en um var samið getur kaupandi samþykkt afhendinguna eða hafnað því sem umfram er. Samþykki kaupandi það magn sem umfram hefur verið afhent, í heild eða að hluta, skal kaupverðið fyrir umframmagnið reiknast hlutfallslega á grundvelli þess verðs sem leiðir af samningnum.

## XVI. KAFLI

**Gildistaka, brottfall eldri laga o.fl.**

## 99. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup.

Lög þessi gilda einvörðungu um þá samninga sem gerðir verða eftir gildistöku laganna.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Viðskiptaráðherra skipar kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa sem starfa skal frá gildistöku laganna og út árið 2005. Nefndarmenn skulu vera þrír. Ráðherra skipar einn nefndarmanna eftir tilnefningu Neytendasamtakanna, annan eftir tilnefningu Verslunarráðs Íslands og þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Hann skal fullnægja skilyrðum til að vera dómari.

Kostnaður af störfum kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa greiðist úr ríkissjóði.

Greini aðila að lausafjárkaupum á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum þessum geta þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitserð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Niðurstöðum kærunefndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

Viðskiptaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um valdsvið og verkefni kærunefndar, málsmeðferðarreglur fyrir nefndinni og störf hennar að öðru leyti.

*Gjört á Bessastöðum, 16. maí 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Valgerður Svverrisdóttir.*

## LÖG

### um orkunýtnikröfur.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun og notkun orkunýtinna véla, tækja og annars búnaðar, í lögum þessum nefnd vara, með það að markmiði að orka verði notuð á skynsamlegan og hagkvæman hátt.

2. gr.

Lögin taka til nýrrar vöru sem nýtir orku.

Lögin taka ekki til farartækja eða notaðrar vöru.

3. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt með hliðsjón af tilgangi laga þessara að kveða á um í reglugerð hvaða kröfur um orkunýtni tiltekin vara þarf að uppfylla.

Eingöngu er heimilt að setja á markað vöru sem uppfyllir reglur um orkunýtni, sbr. 1. mgr. Óheimilt er að banna markaðssetningu vöru sem uppfyllir kröfur um orkunýtni og hefur CE-samræmismerki, enda uppfylli hún skilyrði annarra laga.

Ráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð að innflutningur eða framleiðsla vöru til eigin nota skuli lúta sams konar reglum og mælt er fyrir um í 1. mgr.

4. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð hvaða merkingar og upplýsingar skuli fylgja vöru sem uppfyllir kröfur um orkunýtni.

5. gr.

Framleiðandi, fulltrúi hans eða sá er markaðssetur vöru, hér eftir nefndur birgðasali, ber ábyrgð á að vörur hans uppfylli orkunýtnikröfur sem settar hafa verið. Birgðasali ber ábyrgð á að nauðsynlegar mælingar og prófanir á orkunýtni búnaðar fari fram svo að kannað verði hvort búnaður uppfyllir kröfur um orkunýtni sem ákveðnar hafa verið með reglugerð byggðri á 3. gr.

Óheimilt er að hefja sölu eða leigu á vöru þar til nauðsynlegar mælingar og prófanir hafa farið fram. Birgðasali ber allan kostnað við framangreindar mælingar og prófanir.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja nánari fyrirmæli um hvaða aðferðir og staðla skal nota við mælingar og prófanir skv. 1. mgr.

6. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Yfireftirlit samkvæmt lögum þessum skal vera í höndum Löggildingarstofu.

Við framkvæmd eftirlits með lögum þessum skal farið að lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995, eftir því sem við á.

Birgðasalar og seljendur skulu miðla til eftirlitsaðila þeim upplýsingum skv. 5. gr. sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar lögum þessum.

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum sem renna í ríkissjóð. Um meðferð slíkra brota fer að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 17. maí 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Valgerður Sverrisdóttir.*

## LÖG

### um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87 12. júní 1996.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

1. 2. mgr. orðast svo:

Staðfesting samvistar getur aðeins farið fram ef:

- a. báðir einstaklingarnir eða annar þeirra er íslenskur ríkisborgari sem hefur fasta búsetu hér á landi, eða
- b. báðir einstaklingarnir hafa haft fasta búsetu hér á landi síðustu tvö árin fyrir staðfestingu samvistar þeirra.

2. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisborgararéttur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt skv. a-lið 2. mgr. Dómsmálaráðherra getur ákveðið í reglugerð að ríkisborgararéttur í öðru landi þar sem í gildi eru lög um staðfesta samvist, sem eru hliðstæð lögum þessum, verði einnig lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt.

## 2. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvæði ættleiðingarlaga um hjón gilda ekki um staðfesta samvist. Þó getur einstaklingur í staðfestri samvist ættleitt barn hins sem hann hefur forsjá fyrir, nema um sé að ræða kjörbarn frá öðru landi. Lög um tæknifrjövngun gilda heldur ekki um staðfesta samvist.

Lagaákvæði sem fela í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans gilda ekki um staðfesta samvist.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 17. maí 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Sólveig Pétursdóttir.*

## ÚTVARPSLÖG.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Skilgreiningar.

## 1. gr.

*Skilgreiningar.*

Í lögum þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- Með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er átt við hvers konar útsendingu dagskrárefnis innan íslenskrar lögsögu sem ætluð er almennungi til beinnar móttöku og dreift er með rafsegulöldum, hvort heldur er í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust, hvort heldur sem útsendingin er læst eða ólæst.
- Útvarpsstöð er sá aðili, einstaklingur eða lögaðili, sem leyfi hefur til útvarps, annast og ber ábyrgð á samsetningu útvarpsdagskrár í skilningi a- og c-liða, sendir hana út eða lætur annan aðila annast útsendingu hennar.
- Útvarpsdagskrá er heildarsamsetning dagskrárliða í útvarpi.
- Auglýsing er hvers konar tilkynning sem útvarpað er gegn endurgjaldi eða í eigin þágu útvarpsstöðvar og felur í sér kynningu á vöru eða þjónustu.
- Dulin auglýsing er sýning eða önnur kynning í máli eða myndum á vöru, þjónustu, vörumerki eða starfsemi aðila er framleiðir vöru eða veitir þjónustu í útvarpsdagskrám utan afmarkaðra auglýsingatíma sé slík sýning til þess ætluð af hálfu útvarpsstöðvar að þjóna auglýsingamarkmiðum og villa um fyrir notendum.
- Kostun er hvers konar fémætt framlag lögaðila eða einstaklinga til framleiðslu eða útsendingar dagskrárliða í útvarpi, með það fyrir augum að vekja athygli á nafni sínu, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum.
- Fjarsala er beint tilboð sem sjónvarpað er til almennings með það í huga að bjóða fram vöru og þjónustu gegn greiðslu. Fjarsala tekur hér einnig til fasteigna og þeirra réttinda og skyldna sem um slík kaup gilda.

- h. Læst útsending er hljóðvarps- eða sjónvarpsútsending ætluð almenningi þar sem hljóð- eða myndmerkjum hefur verið breytt í því skyni að veita einungis þeim aðgang að útsendingunni sem greitt hafa fyrir hana (áskrifendum).
- i. Myndlykill er búnaður sem einum sér eða með öðrum búnaði er ætlað að veita aðgang að innihaldi læstrar útsendingar.

## II. KAFLI

### Lögsaga.

#### 2. gr.

#### *Lögsaga yfir sjónvarpsstöðvum.*

Lögin gilda um útsendingar á sjónvarpsdagskrám ef sendingu verður náð á Íslandi og/eða í einhverjum öðrum þeim ríkjum sem bundin eru af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið („EES-ríkjum“), sbr. lög nr. 2/1993, með síðari breytingum, og sú sjónvarpsstöð sem í hlut á:

- a. hefur staðfestu á Íslandi samkvæmt skilgreiningu 3. mgr.,
- b. hefur hvorki staðfestu á Íslandi né í öðru EES-ríki en notar senditíðni sem úthlutað hefur verið hér á landi,
- c. hefur hvorki staðfestu á Íslandi né í öðru EES-ríki, notar ekki senditíðni sem úthlutað hefur verið hér á landi eða í öðru EES-ríki en notar gervitunglaflutningsgetu sem tilheyrir íslenskum aðila,
- d. hefur hvorki staðfestu á Íslandi né í öðru EES-ríki, notar ekki senditíðni sem úthlutað hefur verið hér á landi eða í öðru EES-ríki, notar ekki gervitunglaflutningsgetu sem heyrir undir Ísland eða aðila í öðru EES-ríki en notar gervitunglajarðstöð sem staðsett er hér á landi,
- e. hefur hvorki staðfestu á Íslandi né í öðru EES-ríki, notar ekki senditíðni sem úthlutað hefur verið hér á landi eða í öðru EES-ríki, notar ekki gervitunglaflutningsgetu sem tilheyrir íslenskum aðila eða aðila í öðru EES-ríki, notar ekki gervitunglajarðstöð sem staðsett er hér á landi eða í öðru EES-ríki en telst hafa staðfestu á Íslandi samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. sérstaklega 2. kafla III. hluta samningsins um staðfesturétt.

Enn fremur taka lögin til hvers þess aðila sem hefur öðlast staðfestu í öðru EES-ríki með það að markmiði að fara á svig við íslensk lög, enda beinist starfsemin aðallega að Íslandi og íslenskum markaði.

Sjónvarpsstöð telst hafa staðfestu á Íslandi samkvæmt lögum þessum, sbr. a-lið 1. mgr., í eftirfarandi tilvikum:

- a. Ef sjónvarpsstöðin hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi og ákvarðanir um dagskrárefni eru teknar hér á landi.
- b. Ef sjónvarpsstöðin hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi, en ákvarðanir um dagskrárefni eru teknar í öðru EES-ríki, telst stöðin hafa staðfestu hér á landi ef verulegur hluti starfslíðs við sjónvarpsútsendingar starfar hér á landi. Þó að verulegur hluti starfslíðs við sjónvarpsútsendingar starfi einnig í öðru EES-ríki telst stöðin hafa staðfestu hér á landi ef aðalskrifstofa hennar er hér. Þó að verulegur hluti starfslíðs við sjónvarpsútsendingar starfi hvorki hér á landi né í öðru EES-ríki telst stöðin hafa staðfestu hér á landi ef hún hefur hafið útsendingar samkvæmt útvarpsleyfi sem veitt var með stoð í íslenskum lögum, enda hafi stöðin haldið stöðugum og virkum tengslum við íslenskt efnahagslíf.
- c. Ef sjónvarpsstöð hefur aðalskrifstofu sína á Íslandi, en ákvarðanir um dagskrárefni eru teknar utan EES-ríkja, eða öfugt, telst stöðin hafa staðfestu hér á landi að því tilskildu að verulegur hluti starfslíðs við sjónvarpsútsendingar starfi hér á landi.



## 3. gr.

*Lögsaga yfir hljóðvarpsstöðvum.*

Lög þessi gilda um allar hljóðvarpsendingar aðila sem nota senditíðni sem íslensk stjórnvöld hafa úthlutað eða dreifikerfi sem staðsett er á Íslandi.

## 4. gr.

*Útsendingar sem lögin ná ekki til.*

Ákvæði þessara laga ná ekki til dreifingar útvarpsdagskrár eða útsendinga sem eingöngu eru ætlaðar þröngum hópi og takmarkast við byggingar eða húsakynni á samfelldri lóð, svo sem einstök íbúðarhús, sjúkrahús, gistihús, skóla og verksmiðjur.

## 5. gr.

*Tímabundin stöðvun á endursendingum sjónvarps frá EES-ríkjum.*

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og skyldu íslenska ríkisins til þess að tryggja frelsi til móttöku á sjónvarpsútsendingum frá öðrum EES-ríkjum getur útvarpsréttarnefnd stöðvað tímabundið sjónvarpsútsendingar frá öðrum EES-ríkjum að uppfylltum eftirgreindum skilyrðum:

- a. útsendingin brýtur ljóslega, verulega og alvarlega gegn ákvæðum 14. laga þessara eða telst að öðru leyti geta haft alvarleg skaðleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, eða útsending telst geta kynt undir hatri á grundvelli kynþáttar, kynferðis, trúarskoðana eða þjóðernis;
- b. sjónvarpsstöðin, sem í hlut á, hefur að minnsta kosti tvívegis á síðastliðnum 12 mánuðum brotið gegn ákvæðum a-liðar;
- c. útvarpsréttarnefnd hefur tilkynnt sjónvarpsstöðinni, og íslensk stjórnvöld hafa tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, skriflega um meint brot og þær ráðstafanir sem þau hyggjast grípa til ef um verður að ræða endurtekningu á broti;
- d. samráð við útsendingarríki og Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, eftir því sem við á, hefur ekki leitt til lausnar innan 15 daga frá tilkynningu skv. c-lið og framhald er á meintu broti.

## III. KAFLI

**Leyfi til útvarps.**

## 6. gr.

*Leyfi til útvarps.*

Til útvarps, sem á uppruna sinn hér á landi, þarf leyfi útvarpsréttarnefndar, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum, sbr. lög um Ríkisútvarpið.

Útvarpsréttarnefnd skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Útvarpsréttarnefnd getur veitt lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til útvarps. Leyfi til hljóðvarps má lengst veita til fimm ára í senn en til sjónvarps lengst til sjö ára í senn. Nánari ákvæði um gildistíma útvarpsleyfa skulu sett í reglugerð. Heimilt er að binda leyfi við afmörkuð svæði.

Leyfi til útvarps hér á landi er háð eftirfarandi almennum skilyrðum:

- a. Leyfishafi skal hafa staðfestu í EES-ríki. Um heimild erlends aðila utan EES-ríkis eða íslensks lögaðila, sem slíkur aðili á hlut í, til að reka útvarpsstöðvar fer samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.
- b. Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir til þeirra sem fengið hafa leyfi til útvarps, og skal þá kveðið á um tæknilega eiginleika í

samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva skal einvörðungu heimilað um þráð og/eða þráðlaust um örbylgju.

- c. Útvarpsstöðvar skulu gera útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er, svo og fyrirhugaðri grundvallarbreytingu á áður kynntri dagskrá.
- d. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hver sé útvarpsstjóri er beri ábyrgð á útlarpsefni skv. IX. kafla laga þessara. Breyting í þeim efnun skal og tilkynnt útvarpsréttarnefnd.
- e. Áður en útvarpsstöð tekur til starfa skulu fyrirsvarsmenn hennar tilkynna útvarpsréttarnefnd hvert sé kallmerki hennar.
- f. Rekstri, bókhaldi og fjárreiðum útvarpsstöðvar skal haldið aðgreindum frá öðrum rekstri og fjárreiðum útvarpsleyfishafa. Útvarpsréttarnefnd getur krafist upplýsinga úr bókhaldi og reikningum útvarpsstöðvar, ef þess er talin þörf, um hvort laga- eða reglugerðarákvæði eða leyfisskilmálar hafi verið brotnir. Skal sérstakur trúnaðarmaður nefndarinnar annast öflun og könnun slíkra gagna í umboði nefndarinnar. Nefndarmenn, starfsmenn og trúnaðarmenn nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem leynt á að fara.
- g. Hafi útvarpsstöð ekki hafið útlarp innan átta mánaða frá dagsetningu leyfis útvarpsréttarnefndar fellur leyfið sjálfkrafa niður. Sé útvarpsrekstri hætt og hann eigi hafinn á ný innan fjögurra mánaða telst útvarpsleyfi sjálfkrafa niður fallið.
- h. Leyfi til útvarps verður ekki framselt, leigt eða flutt með nokkrum öðrum hætti til annars aðila. Nú er bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta, og fellur þá leyfið þegar í stað úr gildi.

Útlarpuréttarnefnd fylgist með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt og hefur að öðru leyti eftirlit með framkvæmd laga þessara, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpsútsendingum er lúta íslensku lögsögu skv. 2. og 3. gr. laga þessara. Útlarpuréttarnefnd getur áskilið að faggilt skoðunarstofa staðfesti skýrslur sjónvarpsstöðva um útsendingu á evrópsku dagskrárefni skv. 7. gr. og um sýningu efnis sem framleitt er af sjálfstæðum framleiðendum, sbr. 10. gr. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með tæknilegum eiginleikum útsendinga.

Ákvarðanir útvarpsréttarnefndar samkvæmt lögum þessum eru fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslusviði og sæta ekki stjórnsýslukæru.

Kostnaður við starfsemi útvarpsréttarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

#### IV. KAFLI

#### Skyldur útvarpsstöðva.

##### 7. gr.

##### *Dagskrárframboð.*

Útlarpstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Þó skal heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku.

Sjónvarpsstöðvar skulu kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma sjónvarpsstöðva að frádregnum þeim tíma sem varið er til fréttu, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpþjónustu og fjarsölu.

Í reglugerð skal það nánar skilgreint hvað telst vera evrópskt efni.

##### 8. gr.

##### *Tal og texti á íslensku.*

Efni á erlendu máli, sem sýnt er á sjónvarpsstöð, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttu-

tengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalaus íslensku máli.

Ákvæði greinar þessarar eiga ekki við þegar um er að ræða endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva. Þau eiga ekki heldur við þegar útvarpsstöð hefur fengið leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku, sbr. 1. mgr. 7. gr.

9. gr.

*Lýðræðislegar grundvallarreglur.*

Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum. Þó skal útvarpsstöð, sem fengið hefur útvarpsleyfi í þeim yfirlýsta tilgangi að beita sér fyrir tilteknum málstað, vera óskyld að flytja dagskrárefni sem gengur í berhögg við stefnu stöðvarinnar.

10. gr.

*Dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum.*

Sjónvarpsstöðvar skulu, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. mgr. 7. gr., á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Sjónvarpsstöðvar skulu leggja áherslu á að svo stór hluti af verkum sjálfstæðra framleiðenda sem unnt er sé sýndur innan fimm ára frá því að gerð þeirra lauk.

Í reglugerð skal það nánar skilgreint hverjir teljast vera sjálfstæðir framleiðendur samkvæmt þessari grein.

11. gr.

*Andsvarsréttur.*

Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að lögmætir hagsmunir þeirra, einkum orðspor og mannorð, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í útvarpsdagskrá, hafa rétt til andsvara á viðkomandi útvarpsstöð eða til annarra jafngildra úrræða. Andsvör skulu send út innan hæfilegs tíma frá því að rök voru færð fyrir beiðninni og á þeim tíma og með þeim hætti sem hæfir þeirri útsendingu er beiðnin tekur til.

12. gr.

*Kærur vegna 9. og 11. gr.*

Telji einhverjir að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt skilyrði 9. og 11. gr. gagnvart þeim og þeim er synjað um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá á þann hátt sem þeir vilja við una geta þeir lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá, eins fljótt og við verður komið, fella úrskurð um kæruefni, og er sá úrskurður bindandi fyrir aðila.

13. gr.

*Skyldur vegna almannaheilla.*

Skyld er útvarpsstöð að láta lesa endurgjaldslaus tilkynningar frá almannavörnum, lög-gæslu, slysavarnafélögum eða hjálparsvéitum og gera hlé á dagskrá ef brýna nauðsyn ber til og almannaheill krefst.

## 14. gr.

*Vernd barna gegn óheimilu efni.*

Sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni.

Dagskrárefni, sem ekki er talið við hæfi barna, sbr. 1. mgr., skal jafnframt einungis sýnt á þann hátt að tryggt sé með tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar. Þegar slíkt dagskrárefni er sent út skal fara á undan því munnleg viðvörðun eða það auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsendingin stendur yfir.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

## V. KAFLI

**Tekjustofnar útvarpsstöðva.**

## 15. gr.

*Tekjustofnar.*

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með afnotagjaldi, áskriftargjaldi, auglýsingum, fjarsöluinnskotum, kostun og sölu eða leigu á vörum sem tengjast dagskrárefni þeirra.

## VI. KAFLI

**Auglýsingar, fjarsala og kostun.**

## 16. gr.

*Almennar meginreglur.*

Auglýsingar skulu vera auðþekkjanlegar sem slíkar og vera skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni með myndskilti eða hljóðmerki. Sama gildir um fjarsöluinnskot.

Duldar auglýsingar eru bannaðar, sem og dulin fjarsöluinnskot.

Í auglýsingum og fjarsöluinnskotum skal ekki beita tækni til að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar.

## 17. gr.

*Tímar fyrir auglýsingar og fjarsöluinnskot.*

Almennt skulu auglýsingar fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum á milli dagskrárliða. Sama skal gilda um fjarsöluinnskot.

Einstök auglýsinga- og fjarsöluinnskot skulu ekki leyfð nema í undantekningartilvikum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal vera heimilt að rjúfa einstaka dagskrárliði með auglýsingatíma og fjarsöluinnskotum, enda leiði það ekki til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi eða skerði rétt réttthafa, svo sem hér segir:

- Útsendingu dagskrárliða sem samsettir eru úr sjálfstæðum þáttum, íþróttadagskrár eða sambærilega dagskrárliði, sem svipaðir eru að uppbyggingu, er heimilt að rjúfa með auglýsingatíma og fjarsöluinnskotum á þann veg að auglýsingum og fjarsöluinnskotum sé aðeins skotið inn á milli þátta eða í hléum.
- Útsendingu kvikmynda, þar á meðal kvikmynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp og eru lengri en 45 mínútur í dagskrá, má rjúfa einu sinni fyrir hvert 45 mínútna tímaskeið með auglýsingatíma eða fjarsöluinnskoti. Heimilt er að rjúfa útsendingu öðru sinni ef sýningartími er meira en 20 mínútum lengri en tvö eða fleiri full 45 mínútna tímaskeið.
- Ef dagskrárliðir, aðrir en þeir sem fjallað er um í a-lið, eru rofnir með auglýsingum eða fjarsöluinnskotum skulu líða a.m.k. 20 mínútur milli auglýsingahléa í sama dagskrárlið.

Óheimilt er að skjóta auglýsingum eða fjarsöluinnskotum inn í útsendingu á guðspjónustu eða trúarlegri dagskrá, fréttum eða fréttatengdum dagskrárliðum eða dagskrá fyrir börn. Þó er heimilt að rjúfa fréttatengda dagskrárliði ef þeir eru lengri en 30 mínútur.

## 18. gr.

*Takmarkanir á auglýsingatíma í sjónvarpi.*

Í sjónvarpsdagskrám skal hlutfall auglýsingatíma ekki fara yfir 15% daglegs útsendingartíma. Þó má auka þetta hlutfall í 20% ef með eru talin fjarsöluinnskot að undanskildum fjarsölubáttum í skilningi 19. gr. Hlutfall auglýsinga og fjarsöluinnskota innan tiltekins klukkutímaskeiðs má ekki fara yfir 20%. Hvað þessa grein varðar telst eftirfarandi ekki til auglýsinga:

- a. Tilkygningar frá sjónvarpsstöð í tengslum við dagskrárefni hennar sjálfrar og stoðframleiðslu sem leiðir beint af því efni.
- b. Tilkygningar um opinbera þjónustu og hjálparbeiðnir líknaðstofnana sem birtar eru endurgjaldslaust.

## 19. gr.

*Sérákvæði um fjarsölubætti.*

Um fjarsölubætti í dagskrám sem ekki eru eingöngu helgaðar fjarsölu gilda eftirfarandi ákvæði:

- a. Þeir skulu standa yfir í að minnsta kosti 15 mínútur órofið.
- b. Slíkir þættir mega ekki vera fleiri en átta á degi hverjum. Heildarlengd þeirra má ekki vera meiri en þrjár klukkustundir á dag. Þeir skulu vera skýrt auðkenndir sem fjarsölubættir með hljóðmerkjum og sjónrænt.

Öll ákvæði laga þessara gilda eftir því sem við á og að breyttu breytanda um sjónvarpsdagskrár sem eingöngu eru helgaðar fjarsölu. Auglýsingar eru leyfðar í slíkum dagskrám innan þeirra daglegu marka sem tiltekin eru í 18. gr., þó þannig að a- og b-liðir eiga ekki við.

Ákvæði laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga skulu gilda um fjarsölu samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

## 20. gr.

*Vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum.*

Útvarpsauglýsingar skulu þannig gerðar og fluttar að þær valdi ekki börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Í útvarpsauglýsingum er óleyfilegt að:

- a. hvetja börn til þess að kaupa vöru eða þjónustu með því að notfæra sér reynsluleysi þeirra eða trúgirmi,
- b. hvetja börn til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vöru eða þjónustu sem auglýst er,
- c. notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem börn bera til foreldra, kennara eða annars fólks eða
- d. sýna börn að tilefnislausu við hættulegar aðstæður.

Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um fjarsölubætti. Í slíkum þáttum er óleyfilegt að hvetja börn til þess að gera samninga um kaup eða leigu á vöru eða þjónustu.

## 21. gr.

*Kostun.*

Heimilt er útvarpsstöð að afla kostunar við gerð einstakra dagskrárliða, svo framarlega sem kostandi hefur ekki áhrif á innihald eða efnistöð við gerð kostaðs dagskrárliðar og raskar ekki ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði útvarpsstöðvar.

Óheimilt er að kosta fréttauðsendingar og fréttatengt efni.

Nú er dagskrárliður kostaður og má þá efni hans ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostanda eða annars aðila, t.d. með því að auglýsa slíka vöru eða

þjónustu sérstaklega. Heimilt er að ákveða með reglugerð að sérstakar reglur skuli gilda um dagskrárliði sem kostaðir eru af góðgerðar- eða líknarfélögum.

Kostaðar útvarpsdagskrár skulu vera ljóslega auðkenndar sem slíkar með kynningu, nafni og/eða vörumerki kostanda í upphafi og/eða lok dagskrár.

Óheimilt er að aðrir aðilar en sá sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar kosti almenna dagskrárgerð þótt ekki gildi það um einstaka dagskrárliði.

Útvarpsdagskrár mega ekki vera kostaðar af aðilum sem bannað er að auglýsa vöru sína eða þjónustu. Þó er framleiðendum og söluaðilum lyfja heimilt að kynna nafn eða ímynd fyrirtækis síns með kostun útvarpsdagskrár, án þess þó að um sé að ræða kynningu á einstökum lyfjategundum eða læknisfræðilegri meðferð.

## VII. KAFLI

### Aðgangur að almennum fjarskiptanetum.

22. gr.

*Aðgangur að almennum fjarskiptanetum.*

Nú óskar útvarpsstöð að fá aðgang að kapalkerfi eða öðru almennu fjarskiptaneti sem hagnýtt er til útvarpssendinga, þar á meðal breiðbandi, og skal þá fara með málið svo sem fyrir er mælt í fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, hvort tveggja eftir því sem við á.

Ef þurfa þykir er heimilt í reglugerð að mæla fyrir um takmörkun á fjölda rása sem útvarpsstöðvar í eigu sömu eða tengdra aðila fá til afnota í framangreindum fjarskipta-virkjum.

## VIII. KAFLI

### Takmörkun á einkaréttindum.

23. gr.

*Aðgangur almennings að þýðingarmiklum viðburðum.*

Heimilt er að ákveða í reglugerð að einkaréttindi sjónvarpsstöðva til sjónvarps frá innlendum og erlendum viðburðum sem taldir eru hafa verulega þýðingu í þjóðfélaginu sé einungis heimilt að nýta á þann hátt að meginhluti þjóðarinnar eigi þess kost að fylgjast með viðburðunum í beinum eða seinkuðum útsendingum án sérstaks endurgjalds. Í reglugerðinni skal vera tæmandi og nákvæm skrá um þá viðburði sem ákvörðun er ætlað að taka til, og skal ákvörðun um skrána tekin með góðum fyrirvara. Í reglugerð skulu enn fremur vera ákvæði um það hvort hinir tilteknu viðburðir skuli vera sýndir í heild eða að hluta í beinum útsendingum, eða í heild eða að hluta í seinkuðum útsendingum, ef það telst nauðsynlegt eða hagfellt vegna þarfa almennings, sem og önnur atriði sem nauðsynlegt þykir að kveða á um.

Sjónvarpsstöð, sem aflar sér einkaréttar sem um ræðir í þessari grein og gildir fyrir Ísland og önnur EES-ríki, skal þegar í stað tilkynna það til útvarpsréttarnefndar sem skal hafa eftirlit með framkvæmd ráðstafana samkvæmt grein þessari.

Þjóði sjónvarpsstöð annarri sjónvarpsstöð að senda út frá viðburði til þess að uppfylla skyldu sína skv. 1. mgr. skal rétturinn boðinn gegn sanngjörnu endurgjaldi.

Rísi ágreiningur milli stöðvar sem fullnægir útbreiðsluskilyrðinu og annarrar sjónvarpsstöðvar um endurgjald fyrir sölu sjónvarpsréttarins getur hvor aðili um sig leitað úrskurðar útvarpsréttarnefndar sem sanngjarnt endurgjald fyrir réttinn. Endurgjaldið skal nefndin meta með hliðsjón af því hvað telst vera eðlilegt markaðsverð á samkeppnismarkaði fyrir réttindi þau sem um ræðir.

Úrskurði útvarpsréttarnefndar um endurgjaldið verður skotið til dómstóla. Málskot til dómstóla frestar þó ekki framkvæmd á úrskurði útvarpsréttarnefndar, og fær sjónvarpsstöð, sem fullnægir útbreiðsluskilyrðinu, rétt til sýningar frá þeim viðburði sem um er að ræða,

enda setji hún tryggingu fyrir greiðslu endurgjaldsins sem útværpréttarnefnd metur fullnægjandi.

Heimilt er að ákveða með reglugerð tilteknar takmarkanir á nýtingu sjónvarpsstöðva á einkaréttindum sínum til dreifingar á sjónvarpsútsendingum frá þýðingarmiklum viðburðum þannig að aðrar sjónvarpsstöðvar eigi þess kost með tilteknum skilmálum að flytja stuttar fréttir af þess háttar viðburðum.

#### 24. gr.

##### *Gagnkvæm viðurkenning á reglum EES-ríkja.*

Sjónvarpsstöðvum, sem lúta íslenskrri lögsögu, er einungis heimilt að nýta einkaréttindi sín til sjónvarps frá viðburðum sem ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hefur ákveðið að teljist hafa verulega þýðingu í því þjóðfélagi á þann hátt að meginhluti íbúanna í viðkomandi ríki eigi þess kost að fylgjast með viðburðunum í sjónvarpi án sérstaks endurgjalds.

Einkaréttindi skulu nýtt í samræmi við reglur viðkomandi ríkis um útsendingu í heild eða að hluta og um beina eða seinkaða útsendingu frá viðburðunum.

Útværpréttarnefnd skal hafa eftirlit með framkvæmd ráðstafana samkvæmt grein þessari.

### IX. KAFLI

#### **Ábyrgð á útværpsefni.**

#### 25. gr.

##### *Skylda til varðveislu á frumsömdu útværpsefni.*

Hver sá sem heimild hefur til rekstrar útværps samkvæmt lögum þessum skal varðveita í a.m.k. 18 mánuði upptöku af öllu frumsömdu útsendu efni. Þó skal heimilt að varðveita fréttir í handriti. Skyllt er að láta þeim sem telur misgert við sig í útsendingu í té afrit af upptöku þeirrar útsendingar. Skyllt er að láta útværpréttarnefnd í té afrit af upptöku útsendingar samkvæmt ósk nefndarinnar.

#### 26. gr.

##### *Ábyrgð.*

Ef útsending á útværpsefni brýtur í bága við lög fer um refsí- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

- Sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni sem útværpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útværpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til samtals í útværpi þannig að hver sem tekur þátt í samtali í eigin nafni ber ábyrgð á sínu framlagi í því.
- Flytjandi ber ábyrgð á efni sem annar maður hefur samið.
- Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.
- Útværpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni.
- Útværpsstöð ber ábyrgð á greiðslu fésekta og skaðabóta sem starfsmanni stöðvar kann að vera gert að greiða samkvæmt þessari grein. Má innheimta fésektir og skaðabætur hjá útværpsstöð með fjárnámi.

#### 27. gr.

##### *Upplýsingaskylda, fyrning sakar o.fl.*

Skyllt er útværpsstöð að veita hverjum þeim sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útværpsefni fullnægjandi upplýsingar um hver hafi borið ábyrgð á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 26. gr.

Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útværpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsíábyrgð fellur niður ef sex mánuðir líða frá útsendingu án þess

að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber rannsókn út af broti ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

## X. KAFLI

### Viðurlög.

28. gr.

#### *Refsingar.*

Eftirtalin brot gegn lögum þessum varða fésektum:

- a. Útvarp án leyfis útvarpsréttarnefndar, sbr. 1. mgr. 6. gr.
- b. Misbrestur á tal- eða textasetningu efnis á erlendu máli, sbr. 1. mgr. 8. gr.
- c. Misbrestur á efndum skyldna vegna almannaheilla, sbr. 13. gr.
- d. Sýning efnis sem bannað er skv. 1. mgr. 14. gr. og misbrestur á varúðarráðstöfunum vegna velferðar barna sem ákveðnar verða í reglugerð skv. 2. mgr. 14. gr.
- e. Óheimil nýting á einkaréttindum samkvæmt ákvæðum reglugerðar sem sett kann að verða með stoð í 23. gr.
- f. Óheimil nýting á einkaréttindum skv. 24. gr.
- g. Misbrestur á efnd skyldu til varðveislu á frumsömdu útvarpsefni og til afhendingar á afriti af upptöku á útsendingu, sbr. 25. gr.
- h. Misbrestur á efnd upplýsingaskyldu, sbr. 1. mgr. 27. gr.
- i. Óheimil hagnýting útvarpsefnis, sbr. 32. gr.
- j. Óheimil meðferð myndlykla, sbr. 33. gr.

Alvarleg eða ítrekuð brot skv. 1. mgr. geta varðað fangelsi.

29. gr.

#### *Upptaka eigna.*

Hluti og búnað, sem notaðir hafa verið við brot gegn ákvæðum 33. gr., skal gera upp-tæka, nema þeir séu eign aðila sem ekki er við brotið riðinn. Ávinning, sem aflað hefur verið með broti, skal gera upptækan. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs. Hafi einhver beðið tjón við brotið skal sá eiga forgang til andvirðis hins upptæka ef bætur fást ekki á annan hátt.

Gera má upptæk viðtæki sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í tekju-öflunarskyni, sbr. 32. gr.

30. gr.

#### *Stjórnvaldssektir.*

Fari útvarpsstöð ekki að fyrirmælum 9. og 11. gr. og VI. kafla, um auglýsingar, fjarsölu og kostun, varðar það stjórnvaldssektum samkvæmt úrskurði útvarpsréttarnefndar. Gildir þetta nema brot varði refsiviðurlögum samkvæmt öðrum lögum.

Við ákvörðun stjórnvaldssekta skv. 1. mgr. skal m.a. tekið tillit til tekna útvarpsstöðvar af broti. Skal stjórnvaldssekt ákveðin sem tvöfalt til tífalt margfeldi af þeim tekjum sem útvarpsstöð hefur aflað sér með broti gegn VI. kafla laganna.

Sektarúrskurðir útvarpsréttarnefndar eru aðfararhæfir.

Útvarpsstöð getur skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla. Málshöfðunarfrestur er þrjú mánuðir frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð útvarpsréttarnefndar. Málskot frestar aðför.

Ef brot gegn þessari grein telst ekki alvarlegt eða er ekki ítrekað getur útvarpsréttarnefnd látið við það sitja að beita áminningu.



## 31. gr.

*Afturköllun útvarpsleyfis.*

Útvarpsréttarnefnd getur afturkallað leyfi til útvarps séu reglur brotnar, enda sé um alvarleg og ítrekuð brot að ræða.

## XI. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 32. gr.

*Óheimil hagnýting útvarpssefnis.*

Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpssefni til tekjuöflunar, t.d. með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

## 33. gr.

*Myndlyklabrot.*

Óheimilt er að framleiða, afhenda, leigja, setja upp eða gera við myndlykla í því skyni að veita einhverjum utan hóps áskrifenda aðgang að innihaldi læstrar útsendingar.

Óheimilt er að nota myndlykil til þess að taka á móti læstri útsendingu án þess að greiða áskriftargjaldið.

## 34. gr.

*Stafrænt útvarp.*

Heimilt er menntamálaráðherra að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi.

Útvarpsstöðvum skal gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við undirbúning að stafrænu útvarpi.

Við útgáfu allra nýrra útvarpsleyfa samkvæmt lögum þessum og við endurnýjun annarra útvarpsleyfa skal sett að skilyrði að með reglugerð megi mæla fyrir um breytingu á merkjum útvarpsstöðvar í stafrænt form, enda verði slík breyting ákveðin með eðlilegum fyrirvara að teknu tilliti til tæknilegra og fjárhagslegra ástæðna. Ákvæði þetta gildir einnig um lögbundið leyfi Ríkisútvarpsins.

## 35. gr.

*Setning reglugerðar.*

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

## 36. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi ákvæði útvarpslaga, nr. 68/1985, með síðari breytingum, að undanteknum eftirtöldum ákvæðum laganna sem varða Ríkisútvarpið: 1. mgr. 2. gr., III. kafli, IV. kafli, 31. gr. og 32. gr. Heiti þeirra laga verður: **Lög um Ríkisútvarpið**. Skulu lögín gefin út svo breytt með nýjum kafla- og greinanúmerum.

## XII. KAFLI

**Breytingar á öðrum lögum.**

## 37. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á *útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum*:

1. Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:
  - a. 1. mgr. fellur brott.
  - b. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnunina“ í 2. mgr. kemur: aðra aðila.

2. Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:
  - a. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnunin“ í 1. málsl. kemur: fjarskiptafyrirtæki.
  - b. Í stað tilvísunarinnar „sbr. 3. gr.“ í 3. málsl. kemur: sbr. ákvæði útvarpslaga.
  - c. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnunarinnar“ í 5. málsl. kemur: Póst- og fjarskiptastofnunarinnar.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir það sem segir í 2. gr., 3. mgr. 6. gr. og a-lið 4. mgr. 6. gr. í lögum þessum er utanríkisráðuneytinu heimilt að veita varnarliðinu leyfi til áframhaldandi útvarpsrekstrar, sbr. lög nr. 110/1951 og lög nr. 106/1954, og skal þá tekið mið af ákvæðum I.–IV. kafla að svo miklu leyti sem við getur átt.

Núverandi stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skal sitja áfram eftir gildistöku laga þessara þar til hún hefur lokið starfi sínu, þó ekki lengur en til 31. desember 2001. Hlutverk hennar skal þá einvörðungu vera það að hafa eftirlit með framvindu þegar styrktra verkefna, að framvinda og framkvæmd sé í samræmi við umsóknir og forsendur styrkveitinga, að innheimta ógreidd menningarsjóðsgjöld og að koma að öðru leyti fram fyrir hönd sjóðsins.

Þar til sett hefur verið reglugerð eða reglugerðir um framkvæmd laga þessara skulu reglugerðir samkvæmt útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum, halda gildi sínu að svo miklu leyti sem við getur átt.

Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra.

*Gjört á Bessastöðum, 17. maí 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

## LÖG

### um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Reiðvegir eru vegir sem einkum eru ætlaðir umferð ríðandi manna og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Hjólreiða- og göngustígar eru einkum ætlaðir hjólandi og gangandi vegfarendum og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

2. gr.

Fyrri málslíður 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Ráðherra getur að fengnum tillögum vegamálastjóra heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna almennra vega, einkavega, reiðvega og hjólreiða- og göngustíga, enda komi fullar bætur fyrir.

3. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Almennir vegir, einkavegir, reiðvegir og hjólreiða- og göngustígar.**

## 4. gr.

Í stað orðsins „gangstíga“ í 20. gr. laganna kemur: hjólreiða- og göngustíga.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Landeigandi skal annast viðhald girðinga með vegum í landi sínu, sbr. þó 4. mgr.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:  
Vegagerðin getur að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélag ákveðið að annast og kosta viðhald girðinga með einstökum vegarköflum á þjóðvegum þar sem umferð er 300 bílar á dag eða meira að meðaltali yfir sumarmánuði (SDU), enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafli bönnuð. Áður en Vegagerðin ákveður að taka við viðhaldi girðinga samkvæmt þessari grein skal hún tilkynna það viðkomandi sveitarfélagi og hlutaðeigandi landeigendum.
- c. 4. mgr. verður 5. mgr. og orðast svo:  
Viðkomandi sveitarfélag annast viðhald girðinga sem reistar eru skv. 2. mgr. 37. gr. Þó er heimilt að semja um að veghaldari annist viðhaldið. Viðhaldskostnaður þeirra girðinga greiðist að jöfnu af viðkomandi sveitarfélagi og veghaldara nema sérstaklega sé um annað samið.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2000.

*Gjört á Bessastöðum, 17. maí 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Sturla Böðvarsson.*

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda skal greiða 5.000 kr.:

1. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti og héraðsdómi.
2. Leyfi til að stunda almennar lækningar og sérfræðilækningar, leyfi til að stunda almennar tannlækningar og sérfræðitannlækningar, leyfi til ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga og sérfræðileyfi til hjúkrunarfræðinga, leyfi til lyfsala, lyfjafræðinga, sérfræðileyfi lyfjafræðinga og leyfi til aðstoðarlyfjafræðinga.
3. Leyfi til sjúkrahjálfa, félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, þroskaþjálfara, meinatækna, röntgentækna, matvælafræðinga og sálfræðinga.

4. Leyfi til sjóntækjafræðinga.
  5. Leyfi til sjúkraliða.
  6. Leyfi til matartækna.
  7. Leyfi til lyfjataækna.
  8. Leyfi til fótaaðgerðafræðinga.
  9. Leyfi til hnykkja.
  10. Leyfi til sjúkraflutningamanna.
  11. Leyfi til næringarfræðinga og næringarráðgjafa.
  12. Leyfi til læknaaritara.
  13. Leyfi til sjúkranuddara.
  14. Leyfi til talmeinafræðinga.
  15. Leyfi til tannfræðinga.
  16. Leyfi til matarfræðinga.
  17. Leyfi til náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu.
  18. Leyfi til tanntækna.
  19. Leyfi til grunnskólakennara og framhaldsskólakennara.
  20. Leyfi til bókasafnsfræðinga.
  21. Leyfi til verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta (húsameistara), byggingafræðinga, húsgagna- og innanhússarkitekta, iðnfræðinga, landslagsarkitekta og skipulagsfræðinga.
  22. Leyfi til viðskiptafræðinga og hagfræðinga.
  23. Leyfi til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.
  24. Leyfi til dómtúlka og/eða skjalapýðenda.
  25. Leyfi til leigubifreiðaaksturs.
  26. Leyfi til gerðar eignaskiptayfirlýsinga.
  27. Löggilding endurskoðenda.
  28. Löggilding manna um ævitíð.
  29. Meistarabréf.
  30. Sveinsbréf.
  31. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna A, B og C.
  32. Vélstjórnarskírteini.
  33. Flugnema- og svifflugmannsskírteini.
  34. Einkaflugmannsskírteini.
  35. Atvinnuflugmannsskírteini, I., II. og III. fl.
  36. Flugvéltækna-, flugvélstjóra- og flugumferðarstjóraskírteini.
  37. Skírteini til kvikmyndasýninga:
    - a. Staðbundin skírteini.
    - b. Sveinsskírteini.
    - c. Meistaraskírteini.
  38. Naglabyssuskírteini.
  39. Skírteini fyrir suðumenn.
- Fyrir endurnýjun framantalinna leyfa og skírteina skal greiða 1.000 kr.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

Nefndin skal skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði lækni- og lyfjafræði. Ráðherra skipar formann. Aðra nefndarmenn, auk fimm varamanna, skipar ráðherra í samráði við formann. Þegar fjallað er um dýralyf skulu taka sæti í nefndinni yfir dýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Varamenn þeirra skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Forstjóri Lyfjastofnunar getur kallað til sérfræðinga og fulltrúa fagfélaga til að vera stofnuninni til ráðgjafar þegar þurfa þykir.

#### 5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Í lögum þessum merkir:

1. *Sérlyf*: Öll lyf, tilbúin, eða sem næst tilbúin, sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir, undir sérstöku heiti og í sérstökum umbúðum framleiðanda (markaðsleyfishafa).

2. *Lyf*: Hvers konar efni eða efnasamsetningar sem ætlaðar eru til lækningar, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum. Enn fremur teljast hvers konar efni eða efnasamsetningar lyf ef þau koma í eða á líkama manna eða dýra og eru notuð til að greina sjúkdóma, laga eða breyta líffærastarfsemi manna eða dýra eða færa hana í rétt horf.
3. *Efni*: Hvers konar efni, óháð uppruna, úr:
  - mönnum, t.d. blóð og efni unnin úr blóði,
  - dýrum, t.d. örverur, dýr, líffærahlutar, seyti, eiturefni, seyði, efni unnin úr blóði o.fl.,
  - jurtum, t.d. örverur, plöntur, plöntuhlutar, seyti, seyði, o.fl.,
  - öðrum efnum, t.d. frumefni, efni úr náttúrunni og efni sem mynduð eru með efnabreytingum eða samtengingu.
4. *Forskriftarlyf lækna (magistral formula)*: Öll lyf sem framleidd eru í lyfjabúð samkvæmt forskrift læknis á lyfseðli fyrir einstaka sjúklinga.
5. *Stöðluð forskriftarlyf (officinal formula)*: Öll lyf sem framleidd eru í lyfjabúð, samkvæmt forskrift er Lyfjastofnun staðfestir, og afgreidd eru beint til viðskiptavinar lyfjabúðar.

Leiki vafi á því hvort einstök efni eða efnasambönd teljist lyf sker Lyfjastofnun úr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari skilgreiningu á lyfjum og lyfjahugtakinu í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins.

Ráðherra setur reglugerð um undanþágur frá lyfjahugtakinu og skal þar kveðið á um hvenær efni, sem eru upprunnin úr náttúrunni, teljist ekki náttúruleg heldur almenn vara (náttúruvara). Í reglugerð skal einnig kveðið á um í hvaða dagskömmtum vítamín og/eða stein-efni, sem ætluð eru mönnum eða dýrum, teljist ekki lyf.

Ráðherra setur reglugerð með skilgreiningu og nánari ákvæðum um hjúkrunar- og lækningahluti (medical devices) í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins.

## 6. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Fullgerð lyf (lyf, tilbúin eða sem næst tilbúin til notkunar) er einungis heimilt að flytja til landsins, selja eða afhenda að fengnu markaðsleyfi Lyfjastofnunar.

Umsókn um markaðsleyfi ásamt nauðsynlegum fylgigögnum skal senda Lyfjastofnun.

Lyfjastofnun er heimilt að nota markaðsleyfi útgefið af öðru aðildarríki EES-samningsins sem grundvöll viðurkenningar lyfs sem sótt er um markaðsleyfi fyrir.

Lyfjastofnun er heimilt að viðurkenna umsókn markaðsleyfishafa um meiri háttar eða minni háttar breytingu á skilmálum markaðsleyfis.

Lyfjastofnun er heimilt að afturkalla markaðsleyfi ef:

- a. í ljós kemur að lyf sem er á markaði hér á landi uppfyllir ekki gildandi lög og reglur um lyf eða kröfur til þess að hljóta markaðsleyfi,
- b. lyfið telst ekki lengur uppfylla kröfur um gæði, öryggi og verkun,
- c. upplýsingar er veittar hafa verið í tengslum við umsókn eru rangar,
- d. ekki er framkvæmt gæðaeftirlit í samræmi við kröfur gildandi gæðalýsingar eins og reglur segja til um,
- e. skyldum til að gera nauðsynlegar breytingar í framleiðslu eða eftirliti eða á samantekt á eiginleikum lyfs er ekki fullnægt,
- f. tími þar til afurðanýting dýra má hefjast að nýju eftir lyfjagjöf er ekki lengur talinn nægilega langur svo að tryggja megi að í afurðum dýra séu ekki lyfjaleifar skaðlegar neytendum,

g. nýtt umboð er ekki tilkynnt innan tilsettra tímamarka, enda hafi aðilar fengið aðvörum um að slíkt rof á tímamörkum hafi í för með sér afturköllun markaðsleyfis. Reglur um afturköllun markaðsleyfa eiga einnig við um sérstök markaðsleyfi eftir því sem við á.

Handhafi markaðsleyfis getur óskað eftir því við Lyfjastofnun að hún felli niður markaðsleyfi hans.

Lyfjastofnun getur veitt lækni á hans ábyrgð undanþágu frá 1. mgr. vegna lyfja er ekki hafa markaðsleyfi á Íslandi ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Við slíkar undanþágur skal þess gætt að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra sem eiga að nota þau.

Lyfjastofnun er heimilt að synja umsókn um markaðsleyfi bóluafnis, sermis eða ónæmisvaka sem ætlað er dýrum (immunological veterinary medical product) ef skráning þess fer í bága við lög eða nota á það til varnar gegn sjúkdómi sem óþekktur er í dýrum hér á landi.

Ráðherra skal í reglugerð setja ákvæði um veitingu markaðsleyfa fyrir sérlyf, smáskammtalyf og náttúrulyf, vítamín og steinefni. Einnig skal kveða á um meðferð umsókna, viðurkenningu á grundvelli markaðsleyfis frá öðru aðildarríki EES-samningsins, breytingu á skilmálum markaðsleyfis, afturköllun og niðurfellingu markaðsleyfis og undanþágur vegna lyfja sem ekki hafa markaðsleyfi hér á landi.

#### 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skráningu lyfs“ í 1. mgr. kemur: veitingu markaðsleyfis lyfs.
- b. 2. mgr. fellur brott.

#### 8. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Klínísk lyfjaprófun er kerfisbundin prófun á lyfi í þeim tilgangi að finna eða staðfesta áhrif þess og/eða finna aukaverkanir lyfsins og/eða rannsaka frásog, dreifingu, umbrot og útskilnað lyfsins í þeim tilgangi að kanna öryggi og virkni þess.

Ráðherra skal setja reglugerð með nánari ákvæðum um skilgreiningu klínískra lyfjaprófana, veitingu leyfa til þeirra og eftirlit með þeim og framkvæmd þeirra í samræmi við reglur um góða starfshætti í klínískum prófunum (GCP; Good Clinical Practice), Helsinkisáttmálann, siðareglur og lög um réttindi sjúklinga.

#### 9. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Lyfjastofnun hefur umsjón með útgáfu sérlyfjaskrár er greinir sérlyf sem hafa markaðsleyfi á Íslandi eftir lyfjaflokkum eða á annan hliðstæðan hátt. Í skránni skal m.a. greina frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum, helstu aukaverkunum og hámarksverði lyfja, sbr. 40. gr.

#### 10. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: **Markaðsleyfi lyfja. Mat á lyfjum. Klínískar lyfjaprófanir.**

#### 11. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:

Lyfjastofnun skal ákveða hvort lyf skuli vera lyfseðilsskylt, hve mikið magn megi afhenda gegn lyfseðli og hve oft gegn sama lyfseðli. Einnig ákveður stofnunin hvenær megi veita undanþágu frá lyfseðilsskyldu.

## 12. gr.

3. tölul. 12. gr. laganna fellur brott.

## 13. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Einnig er bannað að auglýsa með texta eða myndum, beint eða óbeint, að vara sem ekki hefur hlotið viðurkenningu sem lyf hafi fyrirbyggjandi áhrif, lækni eða lini sjúkdóma, sjúkdómseinkenni eða verki eða hafi áhrif á líkamsstarfsemi. Í sérstökum tilvikum er Lyfjastofnun heimilt að veita undanþágu frá þessari málsgrein.

## 14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „lyf, sem skráð eru hér á landi“ í 1. mgr. kemur: lyf, sem markaðsleyfi hafa hér á landi.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Í auglýsingu er heimilt að aðeins komi fram nafn lyfsins ef markmiðið með auglýsinguinni er einungis að vekja athygli á nafninu. Ákvæðið gildir aðeins um auglýsingar lausasölulyfja.

## 15. gr.

Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Handhöfum markaðsleyfa, eða umboðsmönnum þeirra, er heimilt að miðla til sjúklinga með bæklingum upplýsingum almenns eðlis um sjúkdóma og notkun tiltekinna lyfja. Allar upplýsingar í slíkum bæklingum skulu vera í samræmi við viðurkennda samantekt á eiginleikum lyfs (SPC; Summary of Product Characteristics) og skulu Lyfjastofnun send eintök af þeim.

## 16. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Lyfjastofnun hefur eftirlit með lyfjauglýsingum. Stofnunin getur bannað og/eða látið afturkalla tilteknar auglýsingar sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Stofnunin getur og krafist þess að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar á sambærilegan hátt. Þetta á einnig við um efni sem ekki hefur hlotið viðurkenningu sem lyf, sbr. 2. mgr. 13. gr. Lyfjastofnun vísar umfjöllun um lyfjauglýsingar til Samkeppnisstofnunar í þeim tilvikum er ætla má að lyfjauglýsing fari í bága við ákvæði samkeppnislaga. Auglýsendur skulu halda skrá yfir allar auglýsingar þar sem fram kemur hvar og hvenær þær voru birtar. Skrána skal geyma í tvö ár og skal hún vera aðgengileg Lyfjastofnun.

## 17. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Skráning aukaverkana og tilkynningarskylda er í höndum Lyfjastofnunar í samvinnu við landlækni og í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur.

Markaðsleyfishafi skal hafa í sinni þjónustu aðila með fullnægjandi þekkingu til að bera ábyrgð á lyfjagát innan fyrirtækisins. Hann skal skrá allar ætlaðar aukaverkanir lyfs sem honum er tilkynnt um. Einnig ber honum að tilkynna þar til bærum aðilum um þær aukaverkanir í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur.

## 18. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna verður: **Auglýsing og kynning lyfja. Skráning aukaverkana og tilkynningarskylda (lyfjagát).**

## 19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

- a. 3. tölul. 2. mgr. fellur brott.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Umsóknir um lyfjaútibú skal með sama hætti senda sveitarstjórn til umsagnar.
- c. Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 4. og 6. mgr. kemur: Lyfjastofnunar.

## 20. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Hvert lyfsöluleyfi takmarkast við rekstur einnar lyfjabúðar og ber lyfsöluleyfshafi sjálfur faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar. Lyfjafræðingi má einungis veita eitt lyfsöluleyfi í senn, en leyfshafi getur sótt um leyfi til að reka útibú frá lyfjabúð sinni í byggðarlagi þar sem ekki er starfrækt lyfjabúð. Í fjarveru leyfshafa skal fela lyfjafræðingi daglega stjórn lyfjabúðarinnar í samráði við Lyfjastofnun. Lyfjaútibú skal flokka eftir eðli og umfangi þeirrar þjónustu sem þeim er heimilt að veita. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um flokkun lyfjaútibúa. Sé lyfjaútibú til staðar í byggðarlagi þar sem ekki er starfrækt lyfjabúð skal ekki veita leyfi til reksturs annars lyfjaútibús á lægra þjónustustigi. Póstverslun með lyf er óheimil. Um póstsendingar lyfja skal kveða á í reglugerð um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir.

Starfandi lækningar, tannlækningar og dýralækningar mega ekki vera eigendur að svo stórum hluta í lyfsölu, lyfjaframleiðslu eða lyfjaheildsölu að það hafi teljandi áhrif á fjárhagslega afkomu þeirra. Sama gildir um maka þeirra, svo og börn undir 18 ára aldri. Um lyfsölu dýralækna gildir 6. mgr. 30. gr. Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa málsgrein, m.a. um undanþágu frá banni þessu hvað maka varðar þar sem öðru verður ekki við komið.

## 21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

- a. Orðin „eða verslunarleyfi“ í 1. tölul. 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 2. og 4. tölul. 1. mgr. kemur: Lyfjastofnunar.

## 22. gr.

Við 2. mgr. 24. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Lyfsölum er jafnframt skylt að afhenda Tryggingastofnun ríkisins rafrænar upplýsingar um afgreiðslu lyfja, að fengnu samþykki tölvunefndar, sbr. lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

## 23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Í lyfjabúð skulu á almennum afgreiðslutíma og á álagstímum utan almenns afgreiðslutíma að jafnaði vera að störfum eigi færri en tveir lyfjafræðingar við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf um rétta notkun og meðhöndlun lyfja. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt, að fenginni umsókn þar um, að leyfa að í lyfjabúð starfi einungis einn lyfjafræðingur, enda sé umfang starfsemi lítið og lyfjataeknar eða annað þjálfað starfsfólk sé lyfjafræðingnum til aðstoðar.
- b. Í stað orðanna „Lyfjaeftirliti ríkisins“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: Lyfjastofnun.
- c. Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: Lyfjastofnunar.

## 24. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Til að fá lyfjaheildsöluleyfi hér á landi verður lyfjaheildsala að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Henni veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur sem hefur starfsleyfi hér á landi og ekki er handhafi lyfsöluleyfis eða annar sá sem að mati Lyfjastofnunar uppfyllir eigi minni menntunarkröfur. Hann skal bera faglega ábyrgð á lyfjaheildsölnni.
2. Hún sé þannig búin húsnæði, tækjum og starfsliði, að mati Lyfjastofnunar, að hún fullnægi kröfum um geymslu og meðferð lyfja.

Uppfylli leyfishafi ekki kröfur sem gerðar eru til búnaðar, starfsfólks eða annars sem að meðferð lyfja lýtur eða brjóti hann gegn ákvæðum laga þessara skal veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun getur ráðherra svipt hann leyfinu. Sé um alvarlegt brot að ræða getur ráðherra svipt hann leyfi án undanfarandi aðvörunar og frests til úrbóta.

Skylt er lyfjaheildsölu að eiga nægar birgðir, að mati heilbrigðisyfirvalda, af tilteknum nauðsynlegum lyfjum (Essential Drug List) sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir hér á landi og lyfjaheildsalan annast dreifingu á.

Lyfjaheildsölum er óheimilt að rjúfa lyfjaumbúðir eða breyta útliti þeirra nema þær hafi einnig leyfi til framleiðslu lyfja. Breytingar sem gerðar eru á umbúðum lyfs verða að vera í samræmi við skilyrði markaðsleyfis þess. Lyfjastofnun getur með samþykki markaðsleyfishafa veitt heimild til annarra breytinga á umbúðum lyfs ef sérstakar ástæður mæla með því.

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni og reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum og tannlæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkrahúsum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna og tannlækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir reksturskostnað.

Lyfjaheildsölum er jafnframt heimilt að selja dýralæknum dýralyf til notkunar á eigin stofum eða í vitjunum og til sölu frá starfsstofu sinni. Ráðherra skal, í samráði við yfirdýralækni, setja reglugerð þar sem kveðið er á um leyfi til dýralyfjasölu, hvaða lyf dýralæknar mega selja og hvaða lyf þeir mega eingöngu sjálfir gefa dýrum. Jafnframt skal þar kveðið á um hvaða upplýsingar skuli fylgja lyfjum sem gefin eru dýrum séu afurðir þeirra ætlaðar til manndis og hvaða skýrslur ber að halda um sölu dýralyfja, sbr. 24. gr.

Lyfjaheildsölum er skylt að tölvuskrá söluupplýsingar á formi sem samþykkt er af Lyfjastofnun og jafnframt veita stofnuninni upplýsingar um starfsemi sína og halda bækur þar að lútandi.

## 25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „sem hefur starfsleyfi hér á landi“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: og ekki er handhafi lyfsöluleyfis.
- b. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: hann skal bera faglega ábyrgð á framleiðslunni.
- c. Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: Lyfjastofnunar.
- d. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu“ í 2. mgr. kemur: Lyfjastofnun.

## 26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „utanaðkomandi lyfsöluleyfishafa“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: eða sjúkrahússapótek.



b. Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: Lyfjastofnunar.

27. gr.

Í stað orðanna „Lyfjaeftirlits ríkisins“ í 38. gr. laganna kemur: Lyfjastofnunar.

28. gr.

Við 40. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvörðun lyfjaverðsnefndar um lyfjaverð skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að umsókn hefur borist. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal nefndin án tafar láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal rökstudd ákvörðun lyfjaverðsnefndar þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust nefndinni. Ef ákvörðun liggur ekki fyrir innan þessara tímamarka er umsækjanda heimilt að markaðssetja lyfið á því verði sem sótt er um.

Ákvörðun lyfjaverðsnefndar um hækkun lyfjaverðs skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að umsókn hefur borist. Umsækjandi skal láta nefndinni í té fullnægjandi upplýsingar, þar á meðal ítarlegar upplýsingar um þau atriði sem hann telur réttlæta hækkun á áður ákveðnu verði. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal lyfjaverðsnefnd láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal ákvörðun lyfjaverðsnefndar þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust henni. Ef óvenjulega margar umsóknir hafa borist nefndinni getur hún til viðbótar framlengt frestinn einu sinni um 60 daga. Skal tilkynna umsækjanda um slíka framlengingu áður en fresturinn sem lyfjaverðsnefnd hefur til ákvarðanatöku er liðinn. Ef ákvörðun liggur ekki fyrir innan þessara tímamarka er umsækjanda heimilt að hækka verðið samkvæmt umsókninni. Ef lyfjaverðsnefnd fellst ekki á umbeðna verðhækkun að hluta eða öllu leyti skal hún rökstyðja ákvörðun sína og benda umsækjanda á kæruleiðir og kærufresti.

Lyfjaverðsnefnd er heimilt að beita verðstöðvun. Ef verðstöðvun er beitt á öll lyf eða lyf í sérstökum flokki skal endurskoða ákvörðunina a.m.k. einu sinni á ári. Heimilt er að veita undanþágu frá verðstöðvun samkvæmt umsókn í sérstökum tilvikum. Óski umsækjandi eftir undanþágu skal hann láta í té fullnægjandi upplýsingar um ástæður beiðninnar. Rökstudd ákvörðun lyfjaverðsnefndar skal liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda innan 90 daga. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal nefndin láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal ákvörðun lyfjaverðsnefndar þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust henni. Ef óvenjulega margar umsóknir um undanþágur hafa borist nefndinni getur hún til viðbótar framlengt frestinn einu sinni um 60 daga. Skal tilkynna umsækjanda um slíka framlengingu áður en fresturinn sem nefndin hefur til ákvarðanatöku er liðinn.

Lyfsölum, dýralæknum, lyfjaheildsölum og lyfjaframleiðendum er skylt að afhenda lyfjaverðsnefnd allar þær skýrslur og gögn sem varða verðlagningu lyfja og veita aðrar upplýsingar sem hún telur sig þurfa til að rækja starfa sinn.

29. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar fimm manna nefnd til fjögurra ára í senn sem ákveða skal greiðsluþátttöku sjúkratrygginga skv. 36. gr. laga um almannatryggingar í greiðslu á nýjum lyfjum, þ.e. lyfjum sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir og innihalda virkt efni sem ekki er á markaði hér á landi. Jafnframt skal nefndin ákveða greiðsluþátttöku í lyfjum sem veitt hefur verið undanþága fyrir skv. 7. mgr. 7. gr. Ákvarðanir nefndarinnar skulu byggðar á mati á

annars vegar gagnsemi lyfs og hins vegar kostnaði við greiðsluþátttöku. Ráðherra skal setja nánari reglur um störf nefndarinnar með reglugerð. Ákvarðanir nefndarinnar verða ekki kærðar til ráðherra.

Nefndin skal skipuð fagmönnum á sviði læknisfræði, lyfjafræði og fjármála. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Tryggingastofnunar ríkisins, fjármálaráðuneytis, landlæknis og læknadeildar Háskóla Íslands. Formaður skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ákvörðun um þátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra skal kynnt innan 180 daga frá móttöku umsóknar um ákvörðun lyfjaverðs. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja með umsókn skal láta umsækjanda vita hvaða upplýsingar vantar. Skal rökstudd ákvörðun þá liggja fyrir og hafa verið kynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að nauðsynlegar viðbótarupplýsingar bárust. Slík ákvörðun skal þó ekki tekin fyrir en ákvörðun um lyfjaverð liggur fyrir.

### 30. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Eftirlit samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjastofnunar. Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar getur Lyfjastofnun beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. veitt áminningu,
2. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. stöðvað eða takmarkað viðkomandi starfsemi eða notkun, m.a. lagt hald á vörur og fyrirskipað förgun þeirra.

Stöðvun starfsemi og förgun á vörum skal því aðeins beitt að Lyfjastofnun telji svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið eða brot eru útrekuð og aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slík brot að ræða getur Lyfjastofnun lagt til við ráðherra að leyfi viðkomandi reksturs verði afturkallað.

Þar sem innsigli er notað við stöðvun starfsemi skal nota sérstök innsigli með auðkenni Lyfjastofnunar.

### 31. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um framkvæmd laga þessara, t.d. um skömmtun í lyfjaöskjur og um takmörkun og eftirlit með framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna efna sem hægt er að nota við ólöglega framleiðslu á ávana- og fíkniefnum.

Heimilt er að birta sem reglugerðir reglur Evrópusambandsins um Lyfjamálastofnun Evrópu.

Ákvarðanir Lyfjastofnunar má kæra til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

## II. KAFLI

### **Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.**

### 32. gr.

4. málsl. c-liðar 36. gr. laganna orðast svo: Eftir að nýtt lyf hefur fengið markaðsleyfi hér á landi skal nefnd skv. 41. gr. lyfjalaga ákveða hvort sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu viðkomandi lyfs.

## 33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Áskilnaður skv. 22. gr. um afhendingu upplýsinga á rafrænu formi kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en að liðnum tólf mánuðum frá gildistöku laga þessara.

*Gjört á Bessastöðum, 25. maí 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Siv Friðleifsdóttir.*

**LÖG****um starfsréttindi tannsmiða.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Tannsmiðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. unnið að töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar samkvæmt læknisvottorði, svo og gert við tanngóma og tannparta. Að smíði tannparta á eigin ábyrgð skulu þeir starfa í samvinnu við tannlækni.

Ákvæði 1. mgr. haggja ekki rétti tannsmiða til annarra starfa í löggiltri iðngrein sinni. Þau haggja heldur ekki rétti tannlækna eða þeirra sem starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlækna til að vinna við töku móta og mátun né áunnum réttindum þeirra samkvæmt ákvæðum eldri laga.

## 2. gr.

Brot, sem framin eru af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gegn ákvæðum laga þessara, varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Iðnaðarráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Þar skal hann kveða á um það með hvaða skilyrðum tannsmiðir skuli sækja námskeið til að geta öðlast starfsréttindi samkvæmt lögum þessum. Ráðherra skal, að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, setja reglur um að hluti af starfi tannsmiða skv. 1. mgr. 1. gr. skuli unninn í samstarfi við tannlækni og reglur um skilyrði starfsleyfis, og skal landlæknir hafa eftirlit með þessum þáttum.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 5. gr.

Við gildistöku laga þessara bætist nýr málslíður, 3. málsl., við 1. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, svohljóðandi: Hann hefur jafnframt eftirlit með þeim hluta

af starfi sjálfstætt starfandi tannsmíða, sem öðlast hafa meistararéttindi, sem unninn skal í samstarfi við tannlækni.

*Gjört á Bessastöðum, 25. maí 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Valgerður Sverrisdóttir.*

25. maí 2000

Nr. 110

## LÖG

### um lífsýnasöfn.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

###### *Markmið.*

Markmiðið með lögum þessum er að heimila söfnun, vörslu, meðferð og nýtingu lífsýna úr mönnum með þeim hætti að persónuvernd sé trygg, gætt sé hagsmuna lífsýnisgjafa og nýting lífsýnanna þjóni vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og stuðli að almannaeið.

Aldrei skal setja hagsmuni vísinda og samfélags ofar hagsmunum lífsýnisgjafa. Óheimilt er að mismuna lífsýnisgjafa á grundvelli upplýsinga sem fengnar eru úr lífsýni hans.

###### 2. gr.

###### *Gildissvið.*

Lög þessi taka til söfnunar lífsýna, vörslu, meðferðar, nýtingar og vistunar þeirra í lífsýnasöfnum.

Lögin taka ekki til tímabundinnar vörslu lífsýna sem safnað er vegna þjónusturannsókna, meðferðar, eða afmarkaðra vísindarannsókna, enda sé slíkum sýnum eytt þegar þjónustu, meðferð eða rannsókn lýkur. Með tímabundinni vörslu er átt við vörslu í allt að fimm ár, nema vísindasiðanefnd veiti heimild til vörslu í lengri tíma. Sé óskað eftir varðveislu slíkra sýna til frambúðar skal vista þau í lífsýnasafni.

Lögin gilda ekki um geymslu kynfrumna og fósturvísa samkvæmt tæknifrjóvgunarlögum, líffæra samkvæmt lögum um brottmál líffæra eða líkamsleifa samkvæmt þjóðminjalögum.

###### 3. gr.

###### *Skilgreiningar.*

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Lífsýni:* Lífrænt efni úr mönnum, lifandi eða látnum, sem veitt getur um þá líffræðilegar upplýsingar.
2. *Lífsýnasafn:* Safn lífsýna sem geymd eru til frambúðar.
3. *Vísindarannsókn:* Rannsókn sem ætlað er að auka þekkingu, m.a. til að bæta heilsu og lækna sjúkdóma.
4. *Þjónusturannsókn:* Rannsókn sem framkvæmd er vegna heilbrigðisþjónustu við einstaklinga.

5. *Upplýst, óþvingað samþykki*: Samþykki sem veitt er skriflega og af fúsum og frjálsum vilja eftir að lífsýnisgjafi hefur verið upplýstur um markmið með töku sýnisins, gagnsemi þess, áhættu samfara tókunni og að lífsýnið verði varðveitt til frambúðar í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr.
6. *Ætlað samþykki*: Samþykki sem felst í því að lífsýnisgjafi hefur ekki lýst sig mótfallinn því að lífsýni sem tekið er úr honum við þjónusturannsókn verði varðveitt til frambúðar í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr., enda hafi skriflegar upplýsingar um að slíkt kynni að verða gert verið aðgengilegar.
7. *Lífsýnisgjafi*: Einstaklingur sem lífsýni er úr.
8. *Leyfishafi*: Einstaklingur eða lögaðili sem fengið hefur leyfi ráðherra til starfrækslu lífsýnasafns skv. 4. gr. laga þessara.

## II. KAFLI

### Stofnun og starfræksla lífsýnasafna.

4. gr.

#### *Heimild til stofnunar og starfrækslu.*

Stofnun og starfræksla lífsýnasafns, þ.e. söfnun, varsla, meðferð, nýting og vistun lífsýna, er einungis heimil þeim sem fengið hefur til þess leyfi ráðherra samkvæmt lögum þessum, að fenginni umsögn landlæknis og vísindasiðanefndar.

5. gr.

#### *Skilyrði fyrir leyfi.*

Leyfi til stofnunar og starfrækslu lífsýnasafns er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Uppfyllt sé ákvæði laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem kunna að verða sett á grundvelli þeirra.
2. Lífsýnasafnið sé staðsett hér á landi.
3. Fyrir liggi skýr markmið með starfrækslu og upplýsingar um rekstrargrundvöll safnsins.
4. Gerð sé grein fyrir aðstöðu til varðveislu lífsýna.
5. Starfsreglur lífsýnasafnsins liggi fyrir, þar með taldar reglur safnsins um fyrirkomulag erlends samstarfs.
6. Tilnefnd sé safnstjórn, sbr. 6. gr., og einn einstaklingur sem sé ábyrgur fyrir lífsýnasafninu.
7. Ábyrgðarmaður lífsýnasafns skal vera læknir og hafa stundað sjálfstæð rannsókn- og þróunarstörf á sviði heilbrigðisvísinda. Sé um að ræða lífsýnasafn þar sem eingöngu eru lífsýni sem safnað er til notkunar í vísindarannsóknnum er þó ekki gerð krafa um að ábyrgðarmaður sé læknir.
8. Að öryggismat og öryggisráðstafanir við söfnun og meðferð lífsýna séu í samræmi við reglur sem Persónuvernd setur um öryggi persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum. Ráðherra getur bundið leyfi frekari skilyrðum.

6. gr.

#### *Stjórn lífsýnasafns.*

Leyfishafi skipar a.m.k. þrjú manna stjórn yfir hverju lífsýnasafni sem skal hafa eftirlit með starfsemi þess. Stjórnin hefur upplýsingaskyldu gagnvart landlækni, Persónuvernd og vísindasiðanefnd um lífsýni og starfsemi lífsýnasafnsins.

## III. KAFLI

**Söfnun, meðferð og aðgangur að lífsýnum.**

## 7. gr.

*Samþykki lífsýnisgjafa og afturköllun þess.*

Við öflun lífsýnis til vörslu í lífsýnasafni skal leitað eftir upplýstu, óþvinguðu samþykki þess sem lífsýnið gefur. Það skal veitt skriflega og af fúsum og frjálsum vilja eftir að lífsýnisgjafi hefur verið upplýstur um markmið með töku sýnisins, gagnsemi þess, áhættu samfara tökunnar og að lífsýnið verði varðveitt til frambúðar í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr. Auk þess skal gætt ákvæða 20. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þar sem það á við.

Lífsýnisgjafi getur hvenær sem er afturkallað samþykki sitt skv. 1. mgr. og skal lífsýninu þá eytt. Efni sem unnið hefur verið úr lífsýni við framkvæmd rannsóknar eða niðurstöðum rannsóknar sem þegar hefur verið framkvæmd skal þó ekki eytt.

Hafi lífsýnum verið safnað vegna þjónusturannsóknar eða meðferðar má ganga út frá ætluðu samþykki sjúklings fyrir því að lífsýnið verði vistað í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr., enda sé þess getið í almennum upplýsingum frá heilbrigðisstarfsmanni eða heilbrigðisstofnun.

Lífsýnisgjafi getur hvenær sem er afturkallað ætlað samþykki sitt fyrir að sýni hans verði vistað í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr. og skal það þá einungis notað í þágu lífsýnisgjafa eða með sérstakri heimild hans, sbr. þó 4. mgr. 9. gr. Beiðni lífsýnisgjafa getur varðað öll lífsýni sem þegar hafa verið tekin eða kunna að verða tekin úr honum. Skylt er að verða við slíkri beiðni. Lífsýnisgjafi skal tilkynna landlækni um ósk sína. Landlæknir skal annast gerð eyðublaða fyrir slíkar tilkynningar og sjá til þess að þau liggi frammi á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Landlæknir skal sjá til þess að dulkóðuð úrsagnaskrá yfir viðkomandi sjúklinga sé ávallt aðgengileg stjórnnum lífsýnasafna. Þeir starfsmenn landlæknis sem starfa við framangreint eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að við störf sín og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Skulu þeir undirrita þagnarheit áður en þeir taka til starfa. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

## 8. gr.

*Varðveisla lífsýna.*

Lífsýni skulu tryggilega geymd og merkt, en varðveitt án persónuauðkenna. Tengsl lífsýna við persónuauðkenni skulu vera í samræmi við staðla sem Persónuvernd ákveður.

Varsla lífsýna skal vera þannig að þau glatist hvorki né skemmist og að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

Ákveði leyfishafi að hætta rekstri lífsýnasafns, eða sé hann sviptur leyfi skv. 14. gr., skal ráðherra, að fengnu álitum landlæknis, Persónuverndar og vísindasiðanefndar, taka ákvörðun um ráðstöfun lífsýnasafnsins en taka skal tillit til óska og tillagna leyfishafa.

## 9. gr.

*Aðgangur að lífsýnasafni og notkun lífsýna.*

Lífsýni skulu fengin í skýrt tilgreindum og lögmætum tilgangi og ekki notuð í öðrum tilgangi, sbr. þó 2., 3. og 4. mgr.

Ábyrgðarmaður safns veitir aðgang að lífsýnum til frekari greiningar sjúkdóma. Honum er einnig heimilt að veita aðgang að lífsýnum til notkunar við gæðaeftirlit, aðferðaþróun og kennslu, enda séu þau ekki með persónuauðkennum.

Safnstjórn gerir samninga við vísindamenn um aðgang að lífsýnum. Ekki er þó heimilt að veita aðgang að lífsýnum til vísindarannsóknar fyrr en aflað hefur verið leyfis Persónuverndar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og fyrir liggur rannsóknáætlun samþykkt af vísindasiðanefnd eða siðanefnd viðkomandi heilbrigðisstofnunar.

unar sem skipuð er samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga og reglugerða samkvæmt þeim.

Safnstjórn getur, að fengnu leyfi Persónuverndar og vísindasiðanefndar, heimilað notkun lífsýna í öðrum tilgangi en ætlað var þegar þau voru tekin, enda mæli brýnir hagsmunir með því og ávinningurinn vegi þyngra en hugsanlegt óhagræði fyrir lífsýnisgjafann eða aðra aðila.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum landlæknis, vísindasiðanefndar og Persónuverndar, setja reglugerð með frekari ákvæði um notkun lífsýna.

#### 10. gr.

##### *Umráðaréttur og gjaldtaka.*

Leyfishafi telst ekki eigandi lífsýnanna en hefur umráðarétt yfir þeim með þeim takmörkunum sem lög kveða á um og ber ábyrgð á að meðferð þeirra sé í samræmi við ákvæði laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra. Leyfishafa er því óheimilt að framselja lífsýnin eða setja þau að veði til tryggingar fjárskuldbindingum og þau eru ekki aðfararhæf.

Leyfishafa er heimilt að taka gjald fyrir lífsýni, eða aðgang að lífsýni, sem nemur kostnaði við öflun, vörslu og aðgang að sýnunum. Gjaldtaka umfram það er óheimil.

Heimilt er að senda lífsýni úr landi í þágu lífsýnisgjafa, vegna sjúkdómsgreininga eða gæðæftirlits. Annar flutningur lífsýna úr landi er háður samþykki vísindasiðanefndar og Persónuverndar og með þeim skilyrðum sem þær setja.

#### 11. gr.

##### *Þagnarskylda.*

Allir starfsmenn lífsýnasafna og þeir sem fá aðgang að þeim eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að við störf sín og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst eftir að starfi, rannsókn eða kennslu lýkur.

### IV. KAFLI

#### **Eftirlit og upplýsingaskylda.**

#### 12. gr.

##### *Eftirlit.*

Ábyrgðarmaður lífsýnasafns ber ábyrgð á því að viðhaft sé innra eftirlit og að öryggismat sé framkvæmt reglulega í samræmi við ákvæði 11. og 12. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Persónuvernd hefur eftirlit með öryggi persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum. Um eftirlit Persónuverndar með lífsýnasöfnum gilda ákvæði 4. mgr. 35. gr., 2. og 3. mgr. 37. gr. og 38.–43. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Landlæknir annast eftirlit með lífsýnasöfnum að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki í höndum Persónuverndar eða vísindasiðanefndar.

#### 13. gr.

##### *Upplýsingaskylda stjórnvalda og stjórna lífsýnasafna.*

Landlægni er skylt að kynna ítarlega fyrir almenningi ákvæði laga þessara um lífsýnasöfn, sérstaklega ákvæðið um ætlað samþykki lífsýnisgjafa vegna þjónusturannsóknar, svo og rétt einstaklinga skv. 7. gr. og 3. mgr. þessarar greinar.

Landlæknir skal árlega gefa út skrá um lífsýnasöfn, tilgang þeirra, starfsemi og starfsreglur. Í skránni skal m.a. koma fram hverjir skipi stjórn hvers safns og hver sé ábyrgðarmaður. Skrá þessi skal kynnt og vera aðgengileg almenningi.

Safnstjórn eða landlægni er skylt að veita einstaklingi upplýsingar um hvort lífsýni úr honum eru geymd í lífsýnasafni og hvers konar lífsýni það eru.

V. KAFLI  
**Refsingar og önnur viðurlög.**

14. gr.

Ráðherra getur afturkallað leyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt eða leyfishafi verður ófær um að reka safnið. Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki skilyrðum þeim sem sett eru í leyfinu skal ráðherra veita honum skriflega viðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkrí viðvörðun skal afturkalla leyfi. Sé um ásetning að ræða eða stórfellt gáleysi getur ráðherra afturkallað starfsleyfi án undanfarandi viðvörðunar eða frests til úrbóta.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra varða sektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggí við samkvæmt öðrum lögum.

Dæma má lögáðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögnum. Lögáðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann hans. Hafí starfsmaður lögáðila framíð brot á lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögáðilanum sekt. Lögáðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögáðilanum.

VI. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**

16. gr.

*Stjórnvaldsfyrirmæli.*

Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um frekari framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal setja reglugerð um hvernig veita skuli upplýsingar um ætlað samþykki skv. 3. mgr. 7. gr., hvernig tryggja skuli að afturköllun á ætluðu samþykki lífsýnisgjafa skv. 4. mgr. 7. gr. verði virt, um úrsagnaskrá og fyrirkomulag hennar, sbr. 4. mgr. 7. gr., og hvernig tryggja skuli jafnræði þeirra sem óska eftir aðgangi að lífsýnasöfnum vegna vísindarannsóknna skv. 3. mgr. 9. gr.

17. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Áður en lögín taka gildi skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fela landlæknisembættinu að annast ítarlega kynningu meðal almennings á lífsýnasöfnum og reglum sem gilda um söfnun og notkun lífsýna.
2. Heimilt er að vista lífsýni sem aflað var fyrir gildistöku laga þessara í lífsýnasafni, nema lífsýnisgjafi lýsi sig mótfallinn því. Að öðru leyti gilda ákvæði laganna um vörslu, meðferð og notkun fyrrgreindra lífsýna.

*Gjört á Bessastöðum, 25. maí 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
 (L. S.)

*Siv Friðleifsdóttir.*



# LÖG

## um sjúklingatryggingu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### *Sjúklingar sem lögina taka til.*

#### 1. gr.

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til starfans. Sama á við um þá sem missa framfæranda við andlát slíkra sjúklinga.

Sjúklingar sem brýn nauðsyn er að vista á erlendu sjúkrahúsi eða á annarri heilbrigðisstofnun erlendis, sbr. 35. gr. almannatryggingalaga, og verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á viðkomandi stofnun eiga rétt á bótum samkvæmt lögum þessum, að frádregnum bótum sem þeir kunna að eiga rétt á í hinu erlenda ríki.

Þeir sem gangast undir læknisfræðilega tilraun sem ekki er liður í sjúkdómsgreiningu eða meðferð á sjúkdómi þess er í hlut á eiga sama rétt og sjúklingar samkvæmt lögum þessum nema annars sé getið sérstaklega.

Þeir sem gefa vef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva eiga sama rétt og sjúklingar samkvæmt lögum þessum nema annars sé getið sérstaklega.

### *Tjónsatvik sem lögina taka til.*

#### 2. gr.

Bætur skal greiða án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinnna atvika:

1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.
2. Tjón hlýst af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.
3. Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.
4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótaless. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

## 3. gr.

Greiða skal bætur fyrir tjón sem hlýst af því að sjúkdómsgreining er ekki rétt í tilvikum sem nefnd eru í 1. eða 2. tölul. 2. gr. Þetta á hins vegar ekki við um atvik sem falla undir 3. og 4. tölul. 2. gr.

Slasist sjúklingur af öðrum orsökum en þeim sem greindar eru í 2. tölul. 2. gr. skal því aðeins greiða bætur að sjúklingur hafi verið í rannsókn eða meðferð hjá stofnun eða öðrum aðila sem lögin taka til og slysið hafi borið að þannig að telja verði að þeir beri bótaábyrgð samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar.

Bætur samkvæmt lögum þessum greiðast ekki ef rekja má tjón til eiginleika lyfs sem notað er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.

## 4. gr.

Bætur skal greiða einstaklingum sem nefndir eru í 3. og 4. mgr. 1. gr. ef þeir verða fyrir tjóni sem getur verið afleiðing læknisfræðilegrar tilraunar, brottnáms vefs eða annars þess háttar, nema allt bendi til þess að tjónið verði rakið til annars.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um tjón sem rekja má til eiginleika lyfs sem notað er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð, sbr. 3. mgr. 3. gr.

*Ákvörðun bóta.*

## 5. gr.

Um ákvörðun bótafjárhæðar samkvæmt lögum þessum fer eftir skaðabótalögum, sbr. þó 2. mgr. 10. gr.

Bætur skv. 1. mgr. greiðast ef virt tjón nemur 50 þús. kr. eða hærri fjárhæð. Hámark bótafjárhæðar fyrir einstakt tjónsatvik skal þó vera 5.000.000 kr. Fjárhæðir þessar breytast miðað við 1. janúar ár hvert í samræmi við lánskjaravísitölu.

Ákvæði 2. mgr. taka ekki til tjóns sem um ræðir í 1. mgr. 4. gr., sbr. 3. og 4. mgr. 1. gr. Ekki skal greiða bætur eftir þessum lögum til að fullnægja endurkröfum.

*Eigin sök.*

## 6. gr.

Heimilt er að lækka eða fella niður bætur ef sjúklingur er meðvaldur að tjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

*Skaðabótaréttur eftir almennum reglum.*

## 7. gr.

Skaðabótakrafa verður ekki gerð á hendur neinum sem er bótaskyldur samkvæmt reglum skaðabótaréttar nema tjón hafi ekki fengist að fullu bætt skv. 5. gr. og þá einungis um það sem á vantar.

*Endurkröfuréttur.*

## 8. gr.

Beri bótaskyldur aðili skv. 9. gr., starfsmaður hans eða fyrrverandi starfsmaður bótaábyrgð gagnvart sjúklingi samkvæmt reglum skaðabótaréttar verður endurkrafa ekki gerð á hendur hinum skaðabótaskylda til greiðslu skv. 5. gr. nema hann hafi valdið tjóni af ásetningi.

*Bótaskyldir aðilar.*

## 9. gr.

Allir sem veita heilbrigðisþjónustu, innan stofnana sem utan, bera bótaábyrgð samkvæmt lögnum. Þeir eru:

- a. heilsugæslustöðvar, hvort sem þær eru reknar af ríki, sveitarfélagi eða öðrum,
- b. sjúkrahús, hvort sem þau eru rekin af ríki, sveitarfélagi eða öðrum,
- c. aðrar heilbrigðisstofnanir, án tillits til þess hver ber ábyrgð á rekstri,
- d. heilbrigðisstarfsmenn sem starfa sjálfstætt og hafa hlotið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til starfana, án tillits til þess hvort þeir veita heilbrigðisþjónustu sem sjúklingur greiðir að fullu sjálfur eða sem greidd er af sjúkratryggingum samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins,
- e. Tryggingastofnun ríkisins vegna sjúklinga sem brýn nauðsyn er að vista á erlendu sjúkrahúsi eða annarri heilbrigðisstofnun erlendis, sbr. 2. mgr. 1. gr., og
- f. þeir sem annast sjúkraflutninga.

*Vátryggingarskylda.*

## 10. gr.

Bótaskyldir aðilar skv. 9. gr. skulu tryggðir með vátryggingu (sjúklingatryggingu) hjá vátryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. þó 11. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur reglugerð m.a. um lágmark vátryggingarfjárhæðar innan hvers vátryggingarárs og framkvæmd vátryggingarskyldu. Heimilt er ráðherra að binda starfsleyfi heilbrigðisstofnana sem ekki falla undir 11. gr. og heimild heilbrigðisstarfsmanna til að starfa sjálfstætt því að vátryggingarskyldu samkvæmt lögum þessum sé fullnægt.

*Eigin áhætta.*

## 11. gr.

Heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir sem ríkið á í heild eða að hluta eru undanþegin vátryggingarskyldu skv. 10. gr. Sama gildir um Tryggingastofnun ríkisins og þá sem annast sjúkraflutninga á vegum ríkisins. Þeim er þó heimilt að kaupa vátryggingu skv. 10. gr.

*Meðferð bótamála hjá vátryggingafélögum.*

## 12. gr.

Kröfu um bætur samkvæmt lögum þessum vegna tjóns hjá öðrum en þeim sem 11. gr. tekur til skal beina til vátryggingafélags hins bótaskylda.

Starfsmenn vátryggingafélaga sem fjalla um málefni sjúklinga eða annarra tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

*Meðferð bótamála þegar hinn bótaskyldi er undanþeginn vátryggingarskyldu.*

## 13. gr.

Kröfu um bætur samkvæmt lögum þessum vegna tjóns hjá þeim sem hafa nýtt sér heimild til að kaupa ekki vátryggingu, sbr. 11. gr., skal beina til Tryggingastofnunar ríkisins.

*Sjúklingatrygging Tryggingastofnunar ríkisins.*

## 14. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast sjúklingatryggingu vegna þeirra sem hafa nýtt sér heimild til að kaupa ekki vátryggingu, sbr. 11. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi og málsmeðferð sjúklingatrygginga hjá Tryggingastofnun ríkisins.

*Málsmeðferð hjá Tryggingastofnun ríkisins.*

15. gr.

Tryggingastofnun ríkisins aflar gagna eftir því sem þurfa þykir og getur m.a. aflað skýrslna fyrir héraðsdómi þar sem skýrslugjafi býr. Stofnunin getur krafð heilsugæslustöðvar, sjúkrahús, aðrar heilbrigðisstofnanir, heilbrigðisstarfsmenn sem starfa sjálfstætt og hlotið hafa löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, svo og þá sem annast sjúkraflutninga, um hvers konar gögn, þar á meðal sjúkraskýrslur sem hún telur máli skipta um meðferð máls samkvæmt lögum.

Að gagnaöflun lokinni tekur Tryggingastofnun ríkisins afstöðu til bótaskyldu og ákveður fjárhæð bóta.

Starfsmenn stofnunarinnar sem fjalla um málefni sjúklinga eða annarra tjónþola skulu gæta fyllstu þagmælsku um allar persónuupplýsingar sem þeir komast að í starfi eða í tengslum við það.

16. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir öllum hlutaðeigandi niðurstöðu sína í hverju máli. Niðurstöðu má skjóta til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

*Ársskýrsla um sjúklingatryggingu.*

17. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal árlega taka saman skýrslu til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um störf vegna sjúklingatryggingarinnar og þau mál sem hún afgreiðir. Jafnframt skal upplýsa í ársskýrslu stofnunarinnar, eftir því sem kostur er, um málsmeðferð váttryggingafélaga á bótaskyldum vegna sjúklingatryggingar. Skýrslan skal vera aðgengileg almenningi.

*Upplýsingaskylda Tryggingastofnunar ríkisins.*

18. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að kynna fyrir almenningi ákvæði laga þessara um sjúklingatryggingu. Í þeim upplýsingum skal m.a. koma fram að sé um að ræða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn skuli beina kröfu til váttryggingafélaga.

*Ýmis ákvæði.*

19. gr.

Kröfur um bætur samkvæmt lögum þessum fynast þegar fjögur ár eru liðin frá því að tjónþoli fékk eða mátti fá vitneskju um tjón sitt.

Krafan fynist þó eigi síðar en þegar tíu ár eru liðin frá atvikinu sem hafði tjón í för með sér.

20. gr.

Brot gegn 1. mgr. 10. gr., sbr. þó 11. gr., varða sektum.

Brot gegn 2. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 15. gr. varða sektum eða fangelsi.

Sé refsivert brot framið í starfi hjá félagi, stofnun eða öðrum ópersónulegum aðila er hann ábyrgur fyrir greiðslu sektar.

## 21. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þar skal m.a. skilgreina frekar hvað fellur undir sjúkdómsmeðferð skv. 1. gr. og hvað telst læknisfræðileg tilraun skv. 3. mgr. sömu greinar.

## 22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001 og taka til tjónsatvika sem verða eftir þann tíma. Endurskoða skal lög þessi innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra.

*Breytingar á öðrum lögum.*

## 23. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirtaldar breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117 20. desember 1993:

- a. F-liður 1. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.
- b. Síðari málslíður lokamálsgreinar 29. gr. laganna fellur brott.
- c. Í stað orðanna „og f-liðum“ í lokamálslið 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: lið.
- d. D-liður 2. mgr. 43. gr. laganna fellur brott.
- e. Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist nýr töluliður sem orðast svo: Sjúklingar sem áttu rétt til bóta skv. f-lið 1. mgr. 24. gr. fyrir 1. janúar 2001 skulu halda rétti sínum skv. III. kafla laganna.

Ef krafa er gerð eftir 1. janúar 2001 vegna tjónsatviks sem varð fyrir þann tíma gilda ákvæði f-liðar 1. mgr. 24. gr. og d-liðar 2. mgr. 43. gr. almannatryggingalaga, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.

## 24. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirtaldar breytingar á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993:

- a. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:  
Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir ákvæðum 1., 3., 4. og 5. másl. 4. mgr. 5. gr.
- b. Á eftir 2. másl. 4. mgr. 5. gr. laganna kemur nýr málslíður sem orðast svo: Bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu skal einnig draga frá skaðabótakröfu.

*Gjört á Bessastöðum, 25. maí 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Siv Friðleifsdóttir.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 9 – 2000

---

30. maí 2000

321

Nr. 112

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 30. maí 2000.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

13. júní 2000

Nr. 113

## FORSETABRÉF

**um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda föstudaginn 30. júní 2000 kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 13. júní 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

# AUGLÝSING

## um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda.

2. Byggingar .....	0,0	0,0	0,0	0,0
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	0,0	0,0	0,0	0,0
	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
<b>2.6 Flugvellir í flokki V</b>				
1. Flugbrautir og hlöð .....	4,0	0,0	0,0	65,0
2. Byggingar .....	0,0	0,0	0,0	33,5
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	0,0	0,0	0,0	26,0
	<b>4,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>124,5</b>
<b>2.7 Flugvellir í flokki VI</b>				
1. Flugbrautir og hlöð .....	0,0	0,0	0,0	0,0
2. Byggingar .....	0,0	0,0	0,0	0,0
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	0,0	0,0	0,0	0,0
	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
<b>2.8 Flugumferðar- og flugleiðsöguþjónusta .....</b>	<b>37,0</b>	<b>57,0</b>	<b>51,0</b>	<b>51,0</b>
<b>2.9 Annar kostnaður .....</b>	<b>112,0</b>	<b>152,5</b>	<b>131,0</b>	<b>165,0</b>
<b>2.10 Flugstöð Leifs Eiríkssonar .....</b>	<b>64,0</b>	<b>74,0</b>	<b>74,0</b>	<b>74,0</b>
<b>Samtals .....</b>	<b>2.757,0</b>	<b>2.903,0</b>	<b>3.045,0</b>	<b>2.653,0</b>

## III. FLOKKUN FLUGVALLA

**3.1 Flokkur I.**

Eftirfarandi áætlunarflugvöllir eru flokkaðir í flokk I: Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöllur.

**3.2 Flokkur II.**

Eftirfarandi áætlunarflugvöllir eru flokkaðir í flokk II: Vestmannaeyja-, Ísafjarðar-, Hornafjarðar-, Húsavíkur-, Sauðárkróks-, Bíldudals- og Þórshafnarflugvöllur.

**3.3 Flokkur III.**

Eftirfarandi áætlunarflugvöllir eru flokkaðir í flokk III: Grímseyjar-, Siglufjarðar-, Vopnafjarðar-, Gjögur-, Þingeyrar-, Patreksfjarðar- og Bakkaflugvöllur.

**3.4 Flokkur IV.**

Eftirfarandi þjónustuflygavöllir eru flokkaðir í flokk IV: Kópaskers-, Mývatns-, Norðfjarðar-, Raufarhafnar- og Rifsflugvöllur.

**3.5 Flokkur V.**

Eftirfarandi kennslu- og æfingaflugvöllir eru flokkaðir í flokk V: Blönduós-, Borgarnes-, Dagverðarár-, Flúða-, Hellu-, Húsafells-, Sandskeiðs-, Selfoss-, Stóra-Kropps- og Stykkishólmsflugvöllur.

**3.6 Flokkur VI.**

Eftirfarandi flugvöllir og landingarstaðir eru flokkaðir í flokk VI: Arngerðareyri, Álftaver, Bakkafjörður, Breiðdalsvík, Fagurhólmseyri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Borgarfjörður eystri, Breiðdalsvík, Búðardalur, Bæir, Djúpvogur, Grundarfjörður, Herðubreiðarlind-ir, Holt, Hólmavík, Hrafnseyri, Hrauneyjafoss, Hrísey, Hvammstangi, Hveravellir, Hvals-völlur, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Króksfjarðarnes, Melgerðismelar, Múlakot, Narfastaðamelar, Núpur, Nýidalur, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjahlíð, Reykjanes, Sandármelar, Skálavatn, Skógarsandur, Sprengisandur, Steinasandur, Stóra-Holt, Svínafell, Tálknafjörður, Vík, Þórisós og Þórsmörk.

## IV. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA

Staður - verkefnaflokkur	2000	2001	2002	2003
<b>4.1 Reykjavíkurflugvöllur</b>				
1. Flugbrautir og hlöð .....	319,0	423,0	545,0	0,0
2. Byggingar .....	5,0	10,0	0,0	72,5
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	0,0	19,0	18,5	0,0
	<b>324,0</b>	<b>452,0</b>	<b>563,5</b>	<b>72,5</b>
<b>4.2 Akureyrarflugvöllur</b>				
1. Flugbrautir og hlöð .....	0,0	0,0	0,0	0,0
2. Byggingar .....	51,5	43,0	35,0	0,0
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	2,0	5,5	5,0	15,0
	<b>53,5</b>	<b>48,5</b>	<b>40,0</b>	<b>15,0</b>
<b>4.3 Vestmannaeyjaflugvöllur</b>				
1. Flugbrautir og hlöð .....	35,0	6,0	22,0	0,0
2. Byggingar .....	5,5	0,0	0,0	0,0
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	14,0	17,0	13,0	0,0
	<b>54,5</b>	<b>23,0</b>	<b>35,0</b>	<b>0,0</b>
<b>4.4 Egilsstaðaflugvöllur</b>				
1. Flugbrautir og hlöð .....	0,0	0,0	0,0	0,0
2. Byggingar .....	4,0	0,0	2,0	0,0
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	0,0	1,0	0,0	0,0
	<b>4,0</b>	<b>1,0</b>	<b>2,0</b>	<b>0,0</b>
<b>4.5 Ísafjarðarflugvöllur</b>				
1. Flugbrautir og hlöð .....	13,0	0,0	0,0	0,0
2. Byggingar .....	0,0	0,0	0,0	0,0
3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	0,0	10,0	38,0	58,5
	<b>13,0</b>	<b>10,0</b>	<b>38,0</b>	<b>58,5</b>

	<b>Staður - verkefnaflokkur</b>	<b>2000</b>	<b>2001</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>
<b>4.6</b>	<b>Hornafjarðarflugvöllur</b>				
	1. Flugbrautir og hlöð .....	0,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar .....	6,0	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	0,0	2,0	4,0	0,0
		<b>6,0</b>	<b>2,0</b>	<b>4,0</b>	<b>0,0</b>
<b>4.7</b>	<b>Bíldudalsflugvöllur</b>				
	1. Flugbrautir og hlöð .....	10,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar .....	0,0	0,0	0,0	15,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	0,0	0,0	0,0	0,0
		<b>10,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>15,0</b>
<b>4.8</b>	<b>Siglufjarðarflugvöllur</b>				
	1. Flugbrautir og hlöð .....	0,0	4,0	0,0	0,0
	2. Byggingar .....	1,0	1,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	0,0	0,0	0,0	0,0
		<b>1,0</b>	<b>5,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
<b>4.9</b>	<b>Pórshafnarflugvöllur</b>				
	1. Flugbrautir og hlöð .....	0,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar .....	0,0	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	0,0	2,0	0,0	0,0
		<b>0,0</b>	<b>2,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
<b>4.10</b>	<b>Vopnafjarðarflugvöllur</b>				
	1. Flugbrautir og hlöð .....	0,0	0,0	10,0	10,0
	2. Byggingar .....	0,0	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	2,0	0,0	0,0	0,0
		<b>2,0</b>	<b>0,0</b>	<b>10,0</b>	<b>10,0</b>
<b>4.11</b>	<b>Gjögurflugvöllur</b>				
	1. Flugbrautir og hlöð .....	0,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar .....	2,0	0,0	0,5	1,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	0,0	0,0	0,0	0,0
		<b>2,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,5</b>	<b>1,5</b>
<b>4.12</b>	<b>Bakkafflugvöllur</b>				
	1. Flugbrautir og hlöð .....	4,0	10,0	20,0	0,0
	2. Byggingar .....	0,0	0,0	10,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	0,0	0,0	0,0	0,0
		<b>4,0</b>	<b>10,0</b>	<b>30,0</b>	<b>0,0</b>
<b>4.13</b>	<b>Stóri-Kroppur</b>				
	1. Flugbrautir og hlöð .....	3,0	0,0	0,0	0,0
	2. Byggingar .....	1,0	0,0	0,0	0,0
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	0,0	0,0	0,0	0,0
		<b>4,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
<b>4.14</b>	<b>Æfingaflugvöllur</b>				
	1. Flugbrautir og hlöð .....	0,0	0,0	0,0	45,0
	2. Byggingar .....	0,0	0,0	0,0	33,5
	3. Aðflugs- og flugöryggisbúnaður .....	0,0	0,0	0,0	26,0
		<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>124,5</b>
<b>4.15</b>	<b>Flugumferðar- og flugleiðsögupjónusta .....</b>	<b>37,0</b>	<b>57,0</b>	<b>51,0</b>	<b>51,0</b>
<b>4.16</b>	<b>Annar kostnaður .....</b>	<b>112,0</b>	<b>152,5</b>	<b>131,0</b>	<b>165,0</b>
<b>4.17</b>	<b>Flugstöð Leifs Eiríkssonar .....</b>	<b>64,0</b>	<b>74,0</b>	<b>74,0</b>	<b>74,0</b>
<b>4.18</b>	<b>Til reksturs flugvallar .....</b>	<b>66,0</b>	<b>69,0</b>	<b>73,0</b>	<b>76,0</b>
	<b>Flugmálaáætlun samtals .....</b>	<b>757,0</b>	<b>906,0</b>	<b>1.052,0</b>	<b>663,0</b>

*Samgönguráðuneytinu, 6. júlí 2000.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Jón Birgir Jónsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 13 – 2000

14. júlí 2000

369

Nr. 121

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 14. júlí 2000.*

**Davíð Oddsson.**

*Kristján A. Stefánsson.*

30. júní 2000

Nr. 122

## LÖG

### um Ríkisútvarpið.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 36. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 hef látið fella saman 1. mgr. 2. gr., III. og IV. kafla og 31. og 32. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, með síðari breytingum, og gef þau út á ný svo breytt:

1. gr.

Ríkisútvarpið annast útvarp í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.

3. gr.

Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

Ríkisútvarpið skal m.a. veita almenna fréttapjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal flytja efni m.a. á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar. Það skal veita almenna fræðslu og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs. Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrú. Við þær aðstæður skal Ríkisútvarpið – sjónvarp, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausum íslensku máli.

#### 4. gr.

Ríkisútvarpið skal senda út til alls landsins og næstu miða tvær hljóðvarpsdagskrár og minnst eina sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að senda út fleiri dagskrár hljóðvarps eða sjónvarps, í lengri eða skemmri tíma, til alls landsins eða hluta þess samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið annast hljóðvarp til annarra landa samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Ríkisútvarpið reisir eftir þörfum sendistöðvar og endurvarpsstöðvar að fenginni heimild Póst- og fjarskiptastofnunarinnar fyrir tíðni og útteigsláð afl í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar.

Ríkisútvarpið skal stefna að því að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og hljóðvarps í öllum kjördæmum landsins.

Ríkisútvarpið skal starfrækja fræðsluútlarp í samvinnu við fræðsluyfirvöld og skal veita til þess fé á fjárlögum.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að leigja öðrum aðilum afnot af tækjabúnaði sínum til útsendingar. Þjónusta Ríkisútvarpsins skal í engu minnkuð frá því sem nú er hjá Ríkisútvarpinu.

#### 5. gr.

Ríkisútvarpinu ber að stuðla að því að frumflutt dagskrárefni stofnunarinnar verði varðveitt til frambúðar. Ríkisútvarpinu er rétt að hafa til útlána eða sölu dagskrárefni sem flutt hefur verið, enda sé gengið frá samningum við rétthafa efnis um að slíkt sé heimilt.

#### 6. gr.

Ráðherra skipar útvarpsstjóra til fimm ára í senn. Útvarpsstjóri annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess að settum reglum um hana sé fylgt.

Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

#### 7. gr.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

## 8. gr.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum innan marka fjárhagsáætlunar.

Ráðið setur reglur, eins og þurfa þykir, til gæslu þess að fylgt sé ákvæðum 3. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar. Útvarpsstjóri getur þó stöðvað gerð þegar samþykkt dagskrárefnis þyki sýnt að það reynist fjárhagslega ofviða.

## 9. gr.

Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í þremur deildum, fjármáladeild, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild.

Fjármáladeild fjallar um sameiginleg mál stofnunarinnar, gerð fjárhagsáætlana og eftirlit með framkvæmd þeirra.

Hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild annast öflun og útsendingu dagskrárefnis samkvæmt ákvörðunum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Gerð dagskrárefnis getur farið fram í deildunum sjálfum eða utan þeirra samkvæmt sérstökum verksamningum. Kappkosta skal að hlutur innlends efnis í dagskránni verði ætíð sem mestur og til þess vandað svo sem verða má, sbr. 8. gr.

Framkvæmdastjóri er fyrir hverri deild.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu á starfi deilda og gera tillögur um önnur mál sem fyrir hana verða lögð. Tveir fulltrúar starfsmanna Ríkisútvarpsins, annar frá hljóðvarpi, hinn frá sjónvarpi, eiga sæti á fundum framkvæmdastjórnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Starfsmenn Ríkisútvarps, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu ráðnir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

## 10. gr.

Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsstarfsemi.

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og aðrir tekjustofnar sem Alþingi kann að ákveða.

Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði en sendir hana menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum.

Menntamálaráðherra staðfestir útvarpsgjald að fengnum tillögum útvarpsstjóra.

Útvarpsstjóri staðfestir auglýsingataxta og aðrar gjaldskrár eftir tillögu framkvæmdastjóra fjármáladeilda.

## 11. gr.

Í sjóð, sem nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar.

Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði, tækjakost og dreifikerfi fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

## 12. gr.

Eigandi viðtækis sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins skal greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki. Þó skal aðeins greiða eitt útvarpsgjald fyrir einkaafnot fjölskyldu á heimili. Afslátt skal veita þeim sem aðeins geta nýtt sér svart/hvíta móttöku sjónvarpsefnis og þeim sem einungis geta nýtt sér hljóðvarpsendingar. Einnig er heimilt að



veita fyrirtækjum og stofnunum afslátt vegna fjölda tækja á sama stað. Nánari ákvæði um afslátt og skilgreiningu á heimili skal setja í reglugerð.

Í reglugerð má ákveða að þeir sem hljóta uppbot á elli- og örorkulífeyri skv. 17. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi.

#### 13. gr.

Eigandi, sem breytir afnotum sínum, sbr. 12. gr., skal tilkynna það Ríkisútvarpinu þegar í stað.

Hver sá er fæst við sölu viðtækja skal tilkynna innheimtudeild Ríkisútvarpsins í fyrstu viku næsta mánaðar eftir sölumánuð hverjir séu kaupendur. Í tilkynningunni skal greina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang kaupanda og seljanda, enn fremur aðrar upplýsingar samkvæmt reglugerð.

#### 14. gr.

Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll viðtæki sem notuð eru hér á landi og í íslenskum skipum og flugvélum og nota má til móttöku útvarpsefnis.

Afmá skal viðtæki af skrá ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki lengur notað til móttöku útsendingar Ríkisútvarpsins.

#### 15. gr.

Útvarpsgjaldi ásamt dráttarvöxtum, öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðsréttur í viðkomandi viðtæki sem helst þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum og öðrum höftum sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrrvörum.

Lögveðið helst í þrjú ár frá gjalddaga.

Eigendur viðtækja bera ábyrgð á greiðslu útvarpsgjalda af þeim til Ríkisútvarpsins sem á hafa fallið áður en tilkynning um eigendaskipti skv. 13. gr. hefur borist Ríkisútvarpinu.

#### 16. gr.

Innheimtustjóri Ríkisútvarpsins skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

#### 17. gr.

Fyrsta virkan dag eftir eindaga leggst á útvarpsgjald 10% álag vegna kostnaðar af innheimtu.

Lögtaksréttur er fyrir ógreiddum útvarpsgjöldum, álagi skv. 1. mgr., vöxtum og innheimtu-kostnaði.

#### 18. gr.

Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsíglun á viðtæki:

1. ef það er hagnýtt til móttöku án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins,
2. ef vanskil eru orðin á greiðslu útvarpsgjalds,
3. ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

Nú eru fyrir hendi skilyrði skv. 1. tölul. 1. mgr. eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu útvarpsgjaldi og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörslu eiganda eða annars vörslumanns.

## 19. gr.

Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við aðra aðila um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

## 20. gr.

Ríkisútvarpið hefur sama rétt og fjarskiptafyrirtæki um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir að þær trufla lagnir eða tæki Ríkisútvarpsins. Reynist raflagnir, vélar eða tæki fyrirtækja sem stofnsett eru í nágrenni útvarpsstöðva valda truflunum á starfsemi Ríkisútvarpsins eða útvarpsstöðva er leyfi hafa til útsendinga, sbr. ákvæði útvarpslaga, er viðkomandi stöðvum heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir. Sama gildir ef fyrirtæki breyta starfsemi eða vélabúnaði sínum þannig að truflunum valdi. Starfsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunarinnar er heimilt að fara talmunarlaust um lönd manna til eftirlits eða athugana á þessum efnunum en skulu forðast að valda eigendum eða íbúum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

*Gjört á Bessastöðum, 30. júní 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Björn Bjarnason.*

18. júlí 2000

Nr. 123

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 18. júlí 2000.*

**Davíð Oddsson.**

\_\_\_\_\_  
*Kristján A. Stefánsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 14 – 2000

Nr. 124

374

3. ágúst 2000

## AUGLÝSING

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 3. ágúst 2000.*

**Davíð Oddsson.**

Ólafur Davíðsson.

Nr. 125

3. ágúst 2000

## AUGLÝSING

**frá forsætisráðuneytinu.**

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Geir H. Haarde fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra.

*Forsætisráðuneytinu, 3. ágúst 2000.*

F. h. r.

**Ólafur Davíðsson.**

Nr. 126

10. ágúst 2000

## AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 10. ágúst 2000.*

**Davíð Oddsson.**

Ólafur Davíðsson.

## AUGLÝSING

### frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra störfum forsætisráðherra og í fjarveru hans Geir H. Haarde fjármálaráðherra.

*Forsætisráðuneytinu, 25. ágúst 2000.*

F. h. r.  
**Ólafur Davíðsson.**

29. ágúst 2000

Nr. 128

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fór til útlanda í dag. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 29. ágúst 2000.*

**Geir H. Haarde.**

---

*Albert Jónsson.*

4. september 2000

Nr. 129

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 4. september 2000.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*

## FORSETABRÉF

**um að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 2. október 2000.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman mánudaginn 2. október 2000.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört á Bessastöðum, 5. september 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 2000

---

5. september 2000

377

Nr. 131

## AUGLÝSING frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra störfum forsætisráðherra og í fjarveru hans Geir H. Haarde fjármálaráðherra.

*Forsætisráðuneytinu, 5. september 2000.*

F. h. r.  
**Kristján Andri Stefánsson.**

8. september 2000

Nr. 132

## AUGLÝSING um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 8. september 2000.*

**Geir H. Haarde.**

\_\_\_\_\_  
*Kristján Andri Stefánsson.*

12. september 2000

Nr. 133

## AUGLÝSING um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 12. september 2000.*

**Geir H. Haarde.**

\_\_\_\_\_  
*Ólafur Davíðsson.*  
Gutenberg

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 13. október 2000.*

**Davíð Oddsson.**

---

Ólafur Davíðsson.

Nr. 135

16. október 2000

## AUGLÝSING

### frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra störfum forsætisráðherra.

*Forsætisráðuneytinu, 16. október 2000.*

F. h. r.

**Ólafur Davíðsson.**

Nr. 136

23. október 2000

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 23. október 2000.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

Ólafur Davíðsson.

Nr. 137

27. október 2000

## AUGLÝSING

### frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Geir H. Haarde fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra.

*Forsætisráðuneytinu, 27. október 2000.*

F. h. r.

**Ólafur Davíðsson.**

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 27. október 2000.*

**Geir H. Haarde.**

*Kristján Andri Stefánsson.*

6. nóvember 2000

Nr. 139

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 6. nóvember 2000.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

13. nóvember 2000

Nr. 140

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 13. nóvember 2000.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

20. nóvember 2000

Nr. 141

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 20. nóvember 2000.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*



## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 33/2000, um veiðieftirlitsgjald.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Eigendur skipa skulu greiða 424 kr. fyrir hvert þorskígildis-tonn úthlutaðs eða landaðs afla, sbr. 3. mgr.
- b. 1. másl. 3. mgr. orðast svo: Þegar um er að ræða tegundir sem úthlutað er til einstakra skipa á grundvelli hlutdeilda skal gjaldið miðast við hlutdeildir viðkomandi skips í þeim tegundum og úthlutað heildaraflamark þegar gjaldið er lagt á, en miðist úthlutun ekki við hlutdeild skal miða gjaldið við úthlutað aflamagn.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað tölunnar „14.200“ í 3. mgr. kemur: 16.500.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Sama gildir sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í fiskiskipi á kostnað útgerðar samkvæmt sérstakri heimild í lögum.
- c. Í stað tölunnar „15.000“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: 19.500.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 30. nóvember 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Árni M. Mathiesen.*

Nr. 143

30. nóvember 2000

## LÖG

### um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:  
Sveitarstjórn er heimilt að heimta vatnsgjald af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið ásamt öðrum tekjum standi straum af stofn-kostnaði og rekstri vatnsveitu. Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

- b. Í stað orðanna „hver verður líklegur álagningarstofn“ í 2. mgr. kemur: hvert verður líklegt fasteignamat.
- c. Í stað orðanna „0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni“ í 4. mgr. kemur: 0,5 hundraðshlutum af fasteignamati.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

*Gjört á Bessastöðum, 30. nóvember 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Guðni Ágústsson.*

## LÖG

### **um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári, sbr. þó 5. gr.

Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á a-lið 3. mgr. 3. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „erfðafestulönd“ kemur: í dreifbýli.
- b. Orðin „sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar“ falla brott.
- c. Á eftir orðunum „sem tengd eru landbúnaði“ kemur: öll hlunnindi.

3. gr.

B-liður 3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Allt að 1,32% af álagningarstofni:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

4. gr.

Við 8. gr. laganna bætist nýr staflíður er orðast svo: Framlag úr ríkissjóði er nemi 0,64% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Skal því varið til að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja. Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

## 5. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þar sem svo háttar til að hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum í dreifbýli, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 81/1991, um vatnsveitur sveitarfélaga, með síðari breytingum, er heimilt að greiða framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar við vatnsveitu á vegum eigenda einstakra lögbýla. Heildarfjárhæð framlaga úr sjóðnum til framkvæmda á hverju ári skal ekki fara umfram 25 millj. kr. Stjórn Bændasamtaka Íslands gerir í lok hvers árs tillögur til félagsmálaráðuneytisins um framlög vegna einstakra framkvæmda á því ári á grundvelli reglugerðar sem ráðherra setur og annast greiðslur til framkvæmdaraðila.

## 6. gr.

Í stað „12,04%“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: 13,03%.

## 7. gr.

Við lögina bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (V.)

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. skal hámark útsvars skv. 1. mgr. 23. gr. tekjuárið 2001 vera 12,70%.

a. (VI.)

Þrátt fyrir lokamálslið 3. mgr. 13. gr. skal stjórn Bændasamtaka Íslands skila tillögum um framlög vegna framkvæmda á árunum 1999 og 2000 eigi síðar en 15. mars 2001.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 30. nóvember 2000.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Guðni Ágústsson.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 16 – 2000

15. desember 2000

383

Nr. 145

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 2000.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### A-hluti Rekstraryfirlit ríkissjóðs

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 2000, sbr. sundurliðun 1 og 2:

m.kr.	Rekstrar- grunnur	Sjóðs- hreyfingar
<b>Skatttekjur</b> .....	<b>16.325,1</b>	<b>15.945,1</b>
Skattar á tekjur og hagnað .....	7.380,0	7.143,0
Tryggingagjöld.....	942,0	1.013,0
Eignarskattar .....	437,0	433,0
Skattar á vörur og þjónustu.....	7.488,1	7.278,1
Aðrir skattar .....	78,0	78,0
Aðrar rekstrartekjur.....	1.468,9	1.173,9
Sala eigna.....	-3.400,0	-3.400,0
Fjármagnstílfærslur .....	-50,0	-50,0
<b>Tekjur samtals</b> .....	<b>14.344,0</b>	<b>13.669,0</b>
Æðsta stjórn ríkisins.....	130,0	130,0
Forsætisráðuneyti .....	142,2	142,2
Menntamálaráðuneyti.....	483,7	483,7
Utanríkisráðuneyti.....	1.199,3	1.199,3
Landbúnaðarráðuneyti .....	200,6	200,6
Sjávarútvegsráðuneyti.....	-68,0	-68,0
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti .....	270,0	270,0
Félagsmálaráðuneyti .....	433,9	425,9
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti .....	2.220,6	2.220,6
Fjármálaráðuneyti .....	878,0	878,0
Samgönguráðuneyti .....	700,2	878,2
Iðnaðarráðuneyti .....	192,0	192,0
Viðskiptaráðuneyti .....	36,2	50,5
Hagstofa Íslands.....	35,0	35,0
Umhverfisráðuneyti .....	187,0	187,0
Vaxtagjöld ríkissjóðs.....	1.200,0	6.820,0
<b>Gjöld samtals</b> .....	<b>8.240,7</b>	<b>14.045,0</b>
<b>Tekjujöfnuður</b> .....	<b>6.103,3</b>	

## A-hluti Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. fjárlaga fyrir árið 2000:

m.kr.

### ***Rekstrarhreyfingar***

Tekjujöfnuður.....	6.103,3
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi .....	-2.560,0
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting) .....	-65,0
Viðskiptaskuldir, (breyting).....	-454,3
<b>Handbært fé frá rekstri .....</b>	<b>3.024,0</b>

### ***Fjármunahreyfingar***

Veitt stutt lán.....	4.907,0
Veitt löng lán.....	887,0
Afborganir veittra lána.....	340,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög.....	50,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta.....	-5.934,0
<b>Fjármunahreyfingar samtals .....</b>	<b>250,0</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður .....</b>	<b>3.274,0</b>

### ***Fjármögnun***

Tekin stutt lán.....	-3.900,0
Tekin löng lán .....	24.400,0
Afborganir lána .....	-7.900,0
<b>Fjármögnun samtals .....</b>	<b>12.600,0</b>
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins .....	-7.000,0
<b>Breyting á handbæru fé.....</b>	<b>8.874,0</b>

Ýmis ákvæði  
**Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir**

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2000:

1. Í stað orðanna „allt að 5.000 m.kr.“ í 1. tölul. kemur: allt að 25.500 m.kr.
2. Á 2. tölul. verða eftirtaldar breytingar:
  - a. Í stað orðanna „allt að 6.015 m.kr.“ í inngangsmálslið kemur: allt að 5.128 m.kr.
  - b. Liður 2.2 fellur niður.
3. Á 3. tölul. verða eftirtaldar breytingar:
  - a. Í stað orðanna „allt að 11.800 m.kr.“ í lið 3.1 kemur: allt að 13.200 m.kr.
  - b. Í stað orðanna „allt að 29.264 m.kr.“ í lið 3.2 kemur: allt að 28.564 m.kr.
  - c. Í stað orðanna „allt að 1.461 m.kr.“ í lið 3.3 kemur: allt að 1.037 m.kr.
  - d. Í stað orðanna „allt að 2.373 m.kr.“ í lið 3.5 kemur: allt að 2.797 m.kr.
  - e. Í stað orðanna „allt að 1.800 m.kr.“ í lið 3.7 kemur: allt að 2.300 m.kr.
  - f. Við 3. tölul. bætist nýr liður, svohljóðandi:  
3.9 Rafmagnsveitum ríkisins, allt að 550 m.kr., sbr. 62. gr. Orkulaga nr. 58/1967 með áorðnum breytingum.

Ýmis ákvæði  
**Heimildir**

4. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2000:

**Breyting á heimildum:**

Liður 8.12 í lögnum orðast svo: Að greiða Varasjóði viðbótarlána framlag til innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu.

**Nýir liðir:**

- 1.8 Að fella niður eða endurgreiða toll og tengd gjöld af farþegaferjunni Lagarflijóts-orminum.
- 2.44 Að selja fasteignina að Aragötu 3 í Reykjavík og verja andvirðinu í þágu Háskóla-bókasafns í samræmi við erfðaskrá dr. Jóns Steffensens.
- 3.25 Að selja hlut ríkissjóðs í Laugardalshöllinni.
- 3.26 Að selja 15% af eignarhlut ríkissjóðs í sundlaug Grensásdeildar.
- 4.31 Að selja jörðina Hól, Hjaltastaðapinghá, Suður-Múlasýslu.
- 4.32 Að selja jörðina Hólshjáleigu, Hjaltastaðapinghá, Suður-Múlasýslu.
- 4.33 Að selja jörðina Ormsstaði í Eiðapinghá, Suður-Múlasýslu.
- 4.34 Að selja jörðina Gröf í Eiðapinghá, Suður-Múlasýslu.
- 4.35 Að selja jörðina Þuríðarstaði í Eyvindarárdal, Suður-Múlasýslu.
- 4.36 Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Straumi í Hafnarfirði.
- 4.37 Að selja eignarhluta Skógræktar ríkisins í jörðinni Hvítstöðum, Álftaneshreppi, Mýrasýslu.
- 7.38 Að kaupa húsnæði fyrir Vinnueftirlit ríkisins á Akranesi.
- 7.39 Að kaupa húsnæði fyrir Svæðisvinnumiðlun Vesturlands á Akranesi.
- 8.18 Að taka við fasteigninni Bygggöörðum 7 á Seltjarnarnesi að gjöf frá Læknafélagi Íslands vegna Nesstofusafns.
- 8.19 Að greiða 700 m.kr. aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um úthlutunina í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

m.kr.		Rekstrar- grunnur	Greiðslu- grunnur
-------	--	----------------------	----------------------

Sundurliðun 1  
**Tekjur A-hluta**

**I Skatttekjur**

**1 Skattar á tekjur og hagnað**

1.1.1.1	Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla . . . . .	5.091,0	4.887,0
1.1.1.5	Sérstakur tekjuskattur . . . . .	526,0	510,0
1.1.5.1	Skattur á fjármagnstekjur . . . . .	1.530,0	1.530,0
	<b>Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga . . . . .</b>	<b>7.147,0</b>	<b>6.927,0</b>
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar . . . . .	598,0	581,0
1.10.2	Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði . . . . .	-380,0	-380,0
1.10.5	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra . . . . .	15,0	15,0
	<b>Skattar á tekjur og hagnað, ót. annars staðar . . . . .</b>	<b>-365,0</b>	<b>-365,0</b>
	<b>Skattar á tekjur og hagnað . . . . .</b>	<b>7.380,0</b>	<b>7.143,0</b>

**2 Tryggingagjöld**

2.2	Tryggingagjöld, lögaðilar . . . . .	33,0	33,0
2.2.1.1	Tryggingagjald, almennt . . . . .	1.459,0	1.530,0
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald . . . . .	-550,0	-550,0
	<b>Tryggingagjöld, lögaðilar . . . . .</b>	<b>942,0</b>	<b>1.013,0</b>
	<b>Tryggingagjöld . . . . .</b>	<b>942,0</b>	<b>1.013,0</b>

**3 Skattar á launagreiðslur**

3.2	Ábyrgðargjald vegna launa . . . . .	7,0	7,0
-----	-------------------------------------	-----	-----

**4 Eignarskattar**

4.2.1.1	Eignarskattar, einstaklingar . . . . .	434,0	428,0
4.2.2.1	Eignarskattar, lögaðilar . . . . .	11,0	14,0
	<b>Skattar á hreina eign . . . . .</b>	<b>445,0</b>	<b>442,0</b>



m.kr.		Rekstrar- grunnur	Greiðslu- grunnur
4.3	Erfðafjárskattar, skattar á gjafafé . . . . .	209,0	209,0
4.4.1	Stimpilgjöld . . . . .	-127,0	-128,0
4.5.2.5	Sértækir eignarskattar á aðrar eignir . . . . .	-90,0	-90,0
	<b>Eignarskattar . . . . .</b>	<b>437,0</b>	<b>433,0</b>
<b>5</b>	<b>Skattar á vörur og þjónustu</b>		
5.1.1.1	Virðisaukaskattur . . . . .	7.981,0	7.699,0
5.1.2.1.1	Vörugjald, almennt, af innfluttum vörum . . . . .	-302,0	-248,0
5.1.2.1.5	Vörugjald, almennt, af innlendri framleiðslu . . . . .	-174,0	-183,0
5.1.2.1.15	Vörugjald af innfluttum ökutækjum . . . . .	-424,0	-406,0
5.1.2.1.25	Vörugjald af bensíni . . . . .	-98,0	-98,0
5.1.2.1.30	Sérstakt vörugjald af bensíni . . . . .	222,0	222,0
5.1.2.1.50	Áfengisgjald . . . . .	107,0	103,0
5.1.2.5	Hagnaður af einkasölu . . . . .	-212,0	-212,0
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld . . . . .	-176,0	-165,0
5.1.2.20	Sértækir þjónustuskattar . . . . .	67,0	67,0
	<b>Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu . . . . .</b>	<b>6.991,0</b>	<b>6.779,0</b>
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld . . . . .	-92,0	-90,0
5.2.1.5.5	Þungaskattur . . . . .	576,0	576,0
5.2.2.10	Ýmis leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi . . . . .	4,8	4,8
5.2.2.30	Ýmis eftirlitsgjöld . . . . .	8,3	8,3
	<b>Neyslu- og leyfisgjöld . . . . .</b>	<b>497,1</b>	<b>499,1</b>
	<b>Skattar á vörur og þjónustu . . . . .</b>	<b>7.488,1</b>	<b>7.278,1</b>
<b>6</b>	<b>Aðrir skattar</b>		
6.1	Aðrir skattar á atvinnurekstur . . . . .	9,0	9,0
6.1.20	Framleiðslugjald af áli . . . . .	62,0	62,0
	<b>Aðrir skattar á atvinnurekstur . . . . .</b>	<b>71,0</b>	<b>71,0</b>
	<b>Aðrir skattar . . . . .</b>	<b>71,0</b>	<b>71,0</b>
	<b>Skatttekjur, samtals . . . . .</b>	<b>16.325,1</b>	<b>15.945,1</b>

m.kr.		Rekstrar- grunnur	Greiðslu- grunnur
<b>II</b>	<b>Aðrar rekstrartekjur</b>		
<b>8</b>	<b>Arðgreiðslur og leigutekjur</b>		
8.2.1	Arðgreiðslur frá fjármálastofnunum . . . . .	-183,0	-183,0
8.2.2	Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum . . . . .	-410,0	-410,0
	<b>Arðgreiðslur frá öðrum opinberum aðilum . . . . .</b>	<b>-593,0</b>	<b>-593,0</b>
8.3.1	Vaxtatekjur af skatttekjum . . . . .	470,0	175,0
8.3.6	Vaxtatekjur af endurlánum ríkissjóðs. . . . .	1.140,0	1.140,0
8.3.7	Aðrar vaxtatekjur . . . . .	445,0	445,0
	<b>Aðrar eignatekjur . . . . .</b>	<b>2.055,0</b>	<b>1.760,0</b>
	<b>Arðgreiðslur og leigutekjur . . . . .</b>	<b>1.462,0</b>	<b>1.167,0</b>
<b>9</b>	<b>Ýmsar tekjur</b>		
9.1.3.30	Skoðunar-, mælinga- og eftirlitsgjöld . . . . .	6,9	6,9
	<b>Aðrar rekstrartekjur, samtals . . . . .</b>	<b>1.468,9</b>	<b>1.173,9</b>
<b>III</b>	<b>Sala eigna</b>		
<b>13</b>	<b>Sala varanlegra rekstrarfjármuna, þ.m.t. söluhagnaður</b>		
13.2	Söluhagnaður hlutabréfa . . . . .	-3.400,0	-3.400,0
	<b>Sala eigna, samtals . . . . .</b>	<b>-3.400,0</b>	<b>-3.400,0</b>
<b>IV</b>	<b>Fjármagnstilfærslur</b>		
<b>16</b>	<b>Fjármagnstilfærslur frá öðrum en opinberum aðilum</b>		
16.1.1.10	Endurgreiddur kostnaður við virkjanarannsóknir . . . . .	-50,0	-50,0
	<b>Fjármagnstilfærslur, samtals . . . . .</b>	<b>-50,0</b>	<b>-50,0</b>
	<b>Heildartekjur samtals</b>	<b>14.344,0</b>	<b>13.669,0</b>

00 Æðsta stjórn ríkisins

m.kr.

## Sundurliðun 2

**Fjármál ríkisaðila í A-hluta****00 Æðsta stjórn ríkisins****00-101 Embætti forseta Íslands**

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn ..... 3,4

1.81 Opinberar heimsóknir ..... 11,6

Almennur rekstur samtals ..... 15,0

**Gjöld samtals ..... 15,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 15,0

**00-201 Alþingi**

Almennur rekstur:

1.01 Alþingiskostnaður ..... 13,0

1.04 Alþjóðasamstarf ..... 4,0

1.07 Sérverkefni ..... 13,0

Almennur rekstur samtals ..... 30,0

Stofnkostnaður:

6.21 Fasteignir ..... 83,0

**Gjöld samtals ..... 113,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 113,0

**00-610 Umboðsmaður Alþingis**

Stofnkostnaður:

6.01 Tæki og búnaður ..... 2,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 2,0

01 Forsætisráðuneyti

m.kr.

<b>00</b> <b>Æðsta stjórn ríkisins, gjöld umfram tekjur</b> .....	<b>130,0</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði</b> .....	<b>130,0</b>
<b>Innheimt af ríkistekjum</b> .....	<b>0,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar</b> .....	<b>0,0</b>

01 Forsætisráðuneyti

m.kr.

**01 Forsætisráðuneyti****01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn ..... 12,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 12,0

**01-190 Ýmis verkefni**

Almennur rekstur:

1.14 Ritun sögu Stjórnarráðsins ..... 3,9

1.23 Hrafnsýri ..... 6,0

1.52 Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku ..... 19,2

1.53 Landafundanefnd ..... 16,9

1.55 Íslenskt bókasafn við háskólann í Manitoba, Kanada ..... 10,0

1.90 Ýmis verkefni ..... 22,2

Almennur rekstur samtals ..... 78,2

Stofnkostnaður:

6.53 Stafkirkja í Vestmannaeyjum ..... 3,0

**Gjöld samtals ..... 81,2**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 81,2

**01-251 Safnahús**

Almennur rekstur:

1.01 Safnahús ..... 12,0

Stofnkostnaður:

6.01 Tæki og búnaður ..... 37,0

**Gjöld samtals ..... 49,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 49,0

02 Menntamálaráðuneyti

m.kr.

<b>01 Forsætisráðuneyti, gjöld umfram tekjur</b> .....	<b>142,2</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði</b> .....	<b>142,2</b>
<b>Innheimt af ríkistekjum</b> .....	<b>0,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar</b> .....	<b>0,0</b>

**02 Menntamálaráðuneyti****02-201 Háskóli Íslands**

Almennur rekstur:	
1.01 Kennsla .....	90,0
1.02 Rannsóknir og önnur verkefni .....	4,9
Almennur rekstur samtals .....	94,9
<b>Gjöld samtals</b> .....	<b>94,9</b>
Sértekjur:	
Sértekjur .....	-4,9
<b>Gjöld umfram tekjur</b> .....	<b>90,0</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	90,0

**02-211 Tækniskóli Íslands**

Almennur rekstur:	
1.01 Tækniskóli Íslands .....	10,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	10,0

**02-319 Framhaldsskólar, almennt**

Almennur rekstur:	
1.14 Sérkennsla .....	21,0
1.90 Framhaldsskólar, óskipt .....	30,5
Almennur rekstur samtals .....	51,5
<b>Gjöld samtals</b> .....	<b>51,5</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	51,5

**02-451 Símenntun og fjarvinnsluverkefni**

Almennur rekstur:	
1.11 Símenntun og fjarvinnsluverkefni .....	6,0

## 02 Menntamálaráðuneyti

m.kr.

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 6,0

**02-562 Leiklistarskóli Íslands**

Almennur rekstur:

1.01 Kennsla í dagskóla ..... 14,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 14,0

**02-902 Þjóðminjasafn Íslands**

Almennur rekstur:

1.01 Þjóðminjasafn Íslands ..... 69,0

1.10 Byggða- og minjasöfn ..... 0,6

Almennur rekstur samtals ..... 69,6

**Gjöld samtals ..... 69,6**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 69,6

**02-969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður**

Stofnkostnaður:

6.21 Endurbótasjóður menningarstofnana ..... 63,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 63,0

**02-973 Þjóðleikhús**

Almennur rekstur:

1.01 Þjóðleikhús ..... 66,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 66,0

**02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Almennur rekstur:

1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands ..... 11,7



## 02 Menntamálaráðuneyti

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	11,7
<b>02-982 Listir, framlög</b>	
Almennur rekstur:	
1.90 Listir .....	15,0
Stofnkostnaður:	
6.21 Ýmir, tónlistarhús Karla-kórs Reykjavíkur .....	20,0
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>35,0</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	35,0
<b>02-985 Alþjóðleg samskipti</b>	
Almennur rekstur:	
1.91 Aðildargjöld ESB .....	10,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	10,2
<b>02-989 Ýmis íþróttamál</b>	
Almennur rekstur:	
1.90 Ýmis íþróttamál .....	12,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	12,0
<b>02-995 Tungutækni</b>	
Almennur rekstur:	
1.01 Verkefnisstjórn .....	40,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	40,0

## 02 Menntamálaráðuneyti

m.kr.

**02-999 Ýmislegt**

Almennur rekstur:

1.43 Skriðuklaustur ..... 4,7

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 4,7

**02 Menntamálaráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... 483,7****Greitt úr ríkissjóði ..... 483,7****Innheimt af ríkistekjum ..... 0,0****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

03 Utanríkisráðuneyti

m.kr.

**03 Utanríkisráðuneyti****03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa**

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn .....	35,0
1.53 Þýðingamiðstöð .....	15,0
Almennur rekstur samtals .....	50,0
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>50,0</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	50,0

**03-190 Ýmis verkefni**

Almennur rekstur:	
1.14 Heimssýning í Hannover .....	38,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	38,0

**03-320 Sendiráð, almennt**

Almennur rekstur:	
1.01 Ýmis sameiginleg útgjöld sendiráða og fastanefnda .....	77,3
Stofnkostnaður:	
6.21 Sendiráð Íslands í Berlín .....	23,0
6.26 Sendiráð Íslands í Ottawa .....	110,0
6.27 Sendiráð Íslands í Tókíó .....	800,0
6.90 Tæki og búnaður .....	48,0
Stofnkostnaður samtals .....	981,0
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>1.058,3</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	1.058,3

**03-401 Alþjóðastofnanir**

Almennur rekstur:	
1.18 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, lánveitingar til fátækra ríkja (ESAF) .....	20,0

## 03 Utanríkisráðuneyti

m.kr.

1.85 Friðargæsla .....	-43,0
1.91 Átak í lækkun skulda þróunarríkja .....	67,0
Almennur rekstur samtals .....	44,0
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>44,0</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	44,0

**03-611 Útflutningsráð Íslands**

Almennur rekstur:	
1.10 Útflutningsráð Íslands .....	9,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	9,0

<b>03 Utanríkisráðuneyti, gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>1.199,3</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði .....</b>	<b>1.199,3</b>
<b>Innheimt af ríkistekjum .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

04 Landbúnaðarráðuneyti

m.kr.

**04 Landbúnaðarráðuneyti****04-190 Ýmis verkefni**

Almennur rekstur:

1.31 Skógræktarfélag Íslands .....	7,2
1.90 Ýmis verkefni .....	23,8
Almennur rekstur samtals .....	31,0

**Gjöld samtals .....** **31,0**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði .....	31,0
----------------------------	------

**04-233 Yfirdýralæknir**

Stofnkostnaður:

6.21 Fasteignir .....	5,5
-----------------------	-----

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði .....	5,5
----------------------------	-----

**04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði**

Almennur rekstur:

1.01 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri í Borgarfirði .....	20,0
---	------

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði .....	20,0
----------------------------	------

**04-343 Landshlutabundin skógrækt**

Almennur rekstur:

1.10 Suðurlandsskógar .....	5,7
-----------------------------	-----

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði .....	5,7
----------------------------	-----

**04-801 Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu**

Almennur rekstur:

1.01 Beinar greiðslur til bænda .....	84,0
---------------------------------------	------

## 04 Landbúnaðarráðuneyti

m.kr.

1.02 Lífeyrissjóður bænda .....	3,4
Almennur rekstur samtals .....	87,4
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>87,4</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	87,4

**04-891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði**

Almennur rekstur:	
1.91 Loðdýrafóður .....	45,0
Stofnkostnaður:	
6.91 Ýmis stofnkostnaður .....	6,0
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>51,0</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	51,0

<b>04 Landbúnaðarráðuneyti, gjöld umfram tekjur .....</b>	<b>200,6</b>
<b>Greitt úr ríkissjóði .....</b>	<b>200,6</b>
<b>Innheimt af ríkistekjum .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

05 Sjávarútvegsráðuneyti

m.kr.

**05 Sjávarútvegsráðuneyti****05-202 Hafrannsóknastofnunin**

Almennur rekstur:

1.30 Rannsóknaskip ..... 7,7

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 7,7

**05-204 Fiskistofa**

Almennur rekstur:

1.01 Fiskistofa ..... 8,3

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 8,3

**05-811 Þróunarsjóður sjávarútvegsins**

Stofnkostnaður:

6.41 Þróunarsjóður sjávarútvegsins ..... -90,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -90,0

**05-901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna**

Almennur rekstur:

1.30 Keldnaholt ..... 6,0

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 6,0

**05 Sjávarútvegsráðuneyti, gjöld umfram tekjur ..... -68,0****Greitt úr ríkissjóði ..... -68,0****Innheimt af ríkistekjum ..... 0,0****Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

m.kr.

**06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti****06-101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa**

Almennur rekstur:	
1.01 Yfirstjórn .....	2,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	2,6

**06-190 Ýmis verkefni**

Almennur rekstur:	
1.10 Fastanefndir .....	2,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	2,8

**06-231 Málskostnaður í opinberum málum**

Almennur rekstur:	
1.10 Málskostnaður í opinberum málum .....	40,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	40,0

**06-232 Opinber réttaraðstoð**

Almennur rekstur:	
1.10 Opinber réttaraðstoð .....	64,0
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	64,0

**06-251 Persónuvernd**

Almennur rekstur:	
1.01 Persónuvernd .....	22,6
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður .....	12,0
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>34,6</b>



## 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

m.kr.

Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	34,6

**06-291 Húsnæði og búnaður dómstóla**

Stofnkostnaður:	
6.01 Húsnæði Hæstaréttar .....	3,8
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	3,8

**06-303 Ríkislögreglustjóri**

Almennur rekstur:	
1.01 Ríkislögreglustjóri .....	14,0
Stofnkostnaður:	
6.01 Tæki og búnaður .....	7,0
6.11 Bifreiðar .....	3,5
Stofnkostnaður samtals .....	10,5
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>24,5</b>
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	24,5

**06-311 Lögreglustjórinn í Reykjavík**

Almennur rekstur:	
1.01 Lögreglustjórinn í Reykjavík .....	16,6
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	16,6

**06-390 Ýmis löggæslumál**

Almennur rekstur:	
1.10 Ýmis löggæslukostnaður .....	3,2
Fjármögnun:	
Greitt úr ríkissjóði .....	3,2

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

m.kr.

**06-412 Sýslumaðurinn á Akranesi**

Almennur rekstur:

1.20 Löggæsla ..... 4,5

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... 4,5

**06-427 Sýslumaðurinn í Neskaupstað**

Almennur rekstur:

1.01 Yfirstjórn ..... -18,9

1.20 Löggæsla ..... -15,6

Almennur rekstur samtals ..... -34,5

**Gjöld samtals ..... -34,5**

Sértekjur:

Sértekjur ..... 0,1

**Gjöld umfram tekjur ..... -34,4**

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði ..... -34,4

**06-428 Sýslumaðurinn á Eskifirði**

Almennur rekstur:

